# FRÉTTABLAÐIÐ

211. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 11. SEPTEMBER 2019


# Vilja minnka markaðshluta Ríkisútvarps

**Rúm 59 prósent þeirra sem taka afstöðu í nýrri könnun vilja draga úr umsvifum eða að RÚV hverfi af auglýsingamarkaði. Kjósendur Samfylkingarinnar og Vinstri grænna vilja helst óbreytt ástand.**

**FJÖLMIÐLAR** Meira en helmingur þeirra sem tóku afstöðu í nýrri könnun vill að RÚV hverfi alfarið af eða dragi úr umsvifum sínum á auglýsingamarkaði. Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið og frettabladid.is.

Tæpur fjórðungur svarenda tók ekki afstöðu. Af þeim sem tóku afstöðu til spurningarinnar telja 34,4 prósent að draga eigi úr umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði, 18,6 prósent telja að RÚV eigi að hverfa alfarið af auglýsingamarkaði, samanlagt gera það 59 prósent. Þá vilja 41 prósent að umsvifin eigi að vera óbreytt.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá á mánudaginn stefnir Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra á að taka RÚV af auglýsingamarkaði. Þær fyrirætlanir hafa ekki verið kynntar ríkisstjórninni formlega og telur Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra að bæta þurfi tekjurnar upp með hækkuðu útvarpsgjaldi.

Yngra fólk er almennt hlynntara minni umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði en þeir sem eldri eru. Kjósendur Flokks fólksins, Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins vilja helst að RÚV dragi úr umsvifum sínum eða hverfi alfarið af auglýsingamarkaði. Meirihluti stuðningsmanna Framsóknarflokksins, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna vill hins vegar óbreytt ástand.

Tölunum svipar nokkuð til niðurstaðna könnunar MMR frá árinu 2008. Þá sögðust 51,5 prósent vera hlynnt að RÚV hyrfi af auglýsingamarkaði. Athygli vekur að þá voru það síst kjósendur Sjálfstæðisflokksins sem vildu RÚV af auglýsingamarkaði á sama tíma og meirihluti kjósenda Vinstri grænna og Samfylkingarinnar vildi það helst.

Könnunin var framkvæmd 5. til 9. september síðastliðinn og var send á 2.100 einstaklinga í könnunarhóp Zenter rannsókna. Svarhlutfallið var 52 prósent en gögnin voru vigtuð eftir kyni, aldri og búsetu. – ab

**Könnun Fréttablaðsins**




- Umsvif RÚV á auglýsingamarkaðir eiga að vera óbreytt
- Draga á úr umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði
- RÚV á að hverfa alfarið af auglýsingamarkaði

**59%**

**vilja draga úr umsvifum eða að RÚV hverfi alfarið af auglýsingamarkaði.**



Íslenska landsliðið í knattspyrnu tapaði í gærkvöldi fyrir Albönum með fjórum mörkum gegn tveimur. Frakkar og Tyrkir, helstu keppninautarnir í riðlinum í undankeppni EM, unnu sína leiki og verður róðurinn því þungur við að komast á þriðja stórmótið í röð. Næsti leikur er gegn Frökkum í október. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Gæti þurft 5 milljarða króna innspýtingu

**VIÐSKIPTI** Hluthafar kísilversins á Bakka við Húsavík, þýska fyrirtækið PCC SE og íslenskir lífeyrissjóðir, skoða nú leiðir til að leggja fyrirtækinu til aukið fjármagn á næstu vikum svo tryggja megi rekstrargrundvöll þess. Samkvæmt heimildum gera áætlanir ráð fyrir því að kísilverið þurfi mögulega á innspýtingu að fjárhæð um fimm milljarða króna að halda.

Miklar tafir og erfiðar aðstæður á hávörumörkuðum, þar sem kísilverð hefur farið lækkandi, hafa einkennt starfsemi kísilversins.

Á síðustu vikum hafa stjórnir lífeyrissjóðanna fengið kynningu á stöðu mála og hvaða leiðir séu færar til að bæta fjárhagsstöðu kísilversins. – hae / sjá Markaðinn

## Vandinn liggur ekki í krónunni

**VIÐSKIPTI** Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka, segir of mikið einblínt á krónuna sem orsök hárra vaxta. Vandamálið liggi frekar í því hvernig stjórnvöld hafa stillt upp starfsumhverfi bankanna.



**Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka.**

„Spurningin er hvort við viljum að okkar atvinnulíf búi við viðvarandi hærra vaxtastig en erlendir keppinautar, sem tengist ekki gjaldmiðlinum, heldur því að við erum búin að innleiða mun hærri eiginfjárkröfur en önnur Evrópuríki,“ útskýrir hann. – hae / sjá Markaðinn










## Veður




Austanátt, 8-13 m/s og rigning í flestum landshlutum til kvölds. Norðan og norðvestan 5-13. Fer að rigna suðaustanlands um kvöldið. Hiti 6 til 15 stig, mildast SA-til.

SJÁ SÍÐU 14




**Frá Seljanesi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Úrskurður um veginn stendur

**SAMGÖNGUMÁL** Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur með úrskurði staðfest ákvörðun Vegagerðarinnar frá 24. júlí síðastliðnum varðandi eignarrétt, veghald og vegagerð á Ófeigsfjarðarvegi.

Þannig telst Ófeigsfjarðarvegur þjóðvegur eða landsvegur frá Eyri við Ingólfsfjörð að Hvalá í Ófeigsfirði. Vegagerðinni hafi því verið heimilt samkvæmt lögum að framselja veghaldið tímabundið til Vesturverks ehf.

Hluti landeigenda að Seljanesi við Ingólfsfjörð kærði framferði Vegagerðarinnar til ráðuneytisins þar sem þeir töldu sig aldrei hafa heimilað afnot af veginum til annarra nota en grundvöllur framsals vegarins hefði verið.

Vesturverk, sem hyggst reisa Hvalárvirkjun á Ófeigsfjarðarheiði, hefur í sumar unnið að endurbótum á Ófeigsfjarðarvegi en styrkja þarf veginn svo að hann geti tekið við umferð þungra vinnuvéla.

Upplýsingafulltrúi fyrirtækisins staðfesti í fyrradag í samtali við RÚV að framkvæmdum á veginum væri lokið í bili. Þær muni hefjast að nýju næsta vor eins og lagt hafi verið upp með. **– sar**

FRÉTTABLAÐIÐ
Farðu á frettabladid.is

# Gengið til þinghússins




**Þingsetning var í gær en þá hófst 150. löggjafarþingið. Hér sjást Guðni Th. Jóhannesson forseti og Agnes M. Sigurðardóttir biskup leiða þingmenn úr Dómkirkjunni til þinghússins. Stefnuræða forsætisráðherra og umræður verða svo í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS



**Frá afhendingu viðurkenninganna í Höfða í gær.** MYND/REYKJAVÍKURBORG

# Verðlaunuðu hús og lóðir

**REYKJAVÍK** Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar voru afhentar við hátíðlega athöfn í Höfða í gær.

Alls hlutu fimm aðilar viðurkenningar fyrir fallegar lóðir og þá voru veittar viðurkenningar fyrir vandaðar endurbætur á þremur gömlum húsum. Lóðirnar sem um ræðir eru Tryggvagata 12-14, Birkimelur 3, Hádegismóar 1, Starengi 8-20, 20a og 20b og Laugavegur 85. Húsin sem hlutu viðurkenningu eru við Túngötu 18, Laugarásveg 11 og Bókhlöðustíg 2. **– sar**




# Með margra milljóna úr í sparnaðarherferð

**Háskólaneminn Pétur Kiernan er umsjónarmaður sjónvarpsþátta sem Landsbankinn lét framleiða um ungt fólk og sparnað. Hann lýsir sér sem námsmanni með lítið á milli handanna en skartar þó í þáttunum rándýru úri.**

**MARKAÐSMÁL** Í nýliðinni viku birti Landsbankinn fyrstu innslögin í metnaðarfullri herferð sem snýr að sparnaði ungs fólks. Verkefnið ber yfirskriftina „Ungt fólk og peningar“ og er unnið í samstarfi við Útvarp 101. Um er að ræða nokkra þætti þar sem meðal annars er rætt við ungt fólk um þær fórnir sem það þarf að færa til þess að ná að leggja fyrir mánaðarlega. Draumur flestra er að ná að safna fyrir útborgun í íbúð.

Andlit herferðarinnar er áhrifavaldurinn Pétur Kiernan. Hann kynnir sjálfan sig til leiks á heimasíðu Landsbankans með eftirfarandi orðum: „Landsbankinn bað mig að kynna mér hvernig ungt fólk hugsar um peninga og sparnað. Ég er sjálfur 22 ára námsmaður og eins og flestir sem eru enn í skóla eða nýbyrjaðir að vinna þá hef ég takmarkaðar tekjur. Mig langar að spara en mér finnst ekki mjög spennandi að fylla út excel-skjöl með kalda núðlusúpu í fanginu. Ég vil líka geta lifað lífinu.“

Þessi orð eru athyglisverð í ljósi þess að í fyrsta myndbandinu skartar Pétur glæsilegu Audemars Piguet-úri en lauslega áætlað er verðmæti þess um og yfir fjórar milljónir króna. Til samanburðar eru Audemars Piguet-úr talin vera mun betri en Rolex-úrin frægu en á meðan Rolex er fyrir fjöldann þá er Audemars Piguet fyrir þá útvöldu. Það er því talsverð kaldhæðni fólgin í því að áðurnefndur draumur ungmennanna um að safna fyrir útborgun í íbúð situr á hendi þáttastjórnandans.

Í samtali við Fréttablaðið vildi Pétur ekki staðfesta hvort úrið væri




**Pétur Kiernan lifir hátt, ef marka má myndir á Instagram.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Ég er sjálfur 22 ára námsmaður og eins og flestir sem eru enn í skóla eða nýbyrjaðir að vinna þá hef ég takmarkaðar tekjur.**
>
> Pétur Kiernan námsmaður

ekta eða ekki. Sé tekið mið af Instagram-síðu hans, þar sem rúmlega 8.000 manns fylgjast með honum í leik og starfi, má sjá að hann leggur mikið upp úr rándýrri merkjavöru. Hann klæðist fötum frá Louis Vuitton, Dior og Burberry, svo einhver tískuhús séu nefnd.

Fréttablaðið óskaði eftir viðbrögðum frá Landsbankanum um hvort Pétur væri sannfærandi andlit herferðarinnar í ljósi lífsstíls hans sem og hvort lýsing hans á sjálfum sér, sem birtist á heimasíðu bankans, væri ekki markaðslegur blekkingarleikur.

Í skriflegu svari frá Rúnari Pálmasyni, upplýsingafulltrúa Landsbankans, kemur fram að myndbandið hafi verið unnið í samstarfi við auglýsingastofu Landsbankans. „Pétur Kiernan, þáttagerðarmaður á Útvarpi 101, var ráðinn sem spyrill til að taka viðtölin þar sem hann hefur reynslu af svipaðri þáttagerð og er nemandi í fjármálaverkfræði í Háskólanum í Reykjavík. Sparnaðarráðin í umræddri herferð koma frá viðmælendum Péturs og megináherslan er lögð á það sem kemur fram í viðtölunum við þá,“ skrifar Rúnar. **kristinnhaukur@frettabladid.is**



# Þing kemur saman á ný

Alþingi var sett í gær við hátíðlega athöfn. Að venju var athöfn í Dómkirkjunni áður en forseti Íslands setti þingið. Ernir Eyjólfsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist með og tók þessar myndir.












**VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR**

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L


**Trump og Bolton í ágúst síðastliðnum.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Trump búinn að reka Bolton

**BANDARÍKIN** Donald Trump Bandaríkjaforseti tilkynnti á Twitter í gær að hann hefði beðið þjóðaröryggisráðgjafann John Bolton að segja af sér.

„Ég lét John Bolton vita í gærkvöldi [fyrrakvöld] að þjónustu hans væri ekki lengur óskað í Hvíta húsinu. Ég var mjög ósammála mjög mörgum tillögum frá honum, og það á líka við um aðra í ríkisstjórninni,“ skrifaði Trump.

„Því bað ég John að skila inn afsagnarbréfi, sem ég fékk í hendurnar í morgun. Ég þakka John innilega fyrir þjónustuna. Ég mun útnefna nýjan þjóðaröryggisráðgjafa í næstu viku,“ skrifaði forsetinn svo.

Bolton tók við stöðunni af hershöfðingjanum HR McMaster ekki síst vegna herskárra skoðana um samskipti Bandaríkjanna og Íran. Studdi hann meðal annars ákvörðun Trumps um að segja Bandaríkin úr kjarnorkusamningi vesturveldanna við Írani en svo virðist sem hann hafi verið ósammála forsetanum í helstu atriðum um málefni Afganistans og Norður-Kóreu. **– oæg**

## Páfinn flaug með Atlanta

**SAMFÉLAG** Íslenska flugfélagið Air Atlanta flaug í gær með Frans páfa heim til Rómar úr ferðalagi hans til Afríku en í tilkynningu frá flugfélaginu kemur fram að páfinn hafi verið bæði vingjarnlegur og auðmjúkur.

Páfinn hefur undanfarna daga verið í heimsókn í austurhluta Afríku og meðal annars heimsótt Mósambík, Máritaníu og Madagaskar. Hann er nú á heimleið með flugvél íslenska flugfélagsins og var haldin stutt athöfn fyrir brottför á flugvellinum áður hann gekk um borð í vélina, sem er af gerðinni Airbus TF EAB.

Kemur fram forsvarsmönnum flugfélagsins þótti þetta mikill heiður. Páfinn hafi eins og áður segir verið bæði vingjarnlegur og auðmjúkur við brottför. **– oæg**

# Andsvör samflokksmanna á þingi verða bönnuð

**ALÞINGI** Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, tilkynnti við upphaf þings í gær breytingar á stjórnun þingfunda.

Þingmanni úr sama flokki og ræðumaður verður framvegis ekki heimilt að veita andsvar við ræðu. Þá verða andsvör ekki heimiluð við endurteknar fimm mínútna ræður þingmanna. Er þetta gert til að reyna að minnka óhóflega notkun á andsvörum til að lengja umræður í þinginu.

„Þetta er kannski fyrst og fremst gert í þeim tilgangi að færa andsvör aftur til þess sem þeim var ætlað í upphafi, að vera raunverulega andsvör. Vissulega getur það líka stytt umræður en það verkfæri dugar nú skammt því eftir sem áður verða þingsköp óbreytt, það er að þingmenn hafa óendanlega margar fimm mínútna ræður,“ segir Steingrímur.

Áður fyrr átti hver þingmaður tvær ræður við aðra umræðu lagafrumvarpa og voru þær ræður án tímamarka.

Þingsköpum var breytt í núverandi horf til að stemma stigu við löngum ræðum þingmanna.


**Steingrímur J. Sigfússon.**

„Þær breytingar voru nú kannski ekki hugsaðar til að stemma stigu við málþófi heldur aðeins að koma böndum á þessar löngu ræður,“ segir Steingrímur.

Áfram verður unnið að endurskoðun þingskapalaga í samvinnu við alla þingflokka á Alþingi.

„Þessi vinna mun fara fram í vetur og mikilvægt að sátt náist um breytingar á þingsköpum. Það gæti því orðið þannig að ný þingskapalög taki gildi við upphaf nýs kjörtímabils,“ bætir Steingrímur við. **– sa**

# Formannsdagar Jóns á enda

**Þingflokkar stjórnarandstöðunnar hafa ekki náð samkomulagi um hver gegna eigi formennsku í umhverfis- og samgöngunefnd. Nái þeir ekki lendingu fer formennska til Vinstri grænna eftir reiknireglu.**


**Hlé varð á formennsku Bergþórs í umhverfis- og samgöngunefnd eftir Klausturmálið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**STJÓRNMÁL** Enn er ósamið milli þingflokka stjórnarandstöðunnar um formennsku í umhverfis- og samgöngunefnd. Nái þeir ekki samkomulagi munu stjórnarflokkarnir taka við formennsku í nefndinni. Samkvæmt reiknireglu þingsins ætti formennskan að falla VG í skaut og herma heimildir Fréttablaðsins að flokkurinn muni gera tilkall til formennskunnar nái minnihlutinn ekki lendingu.

Formenn þingflokks minnihlutans hafa fundað undanfarna daga vegna óskar þingflokks Miðflokksins um breytingar á nefndaskipan. Krafan er tilkomin af því að þingmönnum flokksins hefur fjölgað um tvo og er flokkurinn nú stærstur flokka í stjórnarandstöðu. Í kjölfar kosninga fékk stjórnarandstaðan formennsku í þremur þingnefndum samkvæmt samkomulagi við stjórnarflokkana. Hafa Píratar gegnt formennsku í velferðarnefnd og Samfylkingin í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd en samkvæmt samkomulagi flokkanna hafa þeir nú skipti á formennsku í þeim nefndum. Miðflokkurinn fór með formennsku í umhverfis- og samgöngunefnd en Bergþór Ólason hefur ekki gegnt formennsku í nefndinni frá því upp úr sauð á fundi nefndarinnar við endurkomu hans til þings eftir leyfi sem hann tók í kjölfar Klausturhneykslisins.

Þingflokkar minnihlutans gátu ekki komið sér saman um hvernig halda skyldi á formennsku í umhverfis- og samgöngunefnd eftir endurkomu Bergþórs og úr varð að varaformaður nefndarinnar, Jón Gunnarsson í Sjálfstæðisflokki, settist í formannsstól tímabundið.

Með vísan til þess að Miðflokkurinn er orðinn stærstur stjórnarandstöðuflokka hefur hann haldið fram rétti sínum til að eiga fyrsta val um formennsku í nefnd og heimildir blaðsins herma að þingflokkurinn hafi sóst eftir formennsku í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

Sú ósk hefur ekki mælst vel fyrir hjá öðrum þingflokkum minnihlutans, enda samkomulag milli Pírata og Samfylkingar um að Píratar taki við formennsku í nefndinni af Samfylkingunni. Hefur Þórhildur Sunna Ævarsdóttir tekið sæti í nefndinni í stað Jóns Þórs Ólafssonar og að óbreyttu tekur hún við formennsku í nefndinni af Helgu Völu Helgadóttur, þingmanni Samfylkingarinnar. Helga Vala tekur hins vegar við formennsku í velferðarnefnd af Halldóru Mogensen.

> **Ólíklegt er að Jón Gunnarsson haldi formennsku í umhverfis- og samgöngunefnd enda á VG réttinn nái minnihlutinn ekki samkomulagi.**

Lendingu um formennsku í umhverfis- og samgöngunefnd hefur enn ekki verið náð og munu formenn þingflokka minnihlutans funda áfram um málið í dag. Flestir sem Fréttablaðið ræddi við segja erfitt að líta fram hjá því að Miðflokkurinn er stærstur stjórnarandstöðuflokka og ólýðræðislegt að synja honum um áhrif í samræmi við þingstyrk sinn. Þá hafa nokkrir þingmenn hreyft því sjónarmiði að fyrst minnihlutinn geti fellt sig við Þórhildi Sunnu á formannsstóli þingnefndar sé erfitt að hafna Bergþóri Ólasyni eða öðrum þingmanni Miðflokksins á formannsstóli á forsendum siðareglna.

Takist minnihlutanum hins vegar ekki að ná saman um málið fellur formennska í nefndinni Vinstri grænum í skaut og mun Jón þá þurfa að víkja fyrir nýjum formanni, líklegast Ara Trausta Guðmundssyni sem er annar varaformaður nefndarinnar. Guðmundi Inga Guðbrandssyni umhverfisráðherra og þingmönnum VG yrði án efa létt við slík skipti enda langt frá því að Jón Gunnarsson og Guðmundur Ingi eigi samleið í málum ráðherrans sem koma til umfjöllunar í nefndinni, svo mjög reyndar að stjórnarslitum hefur verið hótað.

**adalheidur@frettabladid.is**


Tannlækningar í Ungverjalandi
Sparaðu allt að 50-70%!


Hafðu samband:
+ 36 70 942 9573
info@fedaszdental.hu
www.tannlaeknathjonusta.is


# Fyrstu leggir Borgarlínunnar skýrast

**SAMGÖNGUMÁL** Framkvæmdir við Borgarlínuna munu hefjast árið 2021 og liggja nú fyrstu tveir leggirnir fyrir, sem mætast á Lækjartorgi.

Er það annars vegar leiðin Lækjartorg-Ártún. Hún mun liggja upp Hverfisgötuna og Laugaveginn að Suðurlandsbrautinni. Þaðan yfir nýja brú yfir Sæbraut og Geirsnef að endastöð við Krossmýrartorg í nýju Ártúnshverfi.

Hins vegar er það leiðin Lækjartorg-Hamraborg. Gengur hún, líkt og leið 1 hjá Strætó, frá Lækjartorgi að Háskóla Íslands og þaðan í gegnum Vatnsmýrina að fyrirhugaðri brú frá Fossvogi yfir í Kópavoginn að endastöð við Hamraborg.

Áætlað er að þessir tveir fyrstu leggir muni koma til með að kosta 16,2 milljarða króna. Hver vagn mun geta rúmað 150 farþega í einu. **– khg**

**Fyrstu tveir leggir Borgarlínunnar**






Körfuknattleiksgoðsögnin Dennis Rodman mætti á frumsýningu heimildarmyndarinnar Rodman: For Better or Worse, sem fram fór í Los Angeles á mánudaginn. Myndin er hluti af 30 ára afmæli ESPN. NORDICPHOTOS/GETTY



Þessi ungi drengur brosti út að eyrum þegar honum var afhentur bangsi á alþjóðlega bangsadeginum sem haldinn var hátíðlegur á mánudaginn. Drengurinn er sjúklingur á Mount Sinai Kravis barnaspítalanum í New York, en öll börnin sem dvelja á sjúkrahúsinu fengu bangsa. NORDICPHOTOS/GETTY




Vagnar lestarinnar Noah Train í Madríd á Spáni eru skreyttir fögrum myndum eftir hina ýmsu listamenn. Verkum listamannanna er ætlað að vekja athygli á því að fyrir árið 2030 er stefnt að því að 30 prósent allra vöruflutninga á Spáni verði innan lestarkerfisins. Markmiðið er að minnka kolefnisspor og stuðla að vernd dýra í útrýmingarhættu. NORDICPHOTOS/AFP



Kolumbískur Tikuna-frumbyggi stendur á milli þjóðfána Ekvadors og Bólivíu á leiðtogafundi í Leticia-háskólanum í Kólumbíu sem fram fór fyrir helgi. Á fundinum ræddu leiðtogar sex ríkja sem liggja að Amason-regnskóginum um hvernig standa skuli að vernd skógarins þar sem geisað hafa gríðarlegir skógareldar. NORDICPHOTOS/AFP




Um allan heim arka börn glöð í skólann um þessar mundir. Þessi stúlka var spennt fyrir sínum fyrsta skóladegi í Bæjaralandi í gær. NORDICPHOTOS/AFP


SÉRTILBOÐ
HVÍTAR SLÉTTAR
INNIHURÐIR
VERÐ AÐEINS KR.
31.990
RISA
ÚTSALA
35-60
% AFSLÁTTUR
AF LAGERVÖRU
Á PARKETI & FLÍSUM
Birgisson®
Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is



**Jaroslaw Kaczynski er leiðtogi Laga og reglu.** NORDICPHOTOS/AFP

## Stuðningur við hægriflokkinn í nýjum hæðum

**PÓLLAND** Hægriflokkurinn Lög og regla mælist nú 47 prósent í aðdraganda pólsku kosninganna 13. október næstkomandi. Flokkurinn vann stórsigur í Evrópukosningunum í vor og fékk 45,5 prósent. Í síðustu kosningum fékk hann 37,5 prósent og náði þá hreinum meirihluta á þinginu. Virðist því ekkert geta komið í veg fyrir að forsætisráðherrann Mateusz Morawiecki og félagar missi meirihlutann.

**47%**

**prósenta fylgi mælist Lög og regla með í könnunum.**

Miðjuflokkurinn bætir við sig í könnunum og er nú með 27 prósent, en hann fékk tæplega 32 prósent í síðustu kosningum. Vinstri flokkurinn er á svipuðu róli með um 13 prósent og aðrir langtum minna.

Lög og regla er mjög íhaldssamur flokkur og hefur til dæmis barist gegn umbótum í málefnum innflytjenda og hinsegin fólks. Íhaldssöm, þjóðernissinnuð og trúarleg gildi hafa verið ofan á síðan flokkurinn komst til valda árið 2015. Þá hefur samband stjórnvalda við Evrópusambandið verið krefjandi. **- khg**



**Frá gleðigöngu í Parísarborg.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Vilja setja bann við meðferð með bælingu

**FRAKKLAND** Á franska þinginu er unnið að löggjöf sem mun banna svokallaðar bælingarmeðferðir, að viðurlagðri fangelsisvist og sekt. En það eru meðferðir þar sem reynt er að snúa hinsegin fólki til gagnkynhneigðar, oft á trúarlegum grunni. Gert er ráð fyrir að lögin gangi í gegnum þingið og verði samþykkt á fyrri hluta árs 2020.

Bælingarmeðferðir eru algengar í Bandaríkjunum. Þær hafa oft haft skelfilegar afleiðingar og leitt til sjálfsvíga. Á undanförnum árum hafa stofnanir sem bjóða upp á slíkar meðferðir verið að festa rætur annars staðar, til dæmis í Frakklandi.

Meðferðirnar eru bannaðar í mörgum fylkjum Bandaríkjanna og Suður-Ameríku. Eina Evrópuríkið sem hefur bannað þær með löggjöf er Malta en sambærileg löggjöf er til skoðunar í Þýskalandi. **– khg**

## Indlandsforseti á Bessastöðum



Opinber heimsókn Ram Nath Kovind, forseta Indlands, og eiginkonu hans, Savita Kovind, hófst í gær. Heimsóttu þau meðal annars Bessastaði þar sem þessi börn tóku á móti þeim með íslenska og indverska fána. Þar að auki hélt forsetinn fyrirlestur í Háskóla Íslands. Þar lagði hann áherslu á mikilvægi umhverfismála og aðgerða til að sporna við loftslagsbreytingum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Unglingar bregðast öðruvísi við missi en fullorðnir gera

**Unglingar bregðast öðruvísi við missi en börn og fullorðnir samkvæmt nýrri rannsókn Heiðar Óskar Þorgeirsdóttur, sem stundar nú framhaldsnám við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Kveikjan að rannsókninni var eigin reynsla Heiðar af móðurmissi og að sjá hvernig yngsti bróðir hennar brást við.**

**SAMFÉLAG** Sumarið 2014 missti Heiður Ósk Þorgeirsdóttir, þá 25 ára, móður sína eftir stutta baráttu hennar við krabbamein. Yngsti bróðir hennar, sem var 14 ára, brást við missinum með þögn. Hann grét ekki og vildi ekki tala um fráfallið.

„Ég sat með pabba og við reyndum að finna leiðir til að hjálpa honum að takast á við þetta. Við vissum ekkert hvernig við ættum að bera okkur að. Hann hefur alltaf verið hlédrægur en þarna lokaðist hann alveg og okkur fannst hann ekki átta sig á þessu. Seinna komumst við að því að hann hefði grátið og tjáð sig við þáverandi kærustu sína, en hann sýndi okkur það aldrei,“ segir Heiður. Þetta varð svo kveikjan að rannsókn hennar á sorgarferli unglinga við menntavísindasvið Háskóla Íslands. „Mig langaði til að skilja hans ferli, hvernig ég gæti verið betur til staðar og jafnframt að skilja mitt eigið sorgarferli.“

Í rannsóknarvinnunni komst Heiður að því að tiltölulega lítið hefur verið skrifað um sorgarferli unglinga, sem er þó töluvert frábrugðið barna og fullorðinna. Heiður segir að unglingar velti dauðanum meira fyrir sér en aðrir.

„Unglingar velta fyrir sér þessum stóru spurningum. Hver er ég? Hvað er dauðinn? Og hver er ástæðan fyrir honum? Börn hafa ekki skilning á dauðanum og fullorðnir vita að hann er endanlegur,“ segir hún. „Unglingar hafa skilning á dauðanum en hann er ekki jafn góður og fullorðinna.“

Aldurinn sem Heiður afmarkaði sig við var 12 til 16 ára. Hún segir töluverðan mun á hvernig kynin bregðast við. „Stelpurnar taka frekar á sig ábyrgð. Segjum að ef móðir fellur frá þá taka þær á sig umönnunarhlutverk gagnvart eftirlifandi föður. Drengirnir eru hlédrægari.“



**Þegar sorg bætist við hormónabreytingar kynþroskaskeiðs getur það lagst þungt á unglinga.** NORDICPHOTOS/GETTY

> **Stelpurnar taka frekar á sig ábyrgð. Segjum að ef móðir fellur frá þá taka þær á sig umönnunarhlutverk gagnvart eftirlifandi föður.**

Heiður Ósk Þorgeirsdóttir



Áhrifin af sorg eru mikil og þegar hormónabreytingar kynþroskaskeiðsins bætast við getur þeim fylgt þunglyndi, þreyta, reiði, kvíði, streita og jafnvel áhættusöm hegðun. Þetta sé þó einstaklingsbundið og ekki sé alltaf hægt að sjá einkennin. Heiður segir mikilvægt að allir, fjölskylda, vinir, skóli, íþróttafélög og fleiri, komi að því að styðja unglinga í sorgarferli og sýna þeim skilning. Hún segir að skólarnir séu misvel undirbúnir til að bregðast við. Nefnir hún áfallaáætlanir skóla í þessu samhengi.

„Áfallaáætlanir eru gagnlegar en það þarf að fylgja þeim. Því miður eru þær þó ekki til í öllum skólum. Svo eru dæmi um að þær séu ekki uppfærðar eða ekki studst við þær. Allt starfsfólk skólanna þarf að vera upplýst um stöðuna og geta brugðist við, ekki aðeins kennarar.“

Heiður vonar að rannsókn hennar verði til gagns og að bæði starfsfólk skóla og aðrir geti studst við hana. Hún vinnur nú að framhaldsverkefni, byggðu á þessari rannsókn, þar sem hún skoðar upplifun fólks af skólagöngu eftir foreldramissi. **kristinnhaukur@frettabladid.is**





# Forseti sækir Ísland heim

Forseti Indlands, Ram Nath Kovind, er nú í opinberri heimsókn á Íslandi. Anton Brink, ljósmyndari Fréttablaðsins, tók þessar myndir af ferðum forsetans á Bessastöðum og í Háskóla Íslands.








BERNHARD

**Bernhard - Honda á Íslandi**
Vatnagörðum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:

Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535

HONDA

# Góða fólkið fundar



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Í gær var málamyndasamkomulag um ofbeldislausa skemmtistaði undirritað. Samhliða var þýðingarlaust samkomulag gert um vændislaus hótel. Reykjavíkurborg, Samtök ferðaþjónustu fyrir hönd skemmtistaða, lögreglan og slökkviliðið taka höndum saman um þessi háleitu markmið. Hin svokallaða ofbeldisvarnarnefnd borgarinnar ber ábyrgð á utanumhaldi. „Stefnt er að því að fyrirbyggja allt mögulegt ofbeldi á skemmtistöðum, þar með talda kynferðislega og kynbundið áreitni, vændi og mansal.“

Til að ná fram göfugum markmiðunum treysta aðilar samkomulags á stefnugerð, samvinnu og ársfjórðungslega fundi. Þá er því beint að þeim sem reka skemmtistaði og hafa lifibrauð sitt af vínsölu að „afgreiða ekki áfengi til þeirra sem sýnilega eru ölvaðir“.

Tilefnið er ærið. En ef hægt væri að semja sig frá mannlegum harmleik í Ráðhúsinu væri Ísland vímuefnalaust, ungmenni myndu öll stunda hópíþróttir og stjórnmálamenn gætu samið um að hér fyndu allir hamingjuna.

Sannað er að gríðarlegt framboð af vændi sé í Reykjavík. Samt er áratugur frá því að lög tóku gildi um málaflokkinn sem áttu að ná til fólks í vændi og auðvelda því leið út. Hvorki virðist hafa gengið né rekið í þeirri baráttu, þótt margir mætir hafi reynt. Nú ætla embættismenn sér að hittast fjórum sinnum á ári til þess að uppræta þau þjóðfélagslegu mein sem engu ríki hefur lánast að uppræta. Kannski hefur samt best tekist til í Hollandi, þar sem vændi er löglegt og ekki úthýst þangað sem enginn sér.

Ekki skal gert lítið úr því að viðfangsefnið er flókið og stórt. Fullkomið skilningsleysi á aðstæðum fólks sem stundar vændi eða beitir ofbeldi er hins vegar nánast áþreifanlegt með málamyndaaðgerðum sem þessum. Rót vandans, í flestum tilfellum, er fíkn. Fíklar heyja baráttu fyrir lífi sínu á hverjum degi. Oft þurfa þeir að verða sér úti um efni eftir ógeðfelldum leiðum, vændi og afbrotum. Efnin eru dýr og oft keypt á svörtum markaði í undirheimum þar sem fáir sjá til og ofbeldi þrífst. Fíklarnir fá enga innihaldslýsingu á efnunum.

Heillavænlegra skref þeirra sem vettlingi geta valdið væri að útvega þeim lengst leiddu fíkniefnin eftir löglegum leiðum og uppi á borðum, opna neyslurými og fjölga skaðaminnkandi úrræðum. Sjálfboðaliðaverkefni á borð við Frú Ragnheiði, þar sem áhersla er lögð á að minnka skaðann sem hlýst af fíkniefnaneyslu, með því að útvega hreinar nálar, aðhlynningu og spjall, eru ómetanleg. Með aðgerðum í þá átt mætti bjarga mannslífum og koma í veg fyrir óhamingju.

Þessi meinta góðmennska fer hins vegar á hilluna við hliðina á öðru fáránlegu samkomulagi sem kvað á um „Fíkniefnalaust Ísland árið 2000“.

**Þessi meinta góðmennska fer hins vegar á hilluna við hliðina á öðru fáránlegu samkomulagi sem kvað á um „Fíkniefnalaust Ísland árið 2000“.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Vistarband eilífðarinnar**
**Öllum fjárlagafrumvörpum fylgir viðauki þar sem einfaldir hlutir eru gerðir flóknir. Til dæmis furðuverkið í kringum kirkjujarðasamkomulag ríkisins og þjóðkirkjunnar. Keisarinn gæti svo auðveldlega leyst þann rembihnút með því að bjóða jarðirnar upp og skilað Guði andvirðinu í eitt skipti fyrir öll og frelsað fjárlögin frá illu. Skilnað ríkis og kirkju mætti síðan fullkomna með afnámi laga um sóknargjöld og láta trúfélögin um að sækja tíundina með kröfum í heimabanka. Nema Guðs og ríkisins vilji sé að flækja hlutina.**

**Flokkurinn eilífi**
**Áhyggjur af framtíð Framsóknarflokksins, sem mælist með 6,2 prósenta fylgi í könnunum, eru fullkomlega óþarfar þar sem ófeigum flokki verður ekki í hel komið. Þegar boðað verður til kosninga mun Framsóknartraktorinn hrökkva í gírinn og keyra á eitthvert hjartans mál einhvers minnihlutahópsins. Einfalt slagorð samið út frá landakorti eða reiknistokki mun svo reisa kjörfylgið. Þetta virkaði með háum húsnæðislánum, leiðréttingum, fótboltaleiðinni og svissnesku leiðinni. Verði kosið eftir viku eru allir peppaðir fyrir maltnesku 17 prósent-leiðinni í fíkniefnalausum húsnæðiskaupum.**
arib@frettabladid.is

# Framtíðarskólar í mótun



Skúli Helgason
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og formaður skóla- og frístundaráðs

Borgarstjórn hefur samþykkt að efna til hugmyndasamkeppni um byggingu nýrra skóla í Vogabyggð og Skerjafirði. Byggðar verða 1.100-1.200 íbúðir og skólar fyrir um 600 börn í hvoru hverfi. Þar verður byggt á kostum nýrrar menntastefnu Reykjavíkur, sem fléttar saman formlegt og óformlegt nám, með sterkri áherslu á hæfniþættina fimm í forgangi stefnunnar: félagsfærni, sjálfseflingu, sköpun, læsi og heilbrigði.

Hreyft hefur verið hugmyndum um að nýju skólarnir í Vogabyggð og jafnvel Skerjafirði verði samþættir leik- og grunnskólar með frístundastarfi fyrir annars vegar 1-9 ára börn og hins vegar nemendur á aldrinum 10-15 ára með fjölbreyttu vali, félagsstarfi og viðfangsefnum sem hæfa styrkleikum og áhuga hvers og eins.

Framtíðarskólinn getur orðið öflug eining sem nýtir styrkleika leikskóla, grunnskóla og frístundar. Styrkur leikskólans hefur m.a. legið í frjálsa leiknum og sveigjanleika. Leikskólastarf í borginni er á heimsmælikvarða og 95% foreldra eru ánægð með starfið sem þar fer fram samkvæmt nýjustu mælingum. Styrkur frístundaheimila hefur verið að bjóða yngstu grunnskólabörnunum upp á óformlegt nám í hvetjandi umhverfi þar sem frumkvæði og sköpunargleði ráða för. Félagsmiðstöðvarnar hafa byggt á sams konar styrkleikum fyrir eldri börn og ungmenni ekki síst með áherslu á að byggja upp félagsfærni og sjálfstraust. Styrkur grunnskólans liggurekki síst í fjölda fagmenntaðs starfsfólks og markvissri vinnu á ólíkum námssviðum. Til dæmis er mikil fagþekking í grunnskólum á máli og læsi sem mikilvægt er að nýta sem best m.a. í þágu barna með annað móðurmál en íslensku. Ný samþykkt lög um eitt leyfisbréf kennara óháð skólastigi skapa tækifæri fyrir aukið samstarf leik- og grunnskólakennara sem við hljótum að skoða vandlega í góðu samstarfi við samtök kennara.

Framsækinn skóli sem fléttar saman það besta úr menningu leikskóla, grunnskóla og frístundar er spennandi hugmynd sem við viljum þróa áfram í samtali við menntasamfélagið nú þegar við leggjum grunn að framtíðinni í nýjum og eldri hverfum borgarinnar.

**Framsækinn skóli sem fléttar saman það besta úr menningu leikskóla, grunnskóla og frístundar er spennandi hugmynd.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FRAMKVÆMDASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson david@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐID.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Að viðhalda jafnvægi í daglegu lífi



**Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir**
sérfræðingur í félagsráðgjöf á heilbrigðissviði

Góð og uppbyggjandi samskipti innan fjölskyldu og samfélags eru nauðsynleg öllum, ávísun á meiri lífsgæði, skipta máli fyrir sjálfsmynd og félagslega aðlögun. Þeir sem venjast góðum tengslum sýna meira frumkvæði og finna síður fyrir kvíða og streitu.

Að viðhalda jafnvægi í lífinu krefst þrautseigju. Miklar kröfur eru um að standa sig við að sinna störfum, fjölskyldu, vinum, aðstandendum og áhugamálum. Oft geta orðið erfiðleikar við að samræma verkefni. Við skiptum með okkur ábyrgð á umönnun og uppeldi, aðstoð við eldra fólk, heimilisverkum, öflun tekna og skipulag fjármála. Í fjölmiðlum koma fram ýmsar kröfur ... útlit, tíska og samanburður o.fl. Við ættum að hlusta betur á eigið innsæi og læra að flokka og aðgreina.

Vinnustaðamenning hefur áhrif á fjölskyldulíf sem getur haft áhrif á vinnustað. Auknar kröfur hafa ýtt undir streitu sem getur leitt til kulnunar í starfi. Að sinna heimilinu þegar maður er í vinnunni, skreppa og redda og sinna vinnunni þegar maður er heima. Það getur valdið mikilli streitu að ná ekki að skilja að þessa þætti og getur valdið slíku álagi að það leiði til örmögnunar. Streita getur framkallað ástand sem felur í sér vanlíðan á sál og álag á líkama. Orsakir slíkrar streitu má oft og tíðum rekja til erfiðra samskipta í vinnu, sem getur valdið erfiðleikum í lífinu. Hvað veldur streitu og álagi? Er það vinna, fjölskylda, vinir, eða samfélagsmiðlar, eða eitthvað annað? Getum við sjálf tekið stjórnina? Hvað er í húfi? Heilsan, fjölskyldan, atvinnan.

Erfiðleikar í samskiptum geta birst með ýmsum hætti og geta haft áhrif á félagslega og líkamlega heilsu. Formið getur tekið á sig ýmsar myndir, svipbrigði, viðmót, aðfinnslur, klögumál, rógburður, kaldhæðni o.fl.

Eftirfarandi dæmi varpar að nokkru ljósi á afleiðingar erfiðleika í samskiptum á vinnustað.

**A og B**

„Mér finnst B gera mannamun og vera kaldur í viðmóti, tekur ekki undir kveðjur, sýnir mér sérstök svipbrigði, er með ýmsar athugasemdir við klæðaburð minn, gerir grín að mér þegar aðrir heyra og er með hæðnisglósur um hvernig ég vinn. Ég veit að það er erfitt heima hjá honum og hann sagði mér að hann ætlaði að skilja.“

A tekur þessu viðmóti B mjög illa og segir þetta ástand, sem hefur verið viðloðandi í nokkur ár valda sér vaxandi streitu. Samskiptin hafa slæm áhrif á líðan A.

„Ég er gráti nær, með stöðugan kvíða um hvað dagurinn beri í skauti sér í þessum efnum. Þetta er farið að hafa áhrif í fjölskyldu minni.“



Hér er um yfirfærslu tilfinninga að ræða. B yfirfærir erfiðleika að heiman yfir á vinnustaðinn, með neikvæðu viðmóti. A yfirfærir neikvætt viðmót B yfir á fjölskyldu sína.

**Forvarnir**

Nauðsynlegt er að skilja hvaða streituvaldar hafa áhrif og reyna að verja sig fyrir þeim með skynsamlegum viðbrögðum. Skoða betur aðstæður þegar fram koma einkenni kvíða eða annars vanda. Þá þarf að eiga samtöl við fagfólk. Við getum upplifað streitu og vitum ekki hvaðan hún kemur. Æskilegt er að fá hjálp við að þekkja streituvalda þannig að hægt sé að grípa inn í áður en vanlíðan kemst á alvarlegt stig. Skilgreina þarf ógnanir og fækka þeim og finna tækifæri og tileinka sér þau, taka frumkvæði og ná stjórn á eigin samskiptum í vinnu og einkalífi.

Mikilvægt er að átta sig á hvort og hvaða breytingar er mögulegt að gera til þess að draga úr álagi. Skilgreina, skilja og draga úr áhrifum hindrana. Finna sín mörk og læra að setja öðrum mörk og koma auga á tækifæri við breyttar aðstæður. Að finna leiðir til þess að fara eftir með það í huga að ná markmiðum sínum og fá tíma til þess sem er mikilvægt fyrir okkur hvert og eitt. Reyna að hafa áhrif þannig að ekki séu gerðar meiri kröfur til okkar en við getum með góðu móti staðið undir, þannig að við ráðum vel við verkefnin. Það sem við viljum gera og það sem við þurfum að gera. Þá er mikilvægt að fá tækifæri til þess að auka þekkingu sína. Að hafa sjálfsforræði og finnast lífið tilgangsríkt. Þróa með sér jákvætt hugarfar, vanda samskipti, hreyfa sig reglulega og hvíla. Við erum öll mannleg, reynum að hlúa að því sem mestu skiptir, heill okkar, vellíðan og hamingju.

**Nauðsynlegt er að skilja hvaða streituvaldar hafa áhrif og reyna að verja sig fyrir þeim með skynsamlegum viðbrögðum.**

**Lokaorð**

Félagslegur vandi getur verið merki um frekari erfiðleika ef ekkert er að gert. Mikilvægt er að fá tækifæri til umræðna, athuga hvar skórinn kreppir. Grípa inn í sem fyrst ef upp koma vandamál. Orða hugsanir – tjá aðstæður. Ábyrgðin hvílir á öllum. Við þurfum sjálf að hlusta og þola gagnrýni annarra og læra að nýta tækifæri sem í henni felast til þess að bæta okkur, þroskast og vaxa í starfi, fjölskyldulífi og frítíma. Við erum sjálf hluti af heildinni, ekki yfir gagnrýni hafin og erum oft gagnrýniverð eins og „hinir“. Við erum líka hinir.

JAGUAR LAND ROVER

# NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



**BMW M2**
Nýskr. 2/2017, ekinn 21 þús. km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 9.890.000 kr.**
Rnr. 420140.



**LAND ROVER Discovery 5 HSE Luxury 3.0 TDV6**
Nýskr. 6/2017, ekinn 57 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 11.990.000. kr.**
Rnr. 420196.



**LAND ROVER Discovery 5 HSE 240D**
Nýskr. 8/2018, ekinn 9 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 12.990.000 kr.**
Rnr. 145994.



**AUDI SQ5 TDI**
Nýskr. 5/2015, ekinn 54 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.890.000 kr.**
Rnr. 420171.



**RANGE ROVER SPORT HSE Dynamic 3.0 SDV6**
Nýskr. 1/2016, ekinn 58 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 10.890.000 kr.**
Rnr. 103888 .



**RANGE ROVER VELAR S**
Nýskr. 2/2019, ekinn 2 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 10.990.000 kr.**
Rnr. 420114.



**PORSCHE CAYENNE S e-hybrid**
Nýskr. 1/2017, ekinn 24 þús. km, bensín, rafmagn.
**Verð 9.490.000 kr.**
Rnr. 392121.



**JAGUAR F-PACE R sport 240D**
Nýskr. 6/2017, ekinn 60 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 7.990.000 kr.**
Rnr. 153725.

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla.
Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

**JAGUAR - LAND ROVER**
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

ENNEMM / SÍA / NM95679

# Ræddum aldrei að draga liðið úr leik

**Körfuknattleiksdeild Þórs sendi frá sér yfirlýsingu í vikunni þar sem fram kom að framtíð félagsins væri tryggð eftir að orðrómur komst á kreik um að félagið myndi draga sig úr keppni í vetur. Aðalstjórn Þórs hafði áhyggjur af skuldastöðu og manneklu í stjórn.**



Þórsarar fagna hér deildarmeistaratitlinum með stuðningsmönnum sínum síðasta vor þegar sætið í efstu deild var tryggt. MYND/PÁLL JÓHANNESSON

**KÖRFUBOLTI** „Þessi orðrómur var kominn svolítið þangað. Það kom aldrei til greina hjá stjórn körfuknattleiksdeildar að draga liðið úr keppni í vetur enda eru menn orðnir spenntir fyrir vetrinum,“ segir Hjálmar Pálsson, stjórnarmeðlimur körfuknattleiksdeildar Þórs, aðspurður hvort umræðan um að félagið myndi draga lið sitt úr keppni fyrir komandi tímabil í Domino's-deild karla hafi verið stormur í vatnsglasi. Á sunnudagskvöld fór fram samstöðufundur á Akureyri þar sem framtíð körfuboltaliðsins var tryggð og verða nýliðarnir því með í efstu deild eftir að hafa unnið 1. deildina í fyrra.

Þór komst upp í efstu deild á nýjan leik eftir eitt ár í 1. deildinni síðasta vor og teflir fram liði í efstu deild í þriðja sinn á síðustu tíu árum. Liðið komst síðast í úrslitakeppnina árið 2008 og hefur aldrei farið lengra en í fyrstu umferð úrslitakeppninnar frá því að hún var tekin upp.

Spurður út í aðdraganda samstöðufundarins segir Hjálmar að mannekla í stjórn körfuknattleiksdeildar félagsins og skuldastaða hafi leitt til þess að aðalstjórn hafi skoðað möguleikann en málið hafi ekki farið lengra en það.

„Aðalstjórn félagsins Þórs hafði smá áhyggjur af skuldbindingum og óskaði eftir fundi með okkur. Þau gáfu til kynna að þau væru að skoða þennan möguleika enda áhyggjufull yfir því að það yrði erfitt að standa við skuldbindingarnar sem fylgja liðinu nema okkur tækist að laga stöðuna. Það voru bara 1-2 sem voru virkir í stjórninni og fyrir vikið yrði erfitt að fjármagna allt saman en það kom aldrei til greina af okkar hálfu að draga liðið úr keppni,“ segir Hjálmar aðspurður út í þessar umræður.

„Við óskuðum eftir hjálp og fengum hana á þessum samstöðufundi sem var haldinn. Það eru núna komin níu í stjórnina, fólk héðan og þaðan og við förum bjartsýn inn í veturinn skipuð úrvalsfólki.“

Fyrr í sumar var það tilkynnt að Þór myndi ekki tefla fram liði í 1. deild kvenna í ár vegna manneklu. Félagið hefði horft á eftir mörgum lykilleikmönnum og var því ákveðið að senda ekki til leiks lið í meistaraflokki í vetur og einblínt á að tefla fram liði í stúlknaflokki. Er það leið sem mörg lið hafa farið undanfarin ár til að hlúa betur að ungum leikmönnum liðanna.

> **Það kom aldrei til greina af okkar hálfu að draga liðið úr keppni.**
>
> Hjálmar Pálsson, stjórnarmaður kkd. Þórs Akureyri

Spurður um þá ákvörðun að karlalið Þórs verði með fjóra erlenda leikmenn í ár segir Hjálmar reksturinn ódýrari í ár en í fyrra.

„Þetta tímabil verður ódýrara en í fyrra. Við erum að reyna að gera þetta af viti en erum samt með ódýrara lið þrátt fyrir að vera með fjóra útlendinga. Það er enn þá erfitt að fá Íslendinga út á land, það er einhver landsbyggðarskattur alltaf í gangi og menn eru að taka minna í bænum í staðinn fyrir að koma hingað,“ segir Hjálmar, aðspurður út í ákvörðunina um að taka inn fjóra erlenda leikmenn.

„Meðalaldurinn í hópnum fyrir utan þessa fjóra er um átján ár þannig að þeir færa okkur einnig mikla reynslu.“

**kristinnpall@frettabladid.is**








Jón Daði vann sig inn í leikinn í seinni hálfleiknum. NORDICPHOTOS/AFP

## Verðskuldað tap í Albaníu

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu mátti sætta sig við 2-4 tap gegn Albaníu á útivelli í H-riðli undankeppni EM 2020 og staða Íslands orðin erfið þegar fjórar umferðir eru eftir. Tyrkir og Frakkar eru komnir með þriggja stiga forskot á Ísland og líklegt er að Ísland verði að sækja sigur til Tyrklands í lokaleikjum riðilsins.

Íslenska liðið var ólíkt sjálfu sér framan af og var lítið um jákvæða punkta hjá Strákunum okkar í fyrri hálfleik. Var ekki hægt að segja annað en að Albanir hafi átt forskotið skilið eftir að þeir komust yfir um miðbik seinni hálfleiks. Það reyndist í fyrsta skiptið af þremur sem Albanir komust yfir en Íslandi tókst tvívegis að jafna metin með mörkum frá Gylfa Þór Sigurðssyni og Kolbeini Sigþórssyni sem skoraði með fyrstu snertingu sinni eftir að hafa komið inn á sem varamaður.

Ísland hótaði því að komast yfir þegar staðan var jöfn 2-2 en þegar Albanir komust yfir í þriðja sinn var fjórða markið handan hornsins sem gerði út um vonir Strákanna okkar sem fóru tómhentir heim frá Albaníu þegar fjórir leikir eru eftir af undankeppninni. – **kpt**

BÓNUS BÓNUS

# Við flytjum!

# BÓNUS
# Mosfellsbæ

**Bónus lokar verslun sinni við Þverholt í dag!**

Af því tilefni er 30% afsláttur af öllum vörum í versluninni.
Næstkomandi laugardag opnum við svo stærri verslun í
nýju húsnæði í Bjarkarholti 7-9.

# 30% afsláttur

**af öllum vörum í dag miðvikudag**

**Opnum kl. 10:00**

**BÓNUS**

EKKERT BRUÐL

VALITOR

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

**Smáratorg og Skeifan:** Mán-Lau; 10:00-19:00 • Sun; 11:00-18:00 - 30% afsláttur gildir aðeins miðvikudaginn 11. september í Bónus, Þverholti 2, Mos.

## Merkisatburðir

**1973** Herinn, undir forystu Augustos Pinochets herforingja, rænir völdum í Chile með leynilegum stuðningi Bandaríkjanna.

**1976** Fjölbrautaskóli Suðurnesja er settur í fyrsta skipti.

**1988** 300.000 manns taka þátt í mótmælum gegn yfirráðum Sovétríkjanna í Eistlandi.

**1990** George H. W. Bush heldur ræðu í sjónvarpi þar sem hann hótar beitingu hervalds til að reka Íraka frá Kúveit.

**1997** Skotar samþykkja í þjóðaratkvæðagreiðslu að endurreisa skoska þingið eftir 290 ára samband við England.

**2001** Al-Kaída rænir fjórum farþegaþotum og flýgur á byggingar í New York og Virginíu. Alls 2.973 láta lífið í árásunum.

**2003** Anna Lindh, utanríkisráðherra Svíþjóðar, deyr á sjúkrahúsi daginn eftir að ráðist var á hana í verslunarmiðstöð og hún stungin margsinnis.

# Eltist við sjaldgæfa fugla

**Sigurjón Einarsson, náttúrufræðingur og áhugaljósmyndari, heldur fyrirlestur og myndasýningu um fugla í borgfirskri náttúru í Safnahúsi Borgarfjarðar annað kvöld.**


Sigurjón var að eltast við bláþyril í skógarrjóðri þegar þessi mynd var tekin.

Sigurjón Einarsson er í fuglaleiðsögn með ferðamenn þegar ég trufla hann með símhringingu. „Við erum á leið í Grímsnesið og ætlum að finna þar glókoll!“ segir hann brattur. Þar sem glókollur er minnsti fugl í Evrópu vaknar sú spurning hvort það sé ekki eins og að leita að nál í heystakki. „Jú,“ viðurkennir hann. „Auðvitað er aldrei hægt að ganga að neinu vísu þegar kemur að fuglum.“

Í fyrirlestri í Safnahúsi Borgarfjarðar annað kvöld, fimmtudag klukkan 19.30, ætlar Sigurjón að fjalla um helstu fuglategundir sem auðvelt er að nálgast í Borgarfirðinum og sýna myndir af þeim. Þar koma vaðfuglar sterkir inn og lómurinn á stóran sess í huga Sigurjóns. „Hann kemur á tjarnirnar á vorin, verpir á bökkunum, er með ungana á vatninu og á sjónum við suðvesturhornið á veturna, eins og og himbriminn,“ lýsir hann.

Endurnar hafa það líka gott í Borgarfirðinum, eins og örnefnið Andakíll ber vott um. „Nýbúinn í fuglafánunni er brandönd, hún hefur verpt hér frá 1999, sem farfugl fyrst og nú hafa um 100 fuglar vetursetu, aðallega í Grunnafirði, einu mikilvægasta fuglasvæði á Vesturlandi,“ fræðir Sigurjón mig um. Hann segir áhugann á fuglum hafa vaknað snemma. „Afi og amma bjuggu í Skáleyjum í Breiðafirði og ég var mikið hjá þeim og síðar í Flatey,“ útskýrir hann.

Sigurjón er áhugaljósmyndari líka og nokkrar myndir eftir hann prýða grunnsýninguna Ævintýri fuglanna í Safnahúsinu. „Í gær vorum við að mynda ormskríkju á Reykjanesi, fugl sem var að sjást í annað sinn á Íslandi. Ég er í grúppu fólks sem eltist við tegundir sem sjást hér sjaldan. Við söfnum tegundum. Það eru 75 sem verpa á Íslandi að staðaldri en sá sem hefur séð flestar hefur séð 330 tegundir. Það er Björn Arnarson í Hornafirði. Ég er bara hálfdrættingur, rétt kominn í 230.“

Eftir erindi Sigurjóns í Safnahúsinu verður spjall og heitt á könnunni. Aðgangur er ókeypis en söfnunarbaukur á staðnum fyrir þá sem vilja leggja starfseminni lið.

gun@frettabladid.is

---



Elskuleg eiginkona mín og amma okkar,

**Sólveig Guðný Gunnarsdóttir**
Baugakór 15-17, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans síðastliðinn föstudag, 6. september. Útförin fer fram frá Lindakirkju mánudaginn 16. september kl. 11.00.

**Anton Kristinsson**
**Andri Már Helgason** **Ragna Lind Rúnarsdóttir**
**Ævar Þór Helgason**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Kjartan Konráð Úlfarsson**

andaðist 4. september á hjúkrunarheimilinu Boðanum, Hrafnistu, Kópavogi. Útförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Margrét Andersdóttir**
**Anders Kjartansson** **Dagbjört Þuríður Oddsdóttir**
**María Ingibjörg Kjartansdóttir** **Andrés Eyberg Jóhannsson**
**Úlfar Kjartansson** **Ingunn Heiðrún Óladóttir**
**og barnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Steinn Guðmundsson**
frá Mykjunesi í Holtum, Mánatúni 2,

lést 22. ágúst sl. á Hrafnistu í Reykjavík. Útför hans fór fram frá Fossvogskapellu 5. september sl. Þökkum innilega alla samúð og hlýju sem okkur hefur verið sýnd vegna andláts hans.

**Trausti Steinsson**
**Kolbrún Steinsdóttir** **Jón Elvar Björgvinsson**
**Guðmundur Steinsson**
**Berglind Steinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sigurgestur Ingvarsson**
múrarameistari, Sævangi 14, Hafnarfirði,

lést að morgni 1. september. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 12. september kl. 15.

**Sigrún Erlendsdóttir**
**Þórdís Björk Sigurgestsdóttir** **Þorsteinn Þorsteinsson**
**Áslaug Sigurgestsdóttir** **Dagbjartur Jónsson**
**Frosti Sigurgestsson** **Sigurlín Hrund Kjartansdóttir**
**og barnabörn.**

---



Þökkum samúð og hlýhug vegna fráfalls móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Önnu Gestsdóttur**
ljósmóður, Aflagranda 40.

**Marín Magnúsdóttir** **Knud Degn Karstensen**
**Þorbjörg Magnúsdóttir** **Kristján Jónatansson**
**Elín Magnúsdóttir** **Pálmi Guðmundsson**
**Trausti Magnússon** **Guðný Anna Vilhelmsdóttir**
**og allir yngri afkomendur, stórir og smáir.**

---



Okkar elskulegi faðir, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,

**Atli Eðvaldsson**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 2. september. Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 12. september kl. 11.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast Atla er bent á styrktarreikning barna hans: 0546-14-403322, kt: 120582-7129. Sérstakar þakkir frá aðstandendum til starfsfólks líknardeildar Landspítalans og annarra velunnara Atla.

**Egill Atlason, Sif Atladóttir, Sara Atladóttir, Emil Atlason, Björk Gunnarsdóttir, Björn Sigurbjörnsson, Ármann Viðar Sturlaugsson, Hanna Sólbjört Ólafsdóttir, Atli Steinn, Emil, Sólveig, Leó og Máni Steinn. Jóhannes Eðvaldsson, Catherine Bradley, Anna Eðvaldsdóttir og Gísli Guðmundsson**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Björn Jensson**
Kirkjusandi 1,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni, þann 30. ágúst. Útförin fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 16. september klukkan 15.00.

**Elín Óladóttir**
**Guðrún S. Björnsdóttir** **Trausti Sigurðsson**
**Arndís Björnsdóttir** **Sigurður Einarsson**
**Jens Gunnar Björnsson** **Kwan Björnsson**
**afabörn og langafabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Bjarni Eyjólfur Guðleifsson**
náttúrufræðingur, Hamratúni 1, Akureyri, áður Möðruvöllum í Hörgárdal,

lést laugardaginn 7. september. Útförin fer fram frá Möðruvallaklausturskirkju í Hörgárdal mánudaginn 16. september kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri.

**Pálína Sigríður Jóhannesdóttir**
**Brynhildur Bjarnadóttir** **Sigurður Ingi Friðleifsson**
**Brynjólfur Bjarnason**
**Sigurborg Bjarnadóttir** **Jónatan Þór Magnússon**
**Sigríður Bjarnadóttir** **Brynjar Þór Hreinsson**
**afabörn og systur.**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 11. september 2019 | 33. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Verið að rýra verðmæti hluthafa

**Benedikt Gíslason**, nýr bankastjóri Arion, segir fjármögnun stærri fyrirtækja eiga eftir að færast á skuldabréfamarkaðinn. Bankarnir ekki samkeppnisfærir. Krónan ekki orsök hærra vaxtastigs heldur strangar eiginfjárkröfur og háir skattar á bankana. Umsvif dragist saman samtímis því að efnahagsreikningurinn minnki. » 6

> **Það er erfitt að horfa framan í hluthafa þegar arðsemin er undir áhættulausum vöxtum í landinu.**

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



»2

### PCC gæti þurft fimm milljarða innspýtingu

Hluthafar kísilversins á Bakka kanna fjármögnunarleiðir til að bæta fjárhagsstöðu félagsins. Leitað til íslenskra lífeyrissjóða um að leggja til frekara fjármagn ásamt þýska fyrirtækinu PCC SE.

»4

### Sjóður Stefnis kaupir meirihluta í Men&Mice

Sjóðurinn SÍA III hefur keypt yfir 90 prósenta hlut í tæknifyrirtækinu. Seljendur eru meðal annars Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. Horfa til vaxtar í Bandaríkjunum og Þýskalandi.

»8

### H&M setur þrýsting á leigusala

H&M hefur farið fram á við leigusala erlendis að sett verði ákvæði í leigusamninga um að vöruskil til verslana lækki veltutengdar leigugreiðslur. Verslanakeðjan hefur ekki krafist þess af íslensku fasteignafélögunum.




# Birna Hlín hætt hjá Fossum og á leið til Arion

Birna Hlín Káradóttir, sem hefur starfað sem yfirlögfræðingur Fossa markaða í nærri fjögur ár, hefur sagt upp störfum hjá verðbréfafyrirtækinu. Samkvæmt heimildum Markaðarins mun Birna Hlín vera á leið til starfa hjá Arion banka.

Í tilkynningu frá Arion banka síðastliðinn mánudag var greint frá því að Jónína S. Lárusdóttir, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs bankans, hefði óskað eftir að láta af störfum hjá bankanum. Hún hafði verið framkvæmdastjóri lögfræðisviðs og setið í framkvæmdastjórn Arion banka frá því í nóvember 2010.

**» Birna Hlín hefur verið yfirlögfræðingur Fossa markaða í nærri fjögur ár og þar áður hjá Straumi fjárfestingabanka.**



Áður en Birna Hlín fór til Fossa markaða gegndi hún starfi yfirlögfræðings á árunum 2009 til ársloka 2015 hjá Straumi fjárfestingarbanka og síðar sameinuðum banka MP banka og Straums auk þess að sitja í framkvæmdastjórn Straums. Þá hefur Birna Hlín einnig starfað á lögfræðisviði Straums-Burðaráss og á einkabankasviði Landsbankans Íslands í skattaráðgjöf. **– hae**




NORRÆN FJÁRMÖGNUN GRÆNNA VERKEFNA

Kynningarfundur 12. september

Kynningarfundur um Nopef (Norræna verkefnaútflutningssjóðinn) og NEFCO (Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið) fer fram fimmtudaginn 12. september nk. kl. 9.00 - 10.30.

Íslensk fyrirtæki eiga möguleika á styrkjum og fjármagni til verkefna erlendis sem tengjast umhverfisvænum lausnum. Á fundinum verða hlutverk og starfsemi Nopef og NEFCO kynnt auk þess sem tvö fyrirtæki segja frá verkefnum og reynslu af samstarfi við félögin.

Framsögumenn á fundinum verða:
- Mikael Reims, framkvæmdastjóri Nopef
- Þórhallur Þorsteinsson, fjárfestingarstjóri NEFCO
- Þorsteinn Ingi Víglundsson, Thor Ice Chilling Solutions
- Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir, Carbon Recycling International (CRI)

Mikael og Þórhallur verða einnig til viðtals eftir fundinn fyrir þá sem vilja ræða einstök verkefni eða verkefnahugmyndir.

Fundurinn fer fram í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar og skráning hjá Íslandsstofu – **islandsstofa.is**

Nopef NEFCO Samtök iðnaðarins ÍSLANDSSTOFA PROMOTE ICELAND




Miklar tafir og erfiðar aðstæður á hávörumörkuðum hafa einkennt starfsemi kísilversins á Bakka.

# PCC gæti þurft fimm milljarða innspýtingu

**Hluthafar kísilversins á Bakka kanna fjármögnunarleiðir til að bæta fjárhagsstöðuna. Leitað til íslenskra lífeyrissjóða um að leggja til frekara fjármagn ásamt þýska fyrirtækinu PCC SE. Hafa fjárfest í kísilverinu fyrir 10 milljarða.**

Hluthafar kísilversins á Bakka við Húsavík, þýska fyrirtækið PCC SE og íslenskir lífeyrissjóðir, skoða nú leiðir til að leggja fyrirtækinu til aukið fjármagn á næstu vikum svo tryggja megi rekstrargrundvöll þess. Samkvæmt heimildum Markaðarins gera áætlanir ráð fyrir því að kísilverið þurfi mögulega að fá innspýtingu að fjárhæð um 40 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um fimm milljarða íslenskra króna. Sú fjármögnun, sem áformað er að kæmi að stærstum hluta frá þýska fyrirtækinu, yrði þá að líkindum annaðhvort í formi nýs hlutafjár eða hluthafaláns.

Miklar tafir og erfiðar aðstæður á hávörumörkuðum, þar sem kísilverð hefur farið lækkandi, hafa einkennt starfsemi kísilversins en það var formlega gangsett í maí í fyrra. Þá hafa vandræði í hreinsivirki verksmiðjunnar valdið því að slökkva hefur þurft á ljósbogaofnum en vonir standa til að hægt verði að byrja að starfrækja þá á fullum afköstum áður en árið er liðið.

Íslenskir lífeyrissjóðir, meðal annars Gildi, Stapi og Birta, ásamt Íslandsbanka, fara með 13,5 prósenta hlut í kísilveri PCC á Bakka í gegnum samlagshlutafélagið Bakkastakk auk þess að hafa fjárfest í breytanlegu skuldabréfi útgefnu af því félagi að fjárhæð 62 milljónir dala. Samtals nemur fjárfesting lífeyrissjóðanna og bankans í kísilverinu, bæði í forgangshlutafé og breytanlegu skuldabréfi, samtals jafnvirði um tíu milljarða króna.

**9,5**

**milljarðar er bókfært virði breytanlegs skuldabréfs lífeyrissjóðanna.**

Á síðustu vikum hafa stjórnir lífeyrissjóðanna fengið kynningu á stöðu mála og hvaða leiðir séu færar til að bæta fjárhagsstöðu kísilversins en það er Summa rekstrarfélag sem hefur umsjón með þeirri vinnu. Þá hefur einnig verið leitað til Íslandsbanka til að kanna fleiri valkosti í tengslum við fjármögnun og eins breytingar á fjármagnsskipan félagsins. Til stendur að gera hluthöfum Bakkastakka nánar grein fyrir stöðunni á fundi þriðjudaginn 17. september næstkomandi.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur verið rætt við lífeyrissjóðina hvort þeir hafi áhuga á að koma með aukið fjármagn inn í reksturinn ásamt PCC SE en það hefur nú þegar lagt kísilverinu til aukið fé í formi hluthafaláns að fjárhæð 34 milljónir dala sem var veitt í fyrra. Samþykki lífeyrissjóðirnir að hafa aðkomu að því að leggja kísilverinu til aukið fjármagn þá yrði hlutur þeirra hins vegar mun minni en þýska fyrirtækisins en eignarhlutur þess í PCC BakkaSilicon er 86,5 prósent.

Á meðal þeirra breytinga sem eru einnig til skoðunar varðandi fjármagnsskipan félagsins, í því skyni að bæta sjóðsstreymið til skamms tíma, er að fresta tímabundið vaxtagreiðslum af breytanlega skuldabréfinu til lífeyrissjóða. Skuldabréfið, sem var bókfært á nærri 9,5 milljarða króna í árslok 2018 í reikningum Bakkastakks, er með breytirétti og ber 8,5 prósenta vexti. Miðað við það nema árlegar vaxtagreiðslur af bréfinu því um 800 milljónum króna.

Framkvæmdir við verksmiðjuna hófust fyrst í júní árið 2015 og á árleg framleiðsla að nema um 32 þúsund tonnum. Alverktaki byggingarframkvæmda PCC á Bakka er SMS group GmbH en það er með höfuðstöðvar í Düsseldorf í Þýskalandi. Eignir PCC BakkaSilicon námu um 360 milljónum dala í lok síðasta árs og var eigið fé félagsins um 40 milljónir dala.

**hordur@frettabladid.is**

# Útgerðarfélag Kaupfélags Skagfirðinga seldi í Brimi með 1,3 milljarða hagnaði

FISK-Seafood, dótturfélag Kaupfélags Skagfirðinga, seldi síðastliðinn sunnudag nærri 10,2 prósenta hlut sinn í Brimi, sem útgerðarfyrirtækið hafði að stærstum hluta eignast aðeins þremur vikum áður, með rúmlega 1.300 milljóna króna hagnaði.

Útgerðarfélag Reykjavíkur (ÚR), sem er í meirihlutaeigu Guðmundar Kristjánssonar, forstjóra Brims, keypti hlutinn af FISK, samtals 196,5 milljóðir hluta á genginu 40,4 eða fyrir um 7,94 milljarða króna. Eftir viðskiptin fer ÚR í dag með 48 prósenta hlut í Brimi.

Útgerðarfyrirtæki kaupfélagsins kom fyrst inn í hluthafahóp Brims, sem áður hét HB Grandi, þann 18. ágúst síðastliðinn þegar félagið keypti um 8,3 prósenta hlut af Gildi lífeyrissjóði. Gengið í þeim viðskiptum nam 33 krónum á hlut og var kaupverðið því samtals fimm milljarðar króna. Fjórum dögum síðar bætti FISK-Seafood við eignarhlut sinn með kaupum á 34 milljónum hluta að nafnverði á genginu 36 og þá keypti félagið að lokum 11 milljónir hluta á genginu 36,06 þann 28. ágúst síðastliðinn.

**6,64**

**milljarðar var samanlagt kaupverð FISK-Seafood á 10,18 prósenta hlut í Brimi.**

FISK-Seafood greiddi því samanlagt um 6,62 milljarða króna fyrir bréf sín í Brimi – samtals 10,18 prósenta hlut – sem félagið hefur núna skömmu selt frá sér með 1.320 milljóna króna hagnaði fyrir skatta.

FISK-Seafood, sem er eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins, gekk á síðasta ári frá kaupum á öllum eignarhlut Útgerðarfélags Reykjavíkur, sem er stærsti hluthafi Brims, í Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum en um var að ræða þriðjungshlut. Kaupverðið nam 9,4 milljörðum króna. **– hae**




# Reykjavíkurborg býður til sölu byggingarrétt á atvinnulóðum á fjórum góðum stöðum í borginni

## Fjórar atvinnulóðir í alfaraleið

Rétt við Reykjanesbraut eru í boði fjórar atvinnulóðir að Álfabakka 2a, 2b, 2c og 2d. Bjóða verður í hverja lóð fyrir sig og er heimilt að bjóða í allar lóðirnar. Heildarbyggingarmagn er 17.000 m$^2$

Skilafrestur tilboða er til kl. 13:00 þann 3. október 2019.

**Álfabakki 2a-2d**



## Rúmgóð bygging á grónu atvinnusvæði

Byggingaréttur á lóðinni Krókháls 7a heimilar allt að fjögurra hæða byggingu, en mesta hæð húsveggja og þaks frá aðalgólfi má vera 17 metrar. Heimild er til að auka nýtingarhlutfall ef bílageymslur verða neðanjarðar.

Lóðin er boðin á föstu verði. Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband.

**Krókháls 7a**



## Stórar atvinnulóðir á föstu verði

Byggingarréttur á tveimur lóðum austan við Bauhaus á Lambhagavegi er nú boðinn á föstu verði. Verð byggingaréttar á lóð nr. 8 er 69.515.500 kr. og á lóð nr. 10 er 63.857.500 kr.

Lóðirnar eru boðnar á föstu verði. Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband.

**Lambhagavegur 8-10**




## Góð atvinnulóð við Esjumela

Á athafnasvæðinu Esjumelum – Varmadal er í boði byggingarréttur atvinnuhúsnæðis á lóðinni Koparslétta 5. Lóðin er um 3.000 m$^2$ fermetrar og heimilt heildarbyggingarmagn nemur nærri 1.500 m$^2$.

Skilafrestur tilboða er til kl. 13:00 þann 3. október 2019.

**Koparslétta 5**



Nánari upplýsingar má finna á **reykjavik.is/lodir**

# Sjóður Stefnis kaupir í Men&Mice

**SÍA III getur stutt við fyrirtækið í vaxtarfasa. Men&Mice starfar á markaði sem vex 10-20 prósent á ári. Fjárfestingarsjóðir í rekstri bankanna hafa hingað til einkum fjárfest í rótgrónari rekstrarfélögum. Horfa til vaxtar í Bandaríkjunum og Þýskalandi.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Sjóður í rekstri Stefnis, SÍA III, hefur keypt yfir 90 prósenta hlut í tæknifyrirtækinu Men&Mice. Magnús Eðvald Björnsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, og nokkrir aðrir lykilstjórnendur eiga það sem eftir stendur. Kaupverðið fæst ekki uppgefið.

Magnús Eðvald segir í samtali við Markaðinn að nýir hluthafar muni styðja við frekari vöxt fyrirtækisins. „Við erum að fá inn hluthafa sem getur stutt við bakið á okkur í vaxtarfasa."

Seljendur eru meðal annars Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sem fór með 27 prósenta hlut og stofnendurnir Jón Georg Aðalsteinsson og Pétur Pétursson sem áttu samanlagt 30 prósent.

**52 prósenta vöxtur**

Tekjur Men&Mice hafa vaxið hratt á undanförnum árum og námu 7,5 milljónum dollara, jafnvirði 940 milljóna króna, á síðasta ári. Á milli áranna 2017 og 2018 var vöxturinn 52 prósent. Hagnaður síðastliðins árs var 2,2 milljónir dollara, jafnvirði 276 milljóna króna.

Magnús bjó í 19 ár á Bostonsvæðinu í Bandaríkjunum. Hann er með doktorspróf í tölvunarfræði frá Brandeis-háskóla og starfaði síðast sem stjórnandi í vöruþróun hjá Oracle með 80 undirmenn í þremur löndum.

Hann segir að Men&Mice auðveldi fyrirtækjum að hafa yfirsýn yfir öll sín net og einfaldi stjórnun netkerfa. Innan meðalstórra og stórra fyrirtækja vinni teymi við að tryggja að netið hjá þeim virki, til dæmis tryggi að allt gangi snurðulaust fyrir sig þegar nýr vélbúnaður sé tengdur og það geti ráðið tímabundið við álagstíma. „Við búum til tól sem hjálpar upplýsingatækniteymunum að sinna sínu starfi."

**Microsoft, Intel, Nestlé**

*Hvers vegna eruð þið á mikilli siglingu núna?*

„Við höfum verið að fá nýja og stærri viðskiptavini. Á meðal viðskiptavina eru Microsoft, Intel, Nestlé, Unilever, Comcast og McAfee. Nýjasti samningurinn, sem er sá stærsti hingað til, er við Fedex.

Þeir sem stóðu að rekstri fyrirtækisins á árum áður gerðu kraftaverk. Það er með ólíkindum að þeim hafi tekist að komast inn fyrir dyrnar hjá fyrirtækjum á borð við Microsoft og Intel. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins á einnig heiður skilið fyrir að hafa stutt við þessa vegferð.

Ég gekk til liðs við fyrirtækið sumarið 2016. Í kjölfarið hófst stefnumótunarvinna og ákveðið var að færa vöruna nær skýinu. Það gerði það að verkum að auðvelt var að tengjast þeim sem bjóða upp á skýjaþjónustu eins og Amazon, Google og Microsoft. Varan er hönnuð til að vera sveigjanleg. Fyrirtæki vinna nefnilega oft með fleiri en eina skýjaþjónustu og reka jafnvel til viðbótar netþjóna innan veggja fyrirtækisins."

*Þið horfið til enn frekari vaxtar með tilkomu nýs hluthafa?*

„Fyrirtæki ganga í gegnum mismunandi æviskeið. Þau byrja sem sprotar og höfuðáhersla er lögð á að skapa vöru og fá staðfestingu á að viðskiptahugmyndin gangi upp. Stofnendur, englafjárfestar og sjóðir eins og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fjármagna þá vegferð. Gangi allt að óskum hefst vaxtarfasi og þá þurfa oft aðrir fjárfestar, sem eru fjársterkari, að leggja fram fé, eins og til dæmis framtakssjóðurinn SÍA III. Til að Men&Mice geti vaxið þurfum við fjárfesti með fjármagn, tengingar við aðra fjárfesta og rétt hugarfar.

Það er líka ánægjulegt að Nýsköpunarsjóðurinn geti nú selt hlut sinn og nýtt fjármagnið til að fjárfesta í fleiri sprotafyrirtækjum."

*Taldir þú að fyrirtækið vantaði vaxtarfjárfesti í hluthafahópinn?*

„Þeir sem eru nú að selja sinn hlut voru búnir að vera hluthafar lengi og fannst kannski tímabært að hverfa á braut. Það getur verið hollt að gera breytingar og fá nýja fjárfesta inn sem geta tekið við keflinu og fylgt félaginu áfram. Það er samhljómur á meðal okkar um vegferðina sem við erum á og hvert skuli stefna. Fyrirtækið er vel rekið, það skilar hagnaði og er ekki með vaxtaberandi skuldir. Varan er flott og við erum að þjónusta stór og öflug fyrirtæki. Við erum líka á stórum markaði sem er að vaxa um 10-20 prósent á ári. Það er því mikið tækifæri til staðar sem hægt er að grípa ef rétt er haldið á spilunum.

Fjárfestingarsjóðir eins og SÍA III hafa hingað til einkum fjárfest í rótgrónari rekstrarfélögum. Þetta er í fyrsta skipti svo ég viti til sem sjóður á borð við þennan fjárfestir í þekkingarfyrirtæki. Nú er búið að ryðja brautina fyrir önnur hugbúnaðarfyrirtæki sem þurfa á fjármagni að halda til að vaxa. Það yrði afar spennandi þróun. Það er fjöldi öflugra íslenskra tæknifyrirtækja með góða rekstrarsögu sem henta sjóðum sem þessum."

**Fjölgi um tíu starfsmenn**

*Hversu mikið mun starfsmönnum fjölga á næstu misserum?*

„Ég vonast til þess að starfsmönnum muni fjölga um tíu á næstu sex mánuðum í um 40. Nýju starfsmennirnir munu starfa í Bandaríkjunum, Þýskalandi og á Íslandi. Um 70 prósent af áskriftartekjunum koma frá Bandaríkjunum og það sem eftir stendur frá Evrópu, aðallega Þýskalandi. Við munum því einkum vaxa í Þýskalandi og Bandaríkjunum.

Það er varasamt að vaxa of hratt en við reynum að gera það með skipulögðum hætti."

*Eru keppinautarnir margir?*

„Já, tíu til fimmtán fyrirtæki um heim allan."

*Það hljómar nú ekki mikið?*

„Við erum afar sérhæfð en við erum að keppa við fyrirtæki á borð við Microsoft. Við erum því ekki að keppa við neina aukvisa.

Ráðgjafarfyrirtækið Gartner birti skýrslu við upphaf árs þar sem fram kom að Men&Mice væri eitt af fjórum markverðustu fyrirtækjunum á þessu sviði. Við komum vel út úr samanburðinum. Hér starfa um 30 manns en keppinautur okkar Infoblox er með 1.500 starfsmenn og BlueCat er með 400 til 500 starfsmenn. Okkur tekst að standa uppi í hárinu á þeim og hafa betur í baráttunni um viðskiptavini. Intel greindi til að mynda samkeppnina og prófaði vörur frá tveimur fyrirtækjum. Þeim þótti okkar vara betri miðað við þeirra þarfir."

*Það er áhugavert að Microsoft, sem er keppinautur, sé á meðal viðskiptavina ykkar?*

„Já, mikið rétt. Þótt Microsoft sé keppinautur þá er varan þeirra sniðin að minni fyrirtækjum. Hún hefur ekki þá virkni og sveigjanleika sem þarf fyrir stærra umhverfi sem fyrirtæki á borð við Microsoft þurfa."



**Magnús er doktor í tölvunarfræði og starfaði áður hjá Oracle með 80 undirmenn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Við erum afar sérhæfð en við erum að keppa við fyrirtæki á borð við Microsoft. Við erum því ekki að keppa við neina aukvisa.**

# Vilja auðvelda flutning milli verðbréfamiðstöðva

Verðbréfamiðstöð Íslands (VBM) hefur rekið sig á lagalegar og tæknilegar samkeppnishindranir, og telur fyrirtækið nauðsynlegt að við fyrirhugaða lagasetningu verði horft til samkeppnissjónarmiða. Þetta kemur fram í umsögn VBM um frumvarpsdrög sem ætlað er að innleiða Evrópureglugerðina CSDR en hún felur í sér auknar kröfur til verðbréfamiðstöðva.

Starfsemi Verðbréfmiðstöðvarinnar mun hefjast á næstu mánuðum og Nasdaq verðbréfamiðstöð að því leyti eina virka verðbréfamiðstöðin á íslenskum markaði. „Þess má geta að eftir að VBM boðaði innreið sína á markaðinn hefur Nasdaq verðbréfamiðstöð a.m.k. í þrígang lækkað gjaldskrá sína," segir í umsögninni. VBM bendir á að Nasdaq hafi reynt að byggja upp lagalegar og tæknilegar hindranir sem standa í vegi fyrir flutningi milli verðbréfamiðstöðva.

„Þess merki má raunar sjá í reglum Nasdaq verðbréfamiðstöðvar þar sem segir að óski útgefandi afskráningar þurfi fullnægjandi samþykki eigenda rafbréfanna í stað þess að ákvörðun stjórnar nægi líkt og þegar bréf eru tekin til skráningar. Sömuleiðis, að Nasdaq verðbréfamiðstöð leggur mat á það hverju sinni hvort forsendur séu til staðar til að afskrá bréfin. Miðað við reglur Nasdaq gæti t.d. einn eigandi rafbréfa staðið flutningi í vegi."

VBM telur að einfaldasta leiðin til að tryggja samkeppni á markaðinum sé sú að útgefandi rafbréfa geti sagt upp útgáfusamningi og tekið bréfin í heild sinni til skráningar í annarri verðbréfamiðstöð. Hefur fyrirtækið, sem er í eigu Arion banka, Íslandsbanka, fimm lífeyrissjóða og einkafjárfesta, nú þegar kært Nasdaq verðbréfamiðstöð til Samkeppniseftirlitsins fyrir meinta misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Misnotkunin felist í óbreyttri varðveisluþóknun úr hendi reikningsstofnana, jafnvel þótt þær kjósi að færa rétttindaskráningu yfir til VBM. Ákvað Samkeppniseftirlitið að taka málið til sérstakrar skoðunar. – þfh

# Viaplay getur ekki sýnt frá Enska boltanum eða Meistaradeildinni

Efnisveitan Viaplay mun ekki geta sýnt frá Ensku úrvalsdeildinni, Meistaradeildinni, eða veitt aðgang að öðru efni sem er háð sýningarrétti hér á landi. Þetta er mat fjarskiptafyrirtækjanna Símans og Sýnar.

Eins og greint var frá í fyrradag hefur norræna fjölmiðlafyrirtækið Nordic Entertainment Group (NENT) ákveðið að gera Íslendingum kleift að gerast áskrifendur að efnisveitunni Viaplay á fyrri helmingi næsta árs.

Í fréttatilkynningu NENT kom fram að í gegnum efnisveituna væri hægt að nálgast beinar útsendingar af fjölmörgum íþróttaviðburðum, þar á meðal af leikjum í Ensku úrvalsdeildinni og Meistaradeildinni. Síminn hefur sýningarrétt á Ensku úrvalsdeildinni en Sýn á Meistaradeildinni. Í svari Símans við fyrirspurn Markaðarins segir að Viaplay muni ekki geta sýnt frá Ensku úrvalsdeildinni.

„Svona virka samningar um sýningarrétt. Rétt eins og margir þekkja að úrval efnis á Netflix er mismunandi eftir löndum allt eftir því hvernig samningar um sýningarrétt dreifast á milli aðila og landa. Sama má segja um Amazon Prime Video og í raun allar streymisveitur. Viapla eru svo með fleira efni í sinni veitu en bara Enska boltann sem mun ekki verða aðgengilegt á Íslandi þar sem við eða aðrir erum með gilda samninga hér á landi," segir í svari Símans. Þá er tekið fram að Viaplay muni vafalaust virða þá samninga sem fyrir eru.

Sýn tekur í sama streng. „Að því marki sem um er að ræða efni, sem Sýn á einkarétt til sýninga á hér á landi, mun Viaplay ekki geta streymt því hlutaðeigandi efni hér á landi. Þetta á meðal annars við um Meistaradeildina," segir í svari Sýnar. – þfh



**Síminn hefur sýningarrétt á Enska til þriggja ára.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# HP PageWide

# Ný kynslóð prentara



### Afköst

Mikil afköst
og hámarks uppitími

### Lágt blaðsíðuverð

Ódýrari litaprentun
og frábær prentgæði

### Öryggi

Varnir gegn árásum
og reglulegar uppfærslur

### Umhverfisvænir

Minni hylki, minna rusl
og margfalt minni orkunotkun
en í laserprenturum

## HP PageWide fjölnotaprentarar Öruggir, snjallir og afkastamiklir

Prentaðu á skilvirkari hátt með nýju HP Pagewide Pro prenturunum sem byggja á byltingarkenndri prenttækni HP.



**95%** minni
rekstrarvara og úrgangur
en ef um sambærilega
laserprentara væri
að ræða.

### Láttu okkur sjá um prentreksturinn

Opin Kerfi getur séð um allan rekstur prentumhverfisins sem inniheldur m.a. HP prentlausnir, rekstrarvöru og alla þjónustu ásamt vöktun sem tryggir að pappír og blek er sent þegar lágmarksstöðu er náð. Fyrir þessa þjónustu og alla rekstrarvöru er greitt fast blaðsíðuverð* á samningstímanum.

Opin Kerfi
– allt er mögulegt

*nánar tilgreint í samningi.

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

# Vandinn ekki krónan heldur kvaðir á banka

**Benedikt Gíslason, nýr bankastjóri Arion, segir fjármögnun fyrirtækja eiga eftir að færast á skuldabréfamarkaðinn. Bankarnir ekki samkeppnisfærir. Stjórnvalda að svara hvort skoða eigi sameiningar.**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Það er erfitt að horfa framan í hluthafa þegar arðsemin er undir áhættulausum vöxtum í landinu. Á hverjum degi höfum við þá ekki verið að búa til verðmæti fyrir hluthafa heldur að rýra þau. Þessu þurfum við að breyta og laga," segir Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka, í viðtali við Markaðinn en um tveir mánuðir eru liðnir frá því hann tók við starfinu.

Breytingar á bankastjórastól Arion fyrr á árinu komu fæstum á óvart. Miklar breytingar höfðu orðið á eignarhaldinu og afkoman var undir væntingum. Á fyrstu sex mánuðum þessa árs var arðsemin aðeins rúmlega þrjú prósent en á síðustu misserum hefur talsvert útlánatap, einkum vegna United Silicon í Helguvík og gjaldþrots flugfélaganna WOW air og Primera air, sett þar strik í reikninginn.

*Hvernig kom það til að þú sóttist eftir starfinu?*

„Ég kom inn í stjórn bankans í september í fyrra og þegar Höskuldur segir starfi sínu lausu í apríl fer stjórnin að leita að eftirmanni hans. Sem stjórnarmaður tók ég þátt í því ferli en tek síðan ákvörðun um að leggja mitt nafn í þann pott og stíg þá um leið út úr ráðningarferlinu. Það var ákvörðun sem ég tók að vel íhuguðu máli enda um mjög spennandi starf að ræða. Ég tók hins vegar skýrt fram í ferlinu að ég myndi starfa áfram í stjórninni færi svo að ég fengi ekki starfið."

*Skynjarðu það að stærstu hluthafar bankans, Taconic Capital og aðrir sjóðir, hafi stutt þig í stólinn?*

„Það gæti hafa hjálpað en það var þá ekki stuðningur sem var komið á framfæri við mig. Þetta var auðvitað ákvörðun stjórnar. Að hvaða marki hún leitaði eftir endurgjöf frá hluthöfum þekki ég ekki."

Benedikt var einn af helstu ráðgjöfum stjórnvalda við áætlun um afnám fjármagnshafta en hún fólst meðal annars í stöðugleikaskilyrðum sem lutu að eignarhaldi Kaupþings á Arion. Í kjölfarið var Benedikt ráðinn til Kaupþings, þar sem hann starfaði í tvö ár sem ráðgjafi við sölu og síðar skráningu bankans á markað, og þá var hann kjörinn í stjórn Arion banka fyrir um ári.

*Heldurðu að það hafi ráðið miklu að stjórnin hafi viljað fá mann sem þekkti Arion banka vel?*

„Já, það gæti hafa skipt máli við ákvörðunina, og eins vonandi reynsla mín. Ég hóf störf á fjármálamarkaði 1998 hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og mín starfsreynsla er úr bankageiranum enda þótt ég hafi starfað í um tvö ár fyrir stjórnvöld að losun hafta. Það var mjög ánægjulegt og fróðlegt að fylgja því verkefni eftir sem ráðgjafi Kaupþings í söluferli Arion banka. Hugmyndafræðin með stöðugleikaskilyrðunum var að fela slitabúinu það hlutverk að skrá bankann á markað og koma á dreifðu eignarhaldi. Það var ekki litið á það sem eðlilegt ástand ef ríkið hefði eignast alla bankana. Þess vegna var mjög mikilvægt fyrir þróun fjármálakerfisins á Íslandi að það tækist vel til við skráningu bankans á markað á Íslandi og í Svíþjóð."

**Erfitt að vera stór eigandi**

*Traust almennings í garð bankakerfisins mælist enn afar lítið. Skiptir máli að breyta því og hvernig hyggst þú leggja þitt af mörkum?*

„Það skiptir bankann höfuðmáli. Við breytum því aðeins með því að veita góða þjónustu og stunda heilbrigða stjórnarhætti. Það er hið daglega verkefni okkar að ávinna okkur þetta traust aftur. Það er hins vegar ekki eitthvað sem gerist yfir nóttu heldur verðum við að vinna okkur það inn yfir tíma. Ég myndi segja að það sé eitt af okkar lykilverkefnum."

Frá falli bankanna hefur allt regluverkið tekið stakkaskiptum og má segja að bankakerfið í dag eigi lítið sameiginlegt með því sem féll haustið 2008. Samt er þetta vantraust mjög ríkjandi.

*Hefur þeim sem eru í forsvari fyrir bankana ekki mistekist að útskýra fyrir fólki hvað hefur breyst?*

„Það má örugglega til sanns vegar færa. Ein af þeim lykilbreytingum sem ekki hefur verið komið nægjanlega vel á framfæri er að það gildir nú mun stífara regluverk um virkt eignarhald og hvað virkur eigandi má eiga í miklum viðskiptum við bankana. Þetta þýðir að það er ekki eftirsótt fyrir fyrirtækjasamsteypur og efnameiri einstaklinga að vera stór eigandi í banka af því að það hamlar viðskiptaumsvifum þeirra. Það er hins vegar margt í regluverkinu sem hefur gert starfsemina meira íþyngjandi og kostnaðarsamari. Ísland hefur gengið þjóða lengst við innleiðingu á regluverkinu frá ESB."

*Hvernig þá?*

„Það sést best í samanburði á vogunarhlutföllum sem eru einn helsti mælikvarði þess hversu sterk eiginfjárstaða banka er. Um síðustu áramót var vogunarhlutfall íslensku bankanna að jafnaði um 15 prósent en til samanburðar um 5,5 prósent í Evrópu. Sjónarmiðin sem þarna togast á eru annars vegar varúðarkröfur og neytendavernd og hins vegar að starfsumhverfi bankanna sé með þeim hætti að það sé skilvirkt og hagkvæmt. Fjármálaáföll eru vissulega þjóðarbúinu dýr en óskilvirkt fjármálakerfi getur að sama skapi grafið undan getu fjármálafyrirtækja til að þjóna fyrirtækjum og heimilum og þannig dregið úr hagvexti. Við þurfum ávallt að spyrja okkur þeirrar spurningar hvar þessi jafnvægispunktur eigi að liggja en í dag er hann talsvert frá okkar nágrannalöndum. Þessi umræða snýst öðrum þræði um alþjóðlega samkeppnishæfni Íslands."

**Vandinn liggur ekki í krónunni**

Sérstakur sveiflujöfnunarauki ofan á eiginfjárkröfur bankanna var hækkaður í maí um 0,5 prósentur og fjármálastöðugleikaráð hefur mælt fyrir því að hann hækki á ný um 0,25 prósent í byrjun næsta árs.

*Telurðu að það hafi verið mistök?*

„Ef sveiflujöfnunaraukinn á að vera framsýnn og milda hagsveifluna þegar aðstæður kalla á það, þá er hægt færa fyrir því rök að síðasta hækkun hafi verið misráðin."

Gylfi Zoëga, hagfræðiprófessor og meðlimur í peningastefnunefnd Seðlabankans, varaði samt nýlega við við því í grein að slakað yrði á eiginfjárkröfum. Það myndi gera bönkunum kleift að auka útlán meira og hraðar með þeim afleiðingum að minnka gæði útlánsafns þeirra og útlánatap yrði meira.

*Er það ekki rétt athugað?*

„Ég myndi segja að allar séríslenskar innleiðingar á regluverki ESB þurfi að skoða með aðstæður Íslands í huga og spyrja sig um leið hvaða rök liggi að baki því að við þurfum að vera með mun hærri vogunarhlutföll en bankar annars staðar í Evrópu. Kannski eru rök sem standa til þess sökum einsleitni hagkerfisins en þá þurfum við að vera meðvituð um þann kostnað sem fylgir því að fara þá leið. Það verður dýrara fyrir banka að gegna hlutverki sínu í að miðla fjármagni milli sparifjáreigenda og lántaka og hærri fjármögnunarkostnaður hækkar rekstrarkostnað fyrirtækja og dregur þannig úr getu þeirra til að fjárfesta í nýsköpun og byggja upp sinn rekstur. Spurningin er þá hvort við viljum að okkar atvinnulíf búi við viðvarandi hærra vaxtastig en erlendir keppinautar, sem tengist ekki gjaldmiðlinum sem slíkum, heldur þeirri ástæðu að við erum búin að innleiða mun hærri eiginfjárkröfur en önnur Evrópuríki."

*Erum við þá of mikið að einblína á gjaldmiðilinn sem orsök hárra vaxta frekar en heimatilbúnar aðgerðir?*

„Ekki spurning. Ég held að vandamálið liggi frekar í því hvernig við höfum stillt upp starfsumhverfi bankanna. Við höfum sennilega aldrei búið við jafn styrkar stoðir undir krónuna. Þjóðin hefur aldrei átt stærri gjaldeyrisforða, það hefur verið afgangur á viðskiptum við útlönd samfellt síðustu tíu ár, sparnaðarstigið hefur sjaldnast mælst hærra og erlend eignastaða þjóðarbúsins er jákvæð um sem nemur um fimmtungi af landsframleiðslu. Þessi sterka staða er að skila sér í því að í fyrsta skipti í langan tíma er hægt að lækka vexti myndarlega samhliða því að hagkerfið er í niðursveiflu. Gjaldmiðillinn er stöðugur þar sem við sem þjóð söfnuðum ekki upp skuldum við útlönd í uppsveiflu síðustu ára eins og svo oft áður og hefur iðulega endað að lokum með gengisfalli."

*Er Ísland þá að færast nær því að vera skilgreint sem lágvaxtaríki?*

„Ég held það. Það eina sem ég sé standa í vegi fyrir því eru þessar háu eiginfjárkvaðir á bankana. Það sem bankarnir hafa gert, að einhverju marki, er að þeir hafa tekið á sig þessar auknu kröfur sem endurspeglast þá í lægri arðsemi þeirra. Þær breytingar sem hafa orðið á regluverki og sköttum á fjármálafyrirtæki síðasta áratug hafa leitt til þess að vaxtaálag á útlánum til fyrirtækja þyrfti að ríflega tvöfaldast ef við ætluðum að ná sömu arðsemi og



Benedikt Gíslason, sem tók við starfi bankastjóra Arion í júlí, segir að bankarnir muni að endingu draga úr útlánum til stærr

> **Á hverjum degi höfum við ekki verið að búa til verðmæti fyrir hluthafa heldur að rýra þau.**

## Telur Valitor hafa fjárfest skynsamlega

Greiðslumiðlunarfyrirtækið Valitor, dótturfélag Arion banka, var sett í formlegt söluferli fyrr á þessu ári og er ætlun Arion banka að selja félagið hluta eða fullu. Gert er ráð fyrir að niðurstaða fáist í ferlið á þessu ári. Áhugasamir fjárfestar skiluðu inn óskuldbindandi tilboðum í fyrirtækið um miðjan júlímánuð en í reikningum Arion banka er Valitor bókfært á rúma 13 milljarða.

*Af hverju ættu fjárfestar að vilja greiða háar fjárhæðir fyrir fyrirtæki sem tapaði meira en tveimur milljörðum á fyrri árshelmingi?*

„Þessi taprekstur er vegna fjárfestinga í innviðum og uppbyggingu á rekstri Valitor. Valitor er að byggja upp mjög mikla starfsemi erlendis, á sviði færsluhirðingar til smásala í Bretlandi, og er að nota lausnir sem félagið hefur sjálft þróað og eru að mælast vel fyrir. Þá hefur Valitor einnig verið að fjárfesta í vörulínu sem hefur verið vísað í sem alrásarlausn (e. omni-channel solution) sem er sú vegferð sem færsluhirðingarfyrirtæki, ekki bara í Evrópu heldur alþjóðlega, eru á af því að tekjumódel þeirra er að breytast mikið. Þær viðbótarþjónustur sem felast í alrásarlausninni ættu að skapa meiri tekjur fram í tímann heldur en hefðbundin færsluhirðing. Við teljum að Valitor hafi verið að fjárfesta skynsamlega og að fjárfestar muni þá verðmeta það inn í áhuga sinn á félaginu frekar en horfa á þá fjárfestingu sem sokkinn kostnað."

# Fólk

Lífsstíll

MIÐVIKUDAGUR 11. SEPTEMBER 2019



Urðun sorps hefur mikil og slæm áhrif á jarðgæði og mengar íslenska náttúru sem verður ekki svipur hjá sjón, eins og sjá má með Seljalandsfossi úr sorpi.

# Hættum strax að urða

Átakinu Hættum að urða – Finnum lausnir var hleypt af stokkunum í gær. Með átakinu er kastljósi varpað á ókosti urðunar og hinn almenni borgari hvattur til að þrýsta á stjórnvöld um að hætta urðun á sorpi. →2

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku, menningu, heilsu og margt fleira.





Sorp getur verið margar aldir að brotna niður. Urðun er gríðarlegt vandmál sem Íslendingum ber skylda að finna lausn á og stöðva enda er urðun slæm nýting á takmörkuðum auðlindum jarðar.

**Framhald af forsíðu ➪**

Opnaður hefur verið nýr vefur, finnumlausnir.is, þar sem fólk getur kynnt sér málið og skrifað undir áskorun til stjórnvalda um að banna urðun sorps.

„Hér á landi eru á hverju ári urðuð um 220 þúsund tonn af sorpi,“ upplýsir Halldóra Geirharðsdóttir, leikkona og talsmaður átaksins Hættum að urða.

„Um er að ræða gríðarlegt vandamál sem Íslendingum ber skylda til að finna lausn á og stöðva. Sorp getur verið margar aldir að brotna niður og því hefur urðun í slíku magni slæm áhrif á jarðgæði og loftgæði og er í eðli sínu slæm nýting á takmörkuðum auðlindum jarðarinnar,“ segir Halldóra.

## Skýr skilaboð til stjórnvalda

Á vefnum finnumlausnir.is er að finna margvíslegar upplýsingar um neikvæð áhrif urðunar sorps og mögulegar lausnir á vandamálinu.

„Við finnum ekki lausnir fyrr en við byrjum að leita að þeim,“ segir Halldóra.

Fyrsta skrefið sé að ákveða að núverandi ástand geti ekki varað lengur.

„Staðreyndin er sú að nú þegar eru lausnir til staðar sem duga til að stöðva urðun alfarið á skömmum tíma. Við viljum gefa fólki færi á að senda stjórnvöldum skýr skilaboð um að líta beri á sorp sem auðlind, ekki vandamál. Með réttu hugarfari finnum við lausnir sem henta hverju sinni og með samstilltu átaki getum við hvatt stjórnvöld til að stöðva urðun,“ segir Halldóra.

## Sorp til upphitunar húsa

Íslenska gámafélagið leiðir átakið Hættum að urða – Finnum lausnir. Með því vill fyrirtækið stuðla að skilvirkari og umhverfisvænni leiðum við förgun og endurvinnslu þar sem hætt verði að líta á rusl sem úrgang heldur fremur sem hráefni til að nýta.

„Hér væri strax hægt að láta af nær allri urðun með því að flytja ruslið til brennslu í Evrópu þar sem það nýtist til húshitunar. Með því nýtist líka flutningsgeta frá landinu sem verið hefur ónýtt vegna misræmis í magni á inn- og útflutningi. Sótspor landsins eykst ekki því skipin eru hvort eð er á ferðinni,“ útskýrir Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins. Frá stofnun Íslenska gámafélagsins fyrir tuttugu árum hefur fyrirtækið verið leiðandi í innleiðingu á flokkun og endurnýtingu úrgangs.



**Við viljum gefa fólki færi á að senda stjórnvöldum skýr skilaboð um að líta beri á sorp sem auðlind, ekki vandamál. Með samstilltu átaki getum við hvatt stjórnvöld til að stöðva urðun.**



**Í átakinu Hættum að urða hefur íslensk náttúra fengið nýjan og ljótari svip eins og sjá má hér þar sem hverinn Geysir gýs rusli.**



**Leikkonan Halldóra Geirharðsdóttir er talsmaður átaksins Hættum að urða.**

„Á hverju ári falla til frá heimilum og fyrirtækjum landsins um 530 þúsund tonn af almennu rusli og af því hefur um helmingurinn verið urðaður,“ upplýsir Jón Þórir.

Með aukinni endurvinnslu sé raunhæft að draga úr urðun um sem nemur 20 til 50 þúsund tonnum.

„Eftir standa þá samt 150 til 180 þúsund tonn sem þarf að urða á hverju ári en með því að flytja sorpið til Evrópu þar sem það er nýtt til húshitunar náum við hins vegar strax nærri 100 prósenta endurvinnslu á öllu rusli,“ segir Jón Þórir.

Átakið Hættum að urða verður í gangi út september og í lok átaksins verður áskorun og listi með undirskriftum sem safnast hafa afhentur stjórnvöldum.

Undirskriftum er safnað á slóðinni www.finnumlausnir.is.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Nördablaðið

MIÐVIKUDAGUR 11. SEPTEMBER 2019



## Heillaður af Íslandi

Nýsjálenski leikarinn Manu Bennett er nú á Íslandi og verður viðstaddur Midgard-ráðstefnuna sem haldin verður um helgina í Fífunni. Bennett, sem er til dæmis þekktur fyrir hlutverk sitt sem skylmingakappinn Crixus í sjónvarpsþáttunum Spartacus og sem orkinn Azog í Hobbitanum, kom fyrst til landsins fyrir sex árum og hefur síðan þá komið margoft.

→2

Manu Bennett vinnur nú meðal annars að handriti um Axlar-Björn. Hann hefur lent í ýmsum ævintýrum og geta áhugasamir hitt kappann á Midgard-hátíðinni um helgina, FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Framhald af forsíðu ➭

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Manu Bennett er mikill Íslandsvinur, vægt til orða tekið. Hann segist sennilega hafa komið til landsins tólf sinnum frá fyrstu heimsókn. Þá hefur hann eignast góða vini hér á landi og nefnir hann þar sérstaklega Sillu Berg, ungan rithöfund frá Vestmannaeyjum, og rithöfundinn Andra Snæ Magnússon.

Manu kom fyrst hingað til lands árið 2013. Hann var á leiðinni frá New York til Parísar þar sem hann átti að taka þátt í Comic Con. Örlögin gripu í taumana og fékk hann símtal frá umboðsmanni sínum sem sagði honum að verkfall væri skollið á hjá starfsfólki Air France og því væri fluginu hans aflýst. Hálftíma seinna hringdi umboðsmaðurinn og stakk upp á að hann myndi fljúga í gegnum Ísland. „Ég spurði hann: Hvar er Ísland? og hann sagðist ekki vita það,“ segir Manu hlæjandi.

## Ógleymanlegt auglýsingaskilti

Manu segist hafa orðið agndofa þegar hann sá Ísland birtast undan skýjunum. „Þetta minnti mig bara á eyjuna í King Kong,“ segir hann. „Ég hafði tvo tíma á flugvellinum og rak þá augun í auglýsingaskilti sem gjörsamlega dáleiddi mig,“ segir Manu. „Ég sá þar ákveðna frásögn sem ég hef aldrei séð áður á auglýsingaskilti,“ segir hann. Skiltið reyndist vera auglýsing fyrir Farmer's Market. „Þarna voru skeggjaðir menn og konur með fléttur og ég horfði á þetta dolfallinn, maður sér svo sjaldan skeggjaða menn í bandarísku sjónvarpi í dag,“ segir hann. „Fyrir mér var þessi ljósmynd eins og kvikmynd, hún talaði til mín og mig langaði til að kynnast persónunum.“

Manu sá tónleika hljómsveitarinnar Hjaltalín um síðustu helgi og var þá sagt, honum til mikillar gleði, að Högni hefði verið ein fyrirsætanna í umræddri auglýsingu. „Þetta tengist allt á einhvern hátt.“

## Píanóleikur á söguslóðum

„Þegar ég var að fara sagði ég við umboðsmanninn minn að ég yrði að fara til Íslands,“ segir hann. „Hann bókaði fyrir mig hótel á Laugavegi og vinur minn sem býr á Spáni hafði samband og sagðist eiga vin á Íslandi,“ segir Manu sem tók boðinu fagnandi. „Ég hitti hann fyrir utan Gamla bíó sem var víst elsta kvikmyndahúsið á Íslandi,“ segir hann. „Þarna hafa Íslendingar fyrst séð allar þessar sígildu myndir og ég hugsaði með mér: Vá! og leiddi hugann að ítölsku kvikmyndinni Cinema Paradiso sem segir sögu kvikmyndahúss, frá því að það er byggt og þangað til það eyðileggst, og mér leið einhverra hluta vegna eins og ég væri staddur í þeirri mynd.“

Manu er margt til lista lagt og má þar nefna píanóleik. Hann stóðst því ekki mátið og tyllti sér við píanó sem var á svæðinu þar sem nú er Petersen-svítan. „Ég settist við píanóið og spilaði þemalagið úr Cinema Paradiso,“ segir hann dreyminn. „Ég upplifi alltaf svo áhrifamikil augnablik þegar ég heimsæki Ísland.“ „Það eru ekki margir staðir eftir á jörðinni sem hafa ekki umbreyst af mannavöldum,“ segir Manu. „Þetta er eins og finna mjög vandað vín sem enginn hefur snert.“

Aðdráttaraflið við Ísland er sterkt en hann segist þó meðvitaður um að hann sé frábrugðinn hinum dæmigerða Íslendingi. „Ef þú horfir svo á mig sérðu að



Manu Bennett kom fyrst til Íslands fyrir sex árum. Hann er heillaður af landi og þjóð og segir margt við Ísland minna sig á heimalandið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ég er utangarðsmaður, ég hefði getað verið tekinn í misgripum sem Tyrki,“ segir hann en hann er meðal annars afkomandi Māori-ættbálksins. „Ég fór samt í svona erfðaapróf og er víst 10% Norðmaður, það kannski skýrir eitthvað,“ segir Manu hlæjandi.

## Vinátta í Vestmannaeyjum

Manu hefur oft heimsótt Vestmannaeyjar og á þar góða vini. Eitt skiptið þegar hann var nýlagður af stað var hann djúpt hugsi þegar sími hans titraði skyndilega. „Ég var í ferjunni á leið frá Vestmannaeyjum þegar Silla Berg sendi mér skilaboð. Þetta var eitt af þessum augnablikum þar sem ég hugsaði með mér: Mun ég einhvern tímann koma hingað aftur? Af hverju er heimurinn fullur af svona stórkostlegum stöðum sem maður sér svo kannski aldrei aftur?“ segir hann. „Ég var að upplifa svo mikla angurværð á nákvæmlega þessu andartaki og svo titrar síminn og það er stelpa frá eyjunum að segja mér að koma aftur,“ segir Manu og hlær. „Ég fór aftur seinna og hitti hana og hún sagði mér frá ást sinni á eyjunum en að allir væru að yfirgefa þær og fara til Reykjavíkur, og að hana langaði til að verða rithöfundur og halda uppi heiðri eyjanna.

Við settumst niður og ræddum um leiðir til þess að skrifa sögu sem myndi halda heiðri eyjanna á lofti,“ segir Manu. „Við ræddum meðal annars um Pelagus-sjóslysið þar sem allir þorpsbúarnir stóðu við klettana og fylgdust með björgunarmönnunum og sáu lækninn, sem reyndi að bjarga einum skipverja, festast í trollinu og drukkna,“ segir hann. „Líf þessara manna var undir hafinu komið,“ segir Manu. Samstarf þeirra Manu og Sillu stendur enn yfir en handritið sem þau skrifuðu ber heitið Over the Volcano.

## Ísköld áskorun

„Ég var viðstaddur þegar goslokunum var fagnað og þá kom bæjarstjórinn, Elliði, upp að mér, en ég vissi þá ekki að hann væri bæjarstjórinn. Ég var í sinnepsgulri 66°Norður rúllukragapeysu og hann sagðist kunna að meta peysuna mína og vildi eignast hana,“ segir Manu. „Þá sagði hann: Þú mátt eiga mína peysu ef ég

> Ég held að frásagnarlist samtímans geti mögulega hjálpað til við að létta á þessum staðalímyndum.

má eiga þína,“ hann var klæddur í þessa hefðbundnu lopapeysu.“ Elliði skoraði Manu á hólm en áskorunin fólst í því að athuga hvor gæti verið lengur í köldum sjónum og sá sem hefði betur fengi peysuna frá hinum. „Ég hugsaði að þetta væri svo klikkuð áskorun að ég yrði að slá til og við förum í sjóinn hjá hellinum,“ segir hann. Manu fór með sigur af hólmi. „Hann fór upp úr eftir 22 mínútur og ég eftir 24 mínútur, það var ískalt,“ segir hann hlæjandi.

## Heillaður af sögu Axlar-Bjarnar

„Ég ætla ekki út í smáatriði en ég hitti Fjallið (Hafþór Júlíus Björnsson) fyrir stuttu en ég er að skrifa handrit um Axlar-Björn,“ segir Manu. Hann segir margt heilla sig við söguna af Axlar-Birni sem hann heyrði í fyrsta skipti sem hann kom til landsins. „Ef þú skoðar ástæðurnar að baki þá er þar þjáning og fátækt, sjálf móðir hans sagði hann vera illan á meðan hann var í móðurkviði,“ segir Manu hugsi. Hann vill þó ekki láta of mikið uppi. „Mín útgáfa gerist í samtímanum,“ útskýrir hann. Þá muni hann leitast við að koma inn á ferðaþjónustuna á Íslandi sem hann segir hafa sínar skuggahliðar. „Það hefur margt breyst hérna frá því að ég kom fyrst.“

Manu hefur upplifað ansi stór augnablik með íslensku þjóðinni en hann var staddur á Arnarhóli þegar Ísland fór með sigur af hólmi í viðureign sinni við Englendinga. Hann segir viðbrögð Guðmundar Benediktssonar íþróttafréttamanns hafa verið stórkostleg. „Ég hitti svo seinna fyrirliðann og tók með honum víkingaklappið,“ segir hann og líkir víkingaklappinu við Hula, vígsludans Māori-ættbálksins.

Þá kynntist hann rithöfundinum Andra Snæ Magnússyni í síðustu heimsókn sinni til landsins. Hann lofsamar Andra og nefnir þar bækurnar Tímakistuna og Bláa hnöttinn. „Hann sagði mér að gömul frænka hans hefði verið barnfóstra hjá Tolkien,“ segir hann. „Um síðustu helgi er ég svo staddur á Comic Con í Þýskalandi þar sem einhver kynnir mig fyrir barnabarni Tolkien, svo ég tek upp símann og hringi í Andra og set hann í símann og þannig tengjast loks þessar fjölskyldur,“ segir Manu.

## Þekktastur sem Crixus

Manu segir flesta þekkja hann sem Crixus en það er persónan sem hann lék í Spartacus-þáttunum. „Ég var á leið vestur þegar ég stoppaði í litlum bæ, nálægt álveri, og spurði hvort það væri bar og var þá vísað á hálfgerðan skúr.“ Þegar Manu gekk inn voru þar fjórir stórir menn og stóð honum varla á sama. „Þetta leit ekki vel út fyrir mig, mér leið eins og ég væri staddur í vestra,“ segir hann. „Barþjónninn lét mig hafa bjór án þess að segja orð en svo snýr einn mannanna sér að mér og spyr mig hvort ég sé í sjónvarpsþætti sem ég svara játandi. Þá spennist hann allur upp og hrópar hátt: „Spartacus, þú ert Crixus!“,“ segir hann. Áður en Manu vissi af voru þeir búnir að hringja í fjölda samstarfsmanna og fylltist barinn fljótlega af sterkbyggðum karlmönnum sem spurðu hann spjörunum úr. „Þeir hrópuðu hluti eins og: „Við héldum að þú værir hærri!“,“ segir Manu hlæjandi.

„Ég held að þetta sé hlutverkið sem ég er helst þekktur fyrir,“ segir hann. „Hobbitinn er vafalaust vinsælasta myndin mín en það eru ekki margir sem þekkja mig þaðan, kannski vegna þess að þar er ég í hlutverki Orka,“ segir Manu og brosir.

## Staðalímyndir skaðlegar

„Ég reyni að starfa af heilindum sem leikari, og forðast þannig helst að taka að mér hlutverk sem ýta undir staðalímyndir,“ segir Manu. „Mér er stundum boðið hlutverk eiturlyfjasalans eða vonda karlsins frá Mexíkó, en þær persónur sem ég hef leikið hef ég getað túlkað út frá mannlegum þáttum, þær eru oft eins konar andhetjur,“ segir hann. „Því meira sem við sköpum þessar staðalímyndir því meira ýtum við undir þessa fjarlægð á milli fólks,“ segir hann. „Eins og þegar Tyrkirnir komu hérna fyrir stuttu vegna fótboltaleiksins, þá var fljótt farið að minnast á Tyrkjaránið. Ég held að frásagnarlist samtímans geti mögulega hjálpað til við að létta á þessum staðalímyndum.

Það var frábær mynd sem vann Óskarsverðlaunin fyrir nokkrum árum, Crash, en hún tengdi saman ólíka menningarheima á snilldarlegan hátt og sýndi það að við erum flest að fást við sömu hlutina, við vöknum á morgnana og leiðir okkar liggja kannski saman, en samt upplifum við hvert annað sem svo öðruvísi,“ segir Manu. „Ég kæri mig ekki um að hlaupa um sem einhvers konar táknmynd eða fígúra fyrir bandarísku stríðsvélina eða sem hryðjuverkamaður,“ segir hann.

„Ég sat í gær og spilaði á píanó og minnti sjálfan mig á að ég væri líka þessi mjúki tónlistarmaður. Ég er ekki bara þessir harðjaxlar sem ég leik,“ segir hann. „Svo koma karlmenn upp að mér og tala um hvað Crixus er mikið hörkutól en ég held að það sem höfði svona til karlmanna sé einmitt það að ég var ekki einungis að kljást við það sem var erfitt og karlmannlegt heldur líka það sem sneri að tilfinningalegu hliðinni,“ segir hann.

Manu segir að kjarninn í viðburðum á borð við Midgard sé frásagnarlistin. „Eins og Andri Snær, einhver eins og hann ætti að vera viðstaddur, rithöfundarnir ykkar ættu að taka þátt vegna þess að það sem þið hafið er ekki síst þessi norræna goðafræði,“ segir hann. „Svona viðburðir byrjuðu á heimsvísu út frá hinu svokallaða „nördasamfélagi“ og það er ákveðin depurð sem fylgir því,“ segir hann. „Eins og til dæmis í Cosplay, þar sem þátttakendur lifa í gegnum þessa persónusköpun, klæða sig upp sem ofurhetjur og verða þannig hugrakkari,“ segir hann. „Í gegnum þessa búninga ná þeir að tileinka sér eiginleika sem þeir vilja búa yfir í hversdagslífinu.“

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is

# MIDGARD

## FÍFUNNI 13-15 SEPTEMBER

## DAGSKRÁ FÖSTUDAGSINS



| | | |
|---|---|---|
| 12:00-12:30 | Spilasvæðið opnar kl. 12:00 | FENRIS |
| 16:00-18:00 | King of Tokyo | FENRIS |
| 16:30-17:00 | Quidditch hringborðsumræða | TRUDHEIM |
| 17:30-19:30 | Ivan King grímugerðarnámskeið | TRUDHEIM |
| 20:00-23:00 | GRÍMUBALL (18+) | GLADSHEIM |

Opnunartímar á föstudaginn:

Spilasvæði: 12:00-23:00
Sölu- og kynningabásasvæði: 16:00-19:00
Grímaballið byrjar kl. 20:00

(VIP miðahafir fá aðgang hálftíma fyrr að úsölu- og kynningabása-svæðinuvæðinu á föstudeginum og hálftíma fyrr almennt á laugardeginum og sunnudeginum.)

## DAGSKRÁ LAUGARDAGSINS

| GLADSHEIM | |
|---|---|
| 11:15-12:15 | M-Media |
| 12:30-14:00 | Ivan King grímugerð á sviði |
| 14:20-15:20 | The Dice Tower - Top 10 games that make us feel stupid |
| 15:40-16:40 | Rithöfundapallborðsumræða |
| 17:00-18:00 | Jumeria Nox - Búðu til þitt eigið höfuðskraut |
| 18:20-19:20 | David Bateson - Hitman |
| 19:40-20:40 | Dragon Legion - Go, Goblins, Go! |
| 21:00-00:00 | Pub Quiz Plebbarnir |

| FÓLKSVANGR | |
|---|---|
| 13:30-14:00 | Prúfaðu Quidditch |
| 14:00-14:20 | Rimmugýgur - Víkingabardagasýning |
| 14:40-15:00 | HEMA bardagasýning |
| 15:20-15:40 | Funjerai - LARP bardagasýning |
| 16:00-16:30 | Prúfaðu Quidditch |
| 16:40-17:00 | Bardagasýning með geislasverðum |
| 18:00-18:20 | Rimmugýgur - Víkingabardagasýning |

| TRUDHEIM | |
|---|---|
| 12:00-13:30 | Jedi grunnþjálfun |
| 13:50-14:50 | Patterning 101 |
| 15:10-15:40 | Ages 4 and up! Geeks & Toys |
| 16:00-17:00 | Búningahornið |
| 17:20-17:50 | Nexus Noobs hringborðsumræða |
| 18:10-18:40 | HEMA hringborðsumræða |

Opnunartímar á laugardaginn:

Spilasvæði: 11:00-23:00
Sölu- og kynningabásasvæði: 11:00-19:00

(VIP miðahafir fá aðgang að svæðin hálftíma fyrr.)

## DAGSKRÁ SUNNUDAGSINS

| GLADSHEIM | |
|---|---|
| 11:15-12:15 | Sverð og geislasverð |
| 12:30-13:30 | Íslensk borðspilahönnun |
| 13:50-14:50 | Dan Abnett -ferðin milli alheimanna |
| 15:10-16:10 | Hringborðsumræða listamanna |
| 16:30-17:30 | The Dice Tower - Game show |
| 17:50-19:20 | Manu Bennett |
| 19:40-22:00 | Búningakeppni og verðlaunaafhending |

| FÓLKSVANGR | |
|---|---|
| 13:30-13:50 | HEMA bardagasýning |
| 13:30-14:30 | Quidditch sýningaleikur |
| 14:50-15:10 | Rimmugýgur - Víkingabardagasýning |
| 15:30-15:50 | Bardagasýning með geislasverðum |
| 16:00-16:30 | Prúfaðu Quidditch |
| 16:10-16:30 | Rimmugýgur - Víkingabardagasýning |
| 17:30-17:50 | Funjerai - LARP bardagasýning |

| TRUDHEIM | |
|---|---|
| 12:00-13:00 | Ævar Þór Benedictsson - Þinn eiginn tölvuleikur: fyrsti lesturinn* |
| 13:20-13:50 | Cosplay ljósmyndun - hringborðsumræða |
| 14:10-15:10 | "Right the first time": A beginner's guide to sewing for LARP and reenactment (cheaply!) |
| 15:30-16:00 | LARP hringborðsumræða |
| 16:20-17:20 | Jumeria Nox námskeið í gerð höfuðskrauts |
| 16:20-17:50 | Jedi grunnþjálfun |



Opnunartímar á sunnudaginn:

Spilasvæði: 11:00-21:00
Sölu- og kynningabásasvæði: 11:00-19:00

(VIP miðahafir fá aðgang að svæðin hálftíma fyrr.)

*einungis á íslensku

**Miðar á**
**www.midgardreykjavik.is**
**eða á tix.is**

# Ísland vantaði alvöru nördahátíð

## Nexus er einn af hornsteinum fantasíu- og vísindaskáldskaparmenningar á Íslandi. Verslunin tekur þátt í undirbúningi Midgard-hátíðarinnar og stendur þar fyrir spennandi viðburðum.

Gísli Einarsson, framkvæmdastjóri Nexus, segir hátíðina hafa verið lengi í pípunum.

„Það vantaði svona hátíð. Hún var í raun eina púslið sem vantaði í fantasíu- og vísindaskáldskaparmenningu landsins. Nexus hafði lengi verið til sem sérhæfð verslun, allar helstu myndirnar koma í bíó, mikið af sjónvarpsefni er aðgengilegt og allir tölvuleikir innan seilingar sem og upplýsingar á netinu,“ segir Gísli fullur tilhlökkunar en sams konar hátíðir eru haldnar í öllum helstu borgum Evrópu og þær stærstu laða að þúsundir gesta.

„Það var bara spurning hvenær höfuðborg Íslands fengi sína eigin hátíð,“ segir Gísli. Aðkoma Cosplay Iceland skipti þar sköpum. „Ein af undirstöðum hátíðahaldsins er fólkið sem mætir í búningunum sínum, yfirleitt heimagerðum og oft byggðum á persónum úr einhverjum þeirra fjölmörgu fantasíuheima sem til eru á prenti og á skjánum. Á ensku heitir þetta áhugamál „cosplay“ og hefur áhugi Íslendinga á því farið hratt vaxandi,“ útskýrir Gísli.

Samhliða auknum áhuga á cosplay hefur áhugi á LARP-hlutverkaleik færst í aukana hér á landi en í LARP klæðast þátttakendur búningum.

„Við gerðum okkur nokkuð góða grein fyrir því hvernig hátíðin yrði, þegar nær dró fyrstu Midgard-hátíðinni í fyrra, en þó gátum við ekki vitað hve mikið af gestum legði metnað í að mæta í búningum. Það kom okkur því þægilega á óvart að fjöldi fólks í búningum varð töluvert meiri en við bjuggumst við,“ upplýsir Gísli.

### Hátíð fyrir alla fjölskylduna

Midgard-aðdáendahátíðin er ekki einungis fyrir fólk sem á búning.

„Alls ekki. Meirihluti gesta mætir í hversdagsfötunum sínum til að taka þátt í því sem í boði er, hvort sem það eru fyrirlestrar eða spjall með erlendum gestum, pallborðsumræður, uppákomur, sviðsetning á bardögum eða bara að setjast niður og spjalla. Svo verða á staðnum sölu- og kynningarbásar með aðilum sem bjóða upp á sitthvað sem tengist þessum furðuheimum en á hátíðinni er mikið lagt upp úr því að bjóða upp á afþreyingu fyrir ungt fólk, leyfa því að spila, setja saman módel og taka þátt í uppákomum. Þetta á að vera hátíð fyrir alla fjölskylduna, allar gerðir og stærðir af fjölskyldum,“ segir Gísli og vonast til að sjá sem flesta.

Hann segir fantasíu- og vísindaskáldskaparmenningu höfða jafnt til stráka og stelpna, karla og kvenna.




Gísli Einarsson er framkvæmdastjóri Nexus og mikill aðdáandi myndasagna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Það hefur breyst mikið á síðustu tveimur áratugum og eru kynjahlutföllin orðin ansi jöfn á flestum sviðum þessara áhugamála. Það er ótrúleg breyting og eitt það allra mest gefandi fyrir mig hin síðustu ár að sjá hversu hratt þetta breyttist. Íslenska kvikmyndin Astrópía, frá árinu 2007, var alls ekki svo ýkt hvað þetta varðaði, hún sýnir vel hvernig var í Nexus nokkrum árum fyrir gerð hennar. Núna varðveitir hún þennan liðna tíma, næstum eins og heimildarmynd,“ segir Gísli.

### Spil ýta undir félagsþroska

Margt séríslenskt verður í boði á Midgard-hátíðinni um helgina.

„Fjölmargir íslenskir gestir, til dæmis Hugleikur Dagsson og Ævar vísindamaður, munu setja svip sinn á hátíðina og einnig skipa víkingar stóran sess á hátíðinni þar sem víkingaáhugafélagið Rimmugýgur verður með sitt eigið víkingaþorp og sýnir bardagalistir með reglulegu millibili alla helgina,“ upplýsir Gísli.

Áhersla á spil og spilamennsku sé líka meiri á Midgard en sams konar hátíðum úti í heimi.

„Þá á ég við spil sem fólk spilar saman yfir borði. Tölvuleikir verða alltaf vinsælir í samfélaginu en Midgard styður sérstaklega við spilamennsku án tölva því hinn félagslegi hluti slíkra spila er mjög mikilvægur,“ segir Gísli.

Nexus hefur frá upphafi rekið spilasal meðfram versluninni til að kynna helstu spilin sem í boði eru og styðja við „öðruvísi“ spil, svo sem kortaspilin Magic the Gathering, Pokemon og Yu-Gi-Oh.

„Líka herkænskuspil eins og Warhammer, X-Wing og Flames of War og auðvitað hlutverkaspil eins og Dreka og dýflissur. Allt eru það spil sem þarf að spila við aðra og því virkar spilasalur Nexus eins og samkomusalur. Þar er mismunandi dagskrá eftir dögum svo allir spilahópar komist að. Á sumum kvöldum geta verið tugir fólks að spila í nýja salnum í Glæsibæ en á Midgard koma margir aðilar að því að sjá um spilamennsku og spilakynningar, til dæmis spilaverslunin Spilavinir. Alltaf er áherslan sú sama; að fólk spili við hvert annað í návígi,“ upplýsir Gísli.

> **Midgard styður sérstaklega við spilamennsku án tölva því félagslegi hluti slíkra spila er mjög mikilvægur.**

### Ungt fólk skortir áhugamál

Nexus aðstoðar og hýsir námskeið undir nafninu Nexus Noobs sem rekin eru af Sentíu sálfræðistofu og barna- og unglingasálfræðingnum Soffíu Elínu Sigurðardóttur.

„Noobs er enskt slangur yfir orðið byrjendur,“ útskýrir Gísli. „Nexus Noobs-námskeiðin eru fjölbreytt en aðalnámskeiðin eru um 10 vikur og fá þátttakendur að kynnast hinum ýmsu furðuheimum. Við leggjum áherslu á að spila saman mismunandi spilagerðir sem fást í Nexus og eru námskeiðin sérstaklega sniðin að ungu fólki sem vantar ný og krefjandi áhugamál; eitthvað til að virkja hugann og ekki síst finna félaga til að deila með áhugamálum. Þannig komast þau aðeins frá tölvunni og snjallsímanum, en foreldrar hafa tekið þessum námskeiðum mjög vel og komast færri að en vilja,“ segir Gísli um Nexus Noobs-námskeiðin sem eru sífellt að aukast að fjölda og úrvali.

### Myndasögur efla læsi

Nexus hellti sér út í bókaútgáfu í fyrra og gaf út myndasögur um ofurhetjuna Batman á íslensku.

„Við fengum formlegt leyfi til að íslenska nafn Batmans og heitir bókaserían því Leðurblakan, eða Blakan. Útgefandinn, DC Comics, leyfði okkur meira að segja að gera íslensk lógó fyrir Blökuna. Þetta hefur verið mjög lærdómsrík vinna og við höfum lært heilmikið, stundum af mistökum,“ segir Gísli og brosir.

Út eru komnar sex bækur um Blökuna og á Midgard verður frumsýnd ný bók með Blökunni, Ofurmenninu, Undrakonunni, Grænu luktinni, Marmenninu og Leiftri, sem saman mynda ofurhetjuteymið Réttlætisbandalag Ameríku (e. Justice Leage of America).

„Við ritstjóri Blökunnar, Pétur Yngvi Leósson, erum miklir aðdáendur myndasagna. Við ólumst upp við lestur þeirra og vildum gjarnan sjá fleira ungt fólk á Íslandi njóta þess listforms. Myndasagan er nútímalistform sem þróaðist samhliða nýjum listformum 20. aldar á borð við reyfarann, útvarpsþáttinn, bíómyndina og sjónvarpsþáttinn. Myndasögur eru heill heimur af skemmtun og fróðleik, ólíkar hefðbundnum myndskreyttum bókum eða skáldsögum,“ upplýsir Gísli.

Til að lesa myndasögu þurfi að læra á formið, skilja hvernig mynd og texti vinna saman og hvernig myndræn uppbygging síðunnar hefur áhrif á tíma og flæði.

„Svo ef þig langar að lesa japanskar myndasögur þarftu að læra að lesa síðurnar frá hægri til vinstri. Við í Nexus höfum áhyggjur af minnkandi lestri ungmenna og tengjum það við að þau finni ekki nógu mikið af efni sem höfðar til þeirra. Eitthvað sem tekur við af Andrési Önd; efni sem gerir ungt fólk að reglulegum lesendum og undirbýr þau í að lesa samfelldan texta. Myndasögur virka mjög vel til að þjálfa lestur því myndræn frásögn styður við og skýrir lestextann. Það vantar bara meira af efni á íslensku og í sumar kom nýr myndasöguútgefandi til sögunnar, Hetju-myndasögur sem gefur út Marvel-ofurhetjubækur. Því ber að fagna; ofurhetjubíómyndir eru vinsælustu bíómyndir samtímans, en allt byrjaði það í myndasögum,“ útskýrir Gísli.

Aðalverslun Nexus er í kjallaranum í Glæsibæ, sem áður hýsti sportverslunina Útilíf, og einnig er verslun á jarðhæð Kringlunnar. Sjá nánar á nexus.is





Sjálfboðaliðar vinna mikið verk.

## Sjálfboðaliðar andlit hátíðar

Ráðstefna eins og Midgard krefst töluverðs skipulags svo að allt gangi smurt. „Þessi hátíð hefði aldrei orðið til ef ekki væri fyrir sjálfboðaliðana. Það er mikið sem þarf að gera og fylgjast með á hátíðinni svo allt gangi vel og erum við afskaplega þakklát fyrir alla þessa aðstoð,“ segir Regína R. Friðriksdóttir sem heldur utan um sjálfboðaliðana.

„Þetta „nördasamfélag“ sem er hér á Íslandi er svo frábært og allir eru til í að hjálpa hátíðinni að stækka. Þau eru í raun andlit hátíðarinnar og þess vegna finnst okkur mikilvægt að þau skemmti sér með öllum að launum fyrir alla hjálpina. Sjálfboðaliðarnir fá frítt inn á hátíðina þegar þeir hafa lokið sínum vinnutíma og fá bæði mat og drykk á meðan hún stendur yfir. Við viljum þakka þeim innilega fyrir alla aðstoðina!“ segir Regína.



Borðspil verða í boði fyrir börn. NORDICPHOTOS/GETTY

## Nóg að gera fyrir börnin í Midgard

Á Midgard-hátíðinni verður nóg um að vera fyrir yngstu kynslóðina. Í spilasalnum verður sérstakt svæði fyrir krakka til að spila borðspil. Tveir hoppukastalar verða á svæðinu. Ratleikur verður í gangi alla hátíðina. Ævar Þór Benediktsson, sem flestir krakkar þekkja undir nafninu Ævar vísindamaður, mun lesa upp úr nýjustu bók sinni í hinum sívinsæla Þín eigin-bókaflokki. Borð með módelum og módelmálningu verður á svæðinu en það var mjög vinsælt á hátíðinni í fyrra. Þetta er einungis brot af því sem krakkar geta skemmt sér við á meðan á hátíðinni stendur og því um að gera að mæta með börnin um helgina og leyfa þeim að taka þátt í dagskránni.

# Spennandi umræður og vinnustofur

Ýmsar áhugaverðar pallborðsumræður og vinnustofur verða á Midgard-hátíðinni. Þar má meðal annars fræðast um galdraíþróttina quidditch og hvernig hún hefur verið aðlöguð muggaheimum. Þá er boðið upp á vinnustofu í mynsturgerð svo hægt sé að búa til sín eigin föt með sérhönnuðu mynstri. Þá er hægt að læra hvernig búa á til íburðarmikið höfuðskraut sem setur punktinn yfir i-ið á búningnum þínum.

Þá verða einnig pallborðsumræður um framtíð stafrænna miðla og nýja nálgun á stafrænni efnissköpun sem kallast M-Media. Rætt verður hvernig hægt er að tengja notendur með tilfinningum frekar en að treysta einungis á tæknina.



Hægt verður að fræðast um quidditch. NORDICPHOTOS/GETTY




# Búningar eru stór partur af nördahátíðum

Stærsta búningakeppni Íslandssögunnar verður haldin á Gladsheim-sviðinu á sunnudaginn. Glæsileg verðlaun eru í boði en í fyrstu verðlaun fyrir besta búninginn er ljósmyndaferð með Pink Iceland um Reykjanesskagann.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Ljósmyndari fer með vinningshafanum í ferðina og tekur myndir af búningnum sem vinningshafinn fær svo að eiga, en svo verða ýmis fleiri verðlaun líka," segir Regína R. Friðriksdóttir einn skipuleggjenda keppninnar.

„Þetta er stærsta búningakeppni af þessari tegund sem er haldin á Íslandi," segir Regína. „Við héldum svona keppni í fyrra og þá voru miklu fleiri sem tóku þátt en við bjuggumst við. Maður veit ekkert hvað margir eru í búningagerð á Íslandi. Það vantar vettvang fyrir fólk í búningagerð til að sýna hvað það getur."

Regína segir að í keppninni í fyrra hafi verið mikið af hæfileikaríku fólki. „Það eru greinilega margir hér sem hafa áhuga á búningagerð. Að sjálfsögðu var líka fólk sem var í keyptum búningum en mjög margir gerðu sína eigin."

Erlendar nördahátíðir snúast að miklu leyti um búningana, að sögn Regínu. „Auðvitað er mikið um aðra dagskrá eins og pallborðsumræður. En það er stór partur af svona hátíðum að sjá búningana."

Eins og áður segir verður keppnin á sunnudaginn. „Hún hefst klukkan 19.40 á sunnudagskvöldið. Þetta er svona lokapartur hátíðarinnar. Keppninni er skipt upp í fjóra hópa í ár. Yngri en 14 ára, 14-17 ára, 18 ára og eldri og hópakeppni.

„Í dómnefnd er fólk sem þekkir vel til búninga. Það er annaðhvort að vinna við búningagerð eða nota búninga í vinnu. Þetta er fólk sem veit hvað það er að tala um þegar það dæmir búningana."

Búningarnir í keppninni þurfa ekki að fylgja neinu sérstöku þema. „Það má vera í hvernig búningi sem er. Þetta er nördahátíð þannig að allt er í raun leyft. Það eina sem við biðjum um er að fólk sé ekki í óviðeigandi búningum því þetta er náttúrulega fjölskylduhátíð," segir Regína.

Hún bætir við að þau séu einnig með svokallað cosplay walk-on á hátíðinni fyrir þá sem vilja ekki taka þátt í keppninni en vilja samt sýna búninginn sinn. „Fólk kemur þá bara upp á svið í búningnum og getur gert nokkurn veginn hvað sem er, sagt eitthvað, sýnt dans eða bara snúið sér í hringi," segir Regína.

Það er hægt að skrá sig í keppnina fram að miðnætti á föstudag inni á midgardreykjavik.is.



Regína R. Friðriksdóttir skipuleggur búingakeppnina í ár.

> **Það eina sem við biðjum um er að fólk sé ekki í óviðeigandi búningum því þetta er náttúrulega fjölskylduhátíð.**



Það mátti sjá ýmsar verur í búningakeppninni í fyrra.



Þátttakendur í fyrra lögðu mikinn metnað í búningana.





Mountain Dew
Mountain Dew CITRUS BEAST
DO THE DEW®



**Azmodee hefur keypt upp fjölmargar útgáfur á undanförnum árum.**

## Frakkar kaupa borðspilaiðnaðinn

Þegar kemur að borðspilum hafa Frakkar ávallt verið stórir, bæði í hönnun og framleiðslu. Risk, þekktasta stríðsspil heims, var til að mynda hannað af frönskum kvikmyndaleikstjóra árið 1957. Aðeins Þjóðverjar og Bandaríkjamenn stóðu Frökkum framar. Á undanförnum árum hafa þeir hins vegar yfirtekið bransann. Hönnuðirnir skara fram úr og risinn Azmodee keypt upp flest allar útgáfurnar.

Antoine Bauza, Bruno Faidutti, Bruno Cathala, Marc Andre og Maxime Rambourg eru ekki nöfn sem allir þekkja. En þeir eru á meðal þeirra úrvalshönnuða þekktra borðspila sem Frakkar státa af í dag. Það mætti segja að gullöld franskrar borðspilahönnunar sé í gangi, bæði hvað varðar gangverk, útlit og vinsældir.

Fyrir fimm árum var franska leikfangafyrirtækið Azmodee ekki stórt á borðspilamarkaðinum. En á undanförnum árum hefur það keypt upp flestar útgáfur, bæði stórar og litlar, og með þeim réttinn á þekktum borðspilum. Má þar nefna Z-Man Games (Carcassonne, Pandemic), Days of Wonder (Ticket to Ride), Fantasy Flight Games (Arkham Horror), Repos (7 Wonders), Mayfair (Catan), CGE (Codenames) og mörg, mörg fleiri. Á síðasta ári var Azmodee síðan keypt af PAI Partners, sem einnig er franskt.

Margir hafa haft áhyggjur af þessari samþjöppun á markaðinum og óttast að gæðin minnki, eins og gerðist þegar leikfangarisinn Hasbro keypti upp fjöldaframleiðslufyrirtækin á síðustu öld. Frá því borðspilabyltingin hófst árið 1995 hefur útgáfan verið mjög dreifð. Azmodee hefur hins vegar passað upp á að halda hinum keyptu fyrirtækjum og hönnunardeildum þeirra aðskildum, og enn sem komið er hafa gæðin haldist nær óbreytt.



**Leikurinn Pokémon Go er endalaust vinsæll hjá ungum sem öldnum.**

## Leitað að Pokémon

Pokémon-keppni verður haldin á Midgard-hátíðinni í Fífunni. Á laugardag etja kappi reyndari Pokémon-spilarar en yngri spilarar geta tekið þátt á sunnudag. Þá verða einnig á staðnum kennarar í Pokémon. Jón Kristján Pétursson verður mótsstjóri á laugardag og Óli Már Hrólfsson á sunnudag en báðir munu verða þar til skrafs og ráðagerða.

Hægt er að skrá sig til keppni á heimasíðu Midgards, midgardreykjavik.is og finna nánari upplýsingar um leikreglur fyrir keppnina.

## Grímuball í anda Viktoríutímabilsins

Marga hefur væntanlega dreymt um að fara á „masquarade ball“, eða grímuböll líkt og haldin voru í konungshöllum Evrópu á 18. og 19. öld. Á föstudaginn verður slíkt ball einmitt haldið, á opnunardegi Midgard-ráðstefnunnar í Fífunni. Leyndardómsfull böll sem þessi eru samofin nördamenningunni og má í því samhengi nefna költmynd Stanley Kubrick, Eyes Wide Shut.

Sven van Heerden, framkvæmdastjóri Midgard, segir að undirbúningurinn gangi vel. „Þetta verður partí, í stíl Viktoríutímabilsins, þar sem gestir bera grímu. Við vonumst til að sjá sem flesta með grímu en það er ekki skylda.“ Á staðnum verður einnig hægt að kaupa grímur. „Svo er fólki líka frjálst að mæta í búningi.“



**Búast má við dularfullu balli í Kópavoginum.** NORDICPHOTOS/GETTY





„Með Nutrilenk Gold er lífið svo miklu auðveldara," segir Eygló Jónsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Stunda fjallgöngur og hjóla án verkja

NUTRILENK GOLD hefur hjálpað þúsundum Íslendinga sem þjáðst hafa af stirðleika, eymslum í hnjám og öðrum liðverkjum og það fjölgar stöðugt í þessum hópi. Eygló Jónsdóttir hefur með inntöku Nutrilenk haldið sínum verkjum í skefjum.

Nutrilenk Gold er unnið úr sérvöldum fiskbeinum (aðallega úr hákörlum) sem eru rík af virku, nýtanlegu og uppbyggilegu kondrótíni, kollageni og kalki og reynslan hefur sýnt að það er að hjálpa fjölmörgum sem finna fyrir eymslum í liðum, þá sérstaklega hnjám og mjöðmum. Einnig er hægt að fá Nutrilenk Active og Nutrilenk Gel en öll eiga þessi efni það sameiginlegt að geta hjálpað til við að draga úr stirðleika og verkjum í liðum og vöðvum.

**Síðustu fimm ár hef ég geta stundað fjallgöngur, hjólað og haldið mér gangandi með Nutrilenk.**

Eygló Jónsdóttir

### Byggir upp, smyr og mýkir

Nutrilenk Gold hentar vel ef brjósk hefur orðið fyrir hnjaski og með reglulegri inntöku er hægt að viðhalda árangrinum. Grundvallaratriði er þó að brjóskeyðing sé ekki alger. Nutrilenk Active inniheldur hýalúronsýru sem „smyr" stirða liði og hjálpar fólki sem þjáist af minnkandi liðvökva. Sumir taka það inn eitt og sér eða með Nutrilenk Gold. Nutrilenk Gel inniheldur kondrótín ásamt eucalyptus og engifer og er því bæði kælandi og getur dregið úr bólgum en það hentar bæði á auma liði og vöðva.

Nutrilenk Gold er mest selda liðbætiefnið á Íslandi en það getur hjálpað gegn brjóskvefsrýrnun sem virðist hrjá ótrúlega marga, hvort sem er vegna aldurs, álags eða slyss. Það hefur sýnt sig að þetta bætiefni getur breytt allri líðan og lífi fólks og það bætist stöðugt í hóp þeirra sem hafa öðlast nýtt líf.




### Með Nutrilenk Gold er lífið svo miklu auðveldara

Eygló Jónsdóttir hefur náð góðum bata með inntöku á Nutrilenk Gold:

„Ég sleit krossbönd fyrir mörgum árum og er staðan nú bein í bein, því fylgja verkir og bólgur. Einnig er ég með slit í þumalfingri. Ég var alltaf að leita mér að einhverri lausn án þess að þurfa að taka inn verkjalyf. Fann Nutrilenk Gold og með því að taka það daglega held ég verkjum í skefjum, síðustu fimm ár hef ég getað stundað fjallgöngur og hjólað án verkja. Ég hef prófað að hætta að taka það inn en alltaf byrjað að finna fyrir verkjum aftur. Ég byrja því alla daga með Nutrilenk Gold, það gerir lífið bara svo miklu auðveldara."

### Byggingarefni brjóskvefs

Helstu innihaldsefnin í Nutrilenk Gold er kondrótín, kollagen og kalk en til þess að gera þessi innihaldsefni eins virk og kostur er, þá er það meðhöndlað með ensími (hvata) sem smækkar stóru mólekúlin og gerir það frásogunarhæft og virkt sem frábært byggingarefni fyrir brjóskvef. Að auki inniheldur Nutrilenk Gold C-vítamín, D-vítamín og mangan til að auka virkni efnisins sem mest.

Hair Volume – fyrir líflegra hár



Aldrei haft jafn þykkt hár

„Eftir að hafa misst allt hár í krabbameinsmeðferð byrjaði ég að taka **Hair Volume frá New Nordic.**

Eftir 4-6 vikur fór hárið að vaxa aftur og ég hef aldrei haft jafnt löng augnhár, þykkar augabrúnir og þykkt hár eins og núna og það hvarflar ekki að mér að hætta að taka þetta bætiefni inn."

*Edda Dungal*




Hair Volume inniheldur jurtir og bætiefni sem sem eru mikilvæg fyrir hárið og getur gert það líflegra og fallegra.

Sölustaðir: Flest apótek, heilsuhús og heilsuhillur stórmarkaða

Nánar á **artasan.is**

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki mótorhjól. Komdu og kiktu við í sýningarsal Suzuki. Ymislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

### Hreingerningar

**Hreinsun á:**
sófasettum • stólum • dýnum • rúmum • allar gerðir af mottum • mygluþrifum • ozonhreinsum • lygtareyðingum
Hreinsandi fyrir alla muni
Við erum á facebook
Eldshöfði 8, 110 Rvk. S: 577-5000

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 9086116.**
Ástir,Fjármál,Heilsa. Opið alla daga.

### Önnur þjónusta

KONI



Demparar
- Styrkur
- Ending

Fyrir:
• Fólksbíla
• Jeppa
• Vörubíla
• Flutningabíla
• Rútur

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

## Keypt & Selt

### Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar



**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Skólar & Námskeið

### Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA**
Levels/Stig: I - 6: Start/Byrja: 16/9, 14/10, 11/11, 9/12. 2020: 13/1, 10/2, 8/3, 6/4. 4/5. 4 weeks/vikur x 5 days/daga. 2-4 students/nem. AM & PM/fh & eh. Price/Verð: 49.500.- Most labour unions pay back 75-90 % of course price/Flest stéttafélög endurgreiða 75-90% námsgjalds. www.iceschool.is - ff@icetrans. is - facebook.com/iceschool. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 8981175/5571155

## Heimilið

### Barnavörur



**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Til leigu 2ja herb. íbúð í Hf. 64 fm laus nú þegar, langtímaleiga, ekkert dýrahald leyft. Uppl. í síma:893-9777.

### Geymsluhúsnæði

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARFIRÐI**
Getum bætt við okkur tjaldvögnum og fellihýsum í vetur. S. 773-3376.

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

Óska eftir eldri mönnum í húsaviðgerðir, helst með reynslu. Íslenskumælandi. Uppl. í síma 616 1569.

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við að leita **að þér?**

Landsvirkjun

**Útboð nr. 20306**
**Endurnýjun á sátri rafals í Sultartangastöð**

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í endurnýjun á sátri rafals í Sultartangastöð, samkvæmt útboðsgögnum nr. 20306.
**Verklok eru 1.9.2021**
Vettvangsskoðun verður í Sultartangastöð
**þann 25. september 2019 kl. 16:00**

Skýringafundur um tæknileg málefni verður haldinn 26. september kl. 8:30 á Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík.

Útboðsgögn eru aðgengileg á útboðsvef Landsvirkjunar, **http://utbod.lv.is**

Tilboðum skal skila til Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, **fyrir klukkan 12:00 þriðjudaginn 5. nóvember 2019** þar sem þau verða opnuð kl. 14:00 sama dag og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

LIND FASTEIGNASALA

**510 7900**
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

**Lyngás 1 E-H**
210 GARÐABÆR

STÆRÐ: 83-103 fm FJÖLBÝLI HERB: 3-4

Lyngás 1E-H er þriggja hæða fjölbýlishús með hagkvæmum og rúmgóðum fjölskylduíbúðum, stæði fylgir flestum íbúðunum í bílakjallara. Húsið er vel staðsett í hjarta Garðabæjar. Íbúðum verður skilað fullfrágengnum án gólfefna.

**45.9 - 56.9 M.kr**



**OPIÐ HÚS › 11. SEPT 17:00 - 17:30**



Heyrumst
**Stefán Jarl Martin**
Löggiltur fasteignasali
› 892 9966
› stefan@fastlind.is







i fyrirtækja af því að þeir eru ekki samkeppnisfærir vegna stífra eiginfjárkrafna og hárra skatta. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

fyrir þá innleiðingu. Bankarnir hafa hins vegar kosið að gera það ekki og það hefur bitnað á afkomunni. En það gengur ekki upp til lengdar. Á endanum munu bankarnir draga úr þessari starfsemi, af því að þeir eru ekki samkeppnisfærir, og fjármögnun til stærri fyrirtækja færist í auknum mæli á skuldabréfamarkað eða vaxtaálag hækkar og arðsemi bankanna batnar.“

**Óarðbær útlánavöxtur**

*Er ekki sú þróun nú þegar hafin hjá Arion banka þar sem sum stór fyrirtæki, nú síðast Hagar, eru að færa fjármögnun sín annað?*

„Við höfum verið í góðu samtali við viðskiptavini okkar um að þeir geti fengið betri kjör með því að leitast eftir fjármögnun á skuldabréfamarkaði og vonandi mun bankinn aðstoða þá við þær útgáfur. Markaðurinn virðist í fyrsta sinn í tíu ár vera móttækilegur fyrir þess konar skuldabréfaútgáfum, þá helst skráðra félaga sem eru fjárhagslega sterk og með lága skuldsetningu.

Það er hins vegar áhyggjuefni að minni fyrirtækin munu ekki hafa aðgengi að þessari hagstæðu fjármögnun í gegnum skuldabréfamarkaðinn og þurfa því áfram að reiða sig á bankakerfið. Stjórnvöld ættu að mínu mati að innleiða Evróputilskipanir þannig að eiginfjárbinding bankakerfisins vegna lána til lítilla og meðalstórra fyrirtækja verði sambærileg og þekkist erlendis. Svo er ekki í dag. Það er verið að meðhöndla lán til þeirra eins og um væri að ræða lán til stórra fyrirtækja með tilheyrandi hærri vaxtakostnaði fyrir þau.“

Í tölvupósti til starfsmanna skömmu eftir að Benedikt tók til starfa sagði hann að markmiðið ætti ekki endilega að vera stærsti bankinn en að það skipti máli að skila hluthöfum arði.

**Viljum við að atvinnulífð búi við viðvarandi hærra vaxtastig, sem tengist ekki gjaldmiðlinum sem slíkum, heldur þeirri ástæðu að við erum búin að innleiða mun hærri eiginfjárkröfur?**

*Finnst þér að forgangsröðunin hafi verið röng á undanförnum árum þar sem of mikil áhersla hafi verið lögð á að vaxa?*

„Ég held að það sem hafi gerst, ekki aðeins í Arion heldur bönkunum þremur, eigi sér eðlilega skýringu. Bankarnir skiluðu miklum hagnaði 2013 til 2015 sem stafaði einkum af uppfærslu á virði lánasafna, einkum fyrirtækjalána, og annarra eigna sem þeir fengu til sín þegar þeir voru endurreistir 2009. Á sama tíma voru tveir af bönkunum í eigu slitabúa sem voru að vinna að því að klára nauðasamninga og leysa vandamál sem tengdust krónueignum þeirra og stöðu í vegi fyrir losun hafta. Þeir höfðu af þeim sökum engan áhuga á að fá til sín arðgreiðslur frá bönkunum í krónum sem hefðu aðeins endað hjá slitabúunum og gert vandann enn stærri. Stjórnendur bankanna fá þessi skilaboð frá hluthöfunum og því fara þeir frekar í að stækka efnahagsreikninginn með því að auka útlán umtalsvert. Þetta gerist hjá öllum bönkunum á sama tíma og samkeppnin milli þeirra verður mikil. Það var gott fyrir viðskiptavinina, sem fá betri vaxtakjör, en ekki fyrir arðsemi bankanna.“

*En mætti ekki segja að þessi staða sem þú lýstir sé enn til staðar hjá þeim bönkum sem eru í eigu ríkisins þar sem er kannski ekki sama krafan um að greiða út arð til hluthafans?*

„Nú hafa stjórnmálamenn kallað eftir því að bankarnir minnki og maður hefði haldið að það væri þá ákall til stjórnenda að þeir hagi vexti í samræmi við það – ekki hvað síst vegna þess að við sjáum að það eru fjölmargir aðrir aðilar, eins og hinir sístækkandi lífeyrissjóðir, sem geta tekið sér það hlutverk að miðla fjármagni til fyrirtækja. En það virðist ekki vera þróunin. Ef við lítum á útlán á fyrri árshelmingi þá var Arion sá eini þar sem útlánasafnið var að minnka á meðan hinir bankarnir eru enn í vexti.“

**Bankinn er á krossgötum**

*Áskorunin sem þú stendur frammi fyrir er því að uppfæra viðskiptamódelið að breyttu umhverfi?*

„Ég held að við séum á ákveðnum krossgötum núna. Við verðum að nálgast verkefnið út frá þeirri forsendu að bankarnir muni búa við háar eiginfjárkröfur, skattlagningin verði íþyngjandi og að áfram verði miklar áskoranir í rekstrar- og samkeppnisumhverfinu. Það er stefnumótunarvinna í gangi innan bankans og ég held að við munum sjá viðskiptamódel sem byggir meira á milliliðahlutverki þar sem efnahagsreikningurinn er notaður með sértækari hætti og á því að veita þjónustu sem felur ekki í sér mikla eiginfjárbindingu. Ég verð að segja að það að stýra fyrirtæki sem er skráð á markað, og þurfa að standa frammi fyrir hluthöfum ársfjórðungslega og fara yfir reksturinn, veitir okkur mikið aðhald.

Bankinn er í stöðugri samkeppni við fjártæknifyrirtæki og önnur fjármálafyrirtæki sem geta hreyft sig hraðar og sérhæft sig í einstökum arðbærum viðskiptalínum. Sú stafræna vegferð sem bankinn hefur verið á er að skila því að á meðan um 900 manns heimsækja útibúin okkar daglega eru hátt í 40 þúsund manns að nota appið. Það er nýja útibúið og miklu hagkvæmari dreifileið. Við munum halda áfram að starfrækja útibú á meðan viðskiptavinirnir vilja koma þangað en þróunin er sú að færri og færri heimsækja þau. Það gefur okkur tækifæri til að hagræða í rekstrinum enda þurfum við að sníða okkur stakk eftir vexti. Ef efnahagsreikningurinn dregst saman þá minnka umsvifin að sama skapi.“

Nýr aðstoðarforstjóri, Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason, tók til starfa í bankanum síðasta fimmtudag. Það er staða sem ekki hefur áður verið til innan bankans.

*Hvert verður hlutverk hans?*

„Hann mun hafa mjög stórt hlutverk í þessari vegferð. Ef hefðbundin bankastarfsemi fólst í því að öll lánafyrirgreiðsla endaði á efnahagsreikningnum þá erum við núna að fara í þá átt að aðeins hluti slíkrar lánafyrirgreiðslu mun enda á efnahagsreikningi bankans. Bakgrunnur Ásgeirs og þekking á þessu sviði er mikil. Hann er að koma frá Kviku banka sem hefur tekist vel til við að aðlaga sitt viðskiptamódel nýju regluverki og háum sköttum og sýnt yfirburðaarðsemi í samanburði við aðra banka. Það er aðdáunarvert í ljósi þess að þeir hafa ekki sama skalanleika og stóru bankarnir ættu að hafa. Þetta er því eftirsóknarverð þekking sem við sóttumst eftir og við erum heppin að hafa fengið til liðs við bankann.“

*Hefur bankinn skoðað að fara sambærilega leið og Kvika við innleiðingu á kaupaukakerfi og gefa út áskriftarréttindi að nýju hlutafé til handa starfsmönnum?*

„Það hefur ekki komið til sérstakrar skoðunar. Við þurfum að stíga mjög varlega til jarðar í þessum efnum. Kvika og minni fjármálafyrirtæki njóta þess að minna eigið fé er bundið í rekstrinum. Öll slík kaupaukakerfi hafa því fjárhagslega meiri þýðingu fyrir einstaka starfsmenn og eignarhlutur þeirra í félögunum hefur orðið meiri en í stórum banka eins og Arion. Hvatakerfi eru mikilvæg ef þau eru sett upp með langtímasjónarmið í huga. Hagsmunir fara vel saman þegar starfsfólk er hluthafar og hugsar um bankann eins og hluthafar sem hugsa til lengri tíma. Við skráningu á markað í fyrra eignaðist nær allt starfsfólk hlut í bankanum, sem ég tel vera mjög jákvætt.“

Stjórnarformenn Arion banka og Íslandsbanka, og nú síðast bankastjóri Íslandsbanka, hafa rætt mögulega sameiningu banka til að draga úr rekstrarkostnaði.

*Hafa stjórnendur Arion átt í óformlegum samtölum við fulltrúa Bankasýslunnar eða forsvarsmenn Íslandsbanka um slíkar hugmyndir?*

„Nei, engin slík samskipti hafa átt sér stað. Við erum bara að vinna í því verkefni að laga hjá okkur reksturinn og gera hann arðbærari. Í það fer allur okkar tími. Það er hægt að færa fram efnahagsleg rök sem mæla með sameiningu banka en líka önnur rök, einkum samkeppnissjónarmið, gegn því. Það er vandséð að hægt yrði að ráðast í sameiningu nema það kæmu til einhverjar lagabreytingar. Þetta er því spurning sem stjórnvöld þurfa í raun að svara.“

Nú er verið að huga að næstu skrefum í söluferli bankanna og ráðherranefnd um efnahagsmál hafa verið kynntar tillögur frá Bankasýslunni.

*Ættu stjórnvöld að skoða sameiningarhugmyndir betur áður tekin er ákvörðun um að ráðast í sölu á Íslandsbanka eða Landsbankanum?*

„Ég veit bara að söluferlið er kostnaðarsamt, flókið og langt ferli. Og útkoman er háð mikilli óvissu. Stundum er markaðir góðir og áhugi fjárfesta á Íslandi er mikill. En svo getur það breyst skyndilega. Þannig að þetta verður ávallt að einhverju marki kostnaðarsöm óvissuferð en engu að síður mjög mikilvæg.“

*Telurðu einhverjar líkur á að hægt verði að selja þá banka sem enn eru í eigu ríkisins, eins og stundum er rætt, til annars erlends banka?*

„Það er ekkert launungarmál að þetta var skoðað mjög ítarlega við söluferlið á Arion banka og það reyndist ekki vera áhugi á slíku af hálfu erlendra banka. Flestir evrópskir bankar eru uppteknir af því að uppfylla eiginfjárkvaðir og innleiða hjá sér nýtt regluverk. Það fer mikil vinna í það. Þá eru þeir að hagræða í sínu útibúaneti og eins að draga úr starfsemi erlendra starfsstöðva. Það er því ekki ofarlega á þeirra lista að bæta við íslenskum banka á landakortið hjá sér.“

Ef við horfum til sérhæfðari fjárfestingasjóða, sem hafa í einhverjum tilfellum verið að kaupa í evrópskum bönkum, þá voru verðhugmyndir þeirra talsvert frá því sem Kaupþing hafði í huga hvað varðar Arion banka og ég tel að ríkið hafi varðandi sína banka. Þá værum við að selja bankana á miklum afslætti miðað við eigið fé.“

Mengi þeirra fjárfesta sem geta keypt banka er afar lítið – ekki erlendir bankar, sérhæfðir sjóðir né heldur fyrirtækjasamsteypur.

*Er þá ekki eina leiðin að selja þá í alþjóðlegum útboðum?*

„Ekki spurning. Eignarhaldið verður sömuleiðis dreift þar sem hinn hefðbundni hluthafi er verðbréfasjóður sem horfir til þess að fjárfesta út um allan heim í mjög dreifðu eignasafni. Þetta er það eignarhald sem er komið á nánast alls staðar í evrópskum fjármálafyrirtækjum sem eru skráð í kauphöll, eins og til dæmis í DNB og Danske Bank, þar sem slíkir alþjóðlegir verðbréfasjóðir eiga meira en helming allra hlutafjár.“

## „Mögulega var orðalagið óheppilegt“

Í umsögnum sem stóru bankarnir sendu frá sér í liðnum mánuði vegna fyrirhugaðrar lagasetningar, sem er ætlað að takmarka áhættu innistæðueigenda og ríkissjóðs af fjárfestingarbankastarfsemi, voru færð fyrir því rök að lögin ættu einnig að ná yfir Kviku banka. Þannig benti Arion banki á að reynslan sýndi að gríðarlegt tjón gæti hlotist af fjármálafyrirtækjum sem ekki teljast kerfislega mikilvæg og vísaði þar til Sparisjóðsins í Keflavík og hins fallna bandaríska fjárfestingarbanka Lehman Brothers.

*Forstjóri Kviku, Marinó Örn Tryggvason, brást illa við umsögn ykkar og sagði samanburðinn afar ósmekklegan. Gengið þið of hart fram í þessari umsögn og hvernig bregstu við orðum Marinós?*

„Umsögnin var einkum skrifuð til að draga fram þá staðreynd að allt séríslenskt regluverk hefur neikvæð áhrif á getu bankanna til að þjónusta viðskiptavini. Þá vorum við að vekja athygli á því að það væri ekki nægjanlega vel skilgreint hvað fælist í fjárfestingarbankastarfsemi. Hluti af þessari séríslensku hugmynd er því að undanskilja lítil fjármálafyrirtæki frá lögunum enda þótt það megi ekki gleyma því að þau geta líka valdið ríkissjóði og neytendum tjóni. Við vildum einfaldlega benda á dæmi um lítil fjármálafyrirtæki sem hafa valdið tjóni. Kvika er dæmi um lítið fjármálafyrirtæki en það er alls ekki rétt ályktun að við séum þar með að segja að það tiltekna fjármálafyrirtæki sé líklegt til að valda tjóni, alls ekki. Mögulega var orðalagið óheppilegt en við Marinó höfum rætt þetta okkar á milli.“

# H&M setur þrýsting á leigusalana

**H&M hefur farið fram á við leigusala erlendis að sett verði ákvæði í leigusamninga um að vöruskil til verslana lækki veltutengdar leigugreiðslur. Verslanakeðjan hefur ekki krafist þess af íslensku fasteignafélögunum.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Sænsku verslanakeðjunni H&M og leigusölum hennar hefur lent saman vegna krafna keðjunnar um ákvæði í leigusamningum um að leigusalarnir beri kostnaðinn af auknum vöruskilum. Slík ákvæði tíðkast þó ekki enn hér á landi.

Breska dagblaðið The Sunday Times greinir frá og byggir umfjöllun sína á frásögnum heimildarmanna. Samkvæmt heimildum blaðsins fer H&M ekki einungis fram á við leigusala að leigugreiðslur séu tengdar veltu heldur einnig að skil á vörum til verslana keðjunnar komi til lækkunar á veltunni og þar með leigugreiðslum. Þannig lækki virði atvinnuhúsnæðisins.

Heimildir The Sunday Times herma jafnframt að H&M bjóði leigusölum eins konar heildarsamninga þar sem verslanakeðjan leggur til veltutengdar leigugreiðslur og felur leigusölunum að skipta þeim milli leigu, fasteignagjalda og þjónustugjalda. Leigusalarnir þurfi því að sætta sig við lágar leigutekjur til þess að standa straum af kostnaði vegna fasteignaskatta og þjónustu.

Tilraunir H&M til að fá leigusala til að bera kostnaðinn af vöruskilum hafa fengið slæmar viðtökur hjá leigusölunum sem sumir hafa hafnað tillögum verslanakeðjunnar. „Sumir leigusalar standa uppi í hárinu á þeim en fulltrúar H&M benda þá bara á sænska móðurfélagið,“ sagði einn heimildarmanna breska blaðsins.

Í umfjölluninni segir að veltutengdir leigusamningar séu nokkuð nýlegt fyrirbæri í Bretlandi og að þeir séu merki um að völdin séu að færast frá leigusölunum til smásölurisanna. Stórar verslanakeðjur á borð við Top Shop hafa nýtt tækifærið í greiðsluþrotameðferð til að endursemja um leigukjör. Stöndugri keðjur á borð við Next heimta síðan sambærileg kjör.

H&M rekur þrjár verslanir hér á landi; eina í Kringlunni, aðra í Smáralind og þá þriðju á Hafnartorgi. Þá var nýlega greint frá því að H&M myndi opna verslun á Glerártorgi á Akureyri haustið 2020. Fasteignafélagið Reginn á Smáratorg og verslunarhúsnæðið á Hafnartorgi en Reitir eiga Kringluna. Heimildir Markaðarins innan fasteignafélaganna herma að engin ákvæði um vöruskil séu í leigusamningunum á Íslandi. Þá hafi H&M ekki þrýst sérstaklega á breytingar á leigusamningum á síðustu mánuðum.

H&M á Íslandi hagnaðist um 105 milljónir króna á síðasta ári sem var fyrsta heila rekstrarár fyrirtækisins frá því að það hóf starfsemi hér á landi árið 2017. Verslanakeðjan seldi fyrir tæplega 2,4 milljarða króna á árinu en rekstrarkostnaður nam 2.258 milljónum króna. Í ársreikningi H&M á Íslandi kemur fram að árlegar leigugreiðslur félagsins nemi um 144 milljónum króna.

Kostnaðurinn við vöruskil hefur hækkað. Árið 2016 var metið að vöruskil kostuðu smásölufyrirtæki 60 milljarða punda, jafnvirði 9.300 milljarða króna, á hverju ári en síðan þá hefur verið verulegur vöxtur í netverslun. Sérfræðingar á smásölumarkaði telja að hver flík sem er skilað kosti verslanir að jafnaði 12 pund, jafnvirði 1.900 króna. Oft þurfi að hreinsa flíkurnar, endurpakka þeim og flytja aftur í verslanir.



H&M opnaði verslun á Hafnartorgi í október 2018. Það var þriðja verslun keðjunnar hér á landi og sú fjórða er í pípunum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Leiga á Hafnartorgi töluvert undir markaðsleigu

Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins, sagði í ýtarlegu viðtali í Markaðinum í vor að leiguverð á Hafnartorgi, þar sem H&M er til húsa, væri um þær mundir töluvert undir markaðsleigu.

„Samningarnir eru settir þannig saman að það er grunnverð og stefnt er á að eftir nokkur ár verði leigan komin í ákveðna fjárhæð. Leigutakarnir þurfa að fá tíma til að byggja upp verslanirnar enda er svæðið ekki fullmótað. Þess vegna er leiguverði stillt í hóf og yfirleitt tengt veltu en þó mismikið. Til að byrja með er fermetraverðið örugglega helmingur á við góð bil á Laugaveginum,“ sagði Helgi sem tók fram að erlendis tíðkaðist það að stórar verslanakeðjur semdu um að leiguverð tengdist veltu.

„Þar með sameinast leigusali og verslunarrekandi um áhættuna sem tekin er. Ef það gengur illa lækkar leigan, ef það gengur vel þá hækkar hún,“ sagði Helgi.

> **Sumir leigusalar standa uppi í hárinu á þeim en fulltrúar H&M benda þá bara á sænska móðurfélagið.**
>
> Heimildarmaður The Sunday Times

**144**

**milljónir króna eru árlegar leigugreiðslur H&M á Íslandi.**



# Krefjandi að kaupa auglýsingastofuna

## Svipmynd

**Hrönn Óskarsdóttir**

**Nám:**
BSc. í viðskiptafræði frá HÍ og er að leggja lokahönd á mastersnám í viðskiptafræði við HÍ.

**Störf:**
Eigandi og framkvæmdastjóri auglýsingastofunnar Árnasona.

**Fjölskylduhagir:**
Mjög góðir. Er gift Júlíusi Hafstein, viðskiptastjóra hjá CCEP, og eigum við þrjá drengi: Júlían 18 ára, Lúkas 14 ára og Patrik 5 ára.



Hrönn segir að kaupin á auglýingastofunni Árnasynir um áramótin hafi verið mest krefjandi verkefni síðustu missera. LJÓSMYND/ÁRNASYNIR

Hrönn Óskarsdóttir er eigandi og framkvæmdastjóri auglýsingastofunnar Árnasona en hún keypti stofuna um áramótin. Undanfarið hefur hún ásamt samstarfsfólki sínu komið að undirbúningi þjónustuskólans Ritz-Carlton sem verður haldinn á fimmtudaginn. Hrönn segir að það séu breyttar aðstæður í auglýsingageiranum en í þeim felist einnig tækifæri.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Ferðalög eru ofarlega á lista hjá mér. Mér finnst mikilvægt að fara með fjölskylduna reglulega til útlanda í frí, það styrkir fjölskylduböndin. Það er jafn mikilvægt að fara í frí bara með maka og reynum við að gera það reglulega. Ég er mikil félagsvera og á mikið af skemmtilegum vinum sem ég reyni að hitta mjög reglulega. Það er fátt sem jafnast á við gott kvöld með góðum vinum.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Snúsa einu sinni eftir að vekjaraklukkan hringir en kemst ekki upp með annað en að fara á fætur eftir næstu hringingu þar sem ég sé um að vekja alla á heimilinu. En þessar aukamínútur í svefni verða til þess að ég þarf að hafa mig til á methraða og hleyp út með örverpið á eftir mér. Skutla drengnum í leikskólann og svo tekur morguntraffíkin við. Að komast úr Kópavoginum niður í miðbæ á morgnana er ákveðinn skóli í þolinmæði, en fyrsti kaffibolli dagsins niðri á stofu með samstarfsfólki mínu bætir upp fyrir það.

*Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?*

Þær bækur sem hafa mest áhrif á mig eru ævisögur og frásagnir fólks sem hefur á einhvern hátt verið beitt óréttlæti og/eða ofbeldi. Það kemur mér alltaf jafn mikið á óvart hvað mannskepnan getur verið grimm. Sama hvað mér finnst erfitt að lesa svona bækur þá sæki ég samt í það.

*Hver hafa verið mest krefjandi verkefnin undanfarin misseri?*

Að kaupa auglýsingastofuna Árnasyni um síðustu áramót og takast á við ábyrgðina sem fylgir því að vera eigandi, en áður hafði ég verið framkvæmdastjóri stofunnar og vissi því út í hvað ég var að fara.

*Hvað áskoranir og tækifæri eru fram undan í auglýsingageiranum?*

Það eru breyttar aðstæður í auglýsingageiranum. Auglýsingastofur eru yfirleitt fljótar að finna fyrir niðursveiflu í þjóðfélaginu og við fundum fyrir því þegar hjólin fóru að snúast hægar fyrrihluta árs og fyrirtæki fóru að halda að sér höndum. Það er alltaf áskorun að fara í gegnum niðursveiflutímabil en á sama tíma er það hollt því

> **Auglýsingastofur eru yfirleitt fljótar að finna fyrir niðursveiflu í þjóðfélaginu og við fundum fyrir því þegar hjólin fóru að snúast hægar fyrri hluta árs.**

það þvingar fyrirtæki til þess að fara í sjálfsskoðun og fara yfir allan reksturinn, hagræða og finna nýjar lausnir og nálganir. Þetta heldur manni á tánum sem er mikilvægt því það kemur alltaf eitthvað gott út úr því. Okkar viðskiptavinir hafa flestir haldið sínu striki. Við höfum til að mynda hannað allar umbúðir fyrir Nóa Síríus síðasta áratuginn og súkkulaði á alltaf við, hvort sem það er kreppa eða góðæri þannig að það er engin breyting þar á. Við erum því búin að vera heppin og siglum vonandi út úr þessu án mikilla erfiðleika.

Við hjá Árnasonum horfum á þessar aðstæður sem tækifæri. Við erum mjög hentug stærð á stofu fyrir svona árferði en hjá okkur starfa 12 starfsmenn sem allir eru sérfræðingar á sínu sviði með áratuga langa reynslu. Við erum nógu lítil til þess að geta veitt persónulega þjónustu og sinnt vel hverjum viðskiptavini fyrir sig en á sama tíma nógu stór til þess að sinna öllu því sem stórar stofur hafa upp á að bjóða. Við ætlum að halda okkar striki, halda vel utan um fyrirtækið, starfsfólkið og okkar frábæru viðskiptavini. Við höldum áfram að fylgjast með því hvað er að gerast á markaðinum og reynum að þróast í takt við það.

*Ef þú þyrftir velja allt annan starfsframa, hver yrði hann?*

Mig langaði alltaf að verða barnasálfræðingur en ég veit að ég hefði aldrei lært að takast á við erfið mál þar sem börn eru beitt ofbeldi og misrétti. Ég myndi frekar gera ógagn en gagn. En ég dáist að fólki sem leggur þetta fyrir sig og getur veitt börnum faglega aðstoð.

*Hvar sérðu þig eftir tíu ár?*

Ég sé mig fyrir mér í auglýsingageiranum hvernig sem hann á eftir að þróast á þessum tíu árum. En til þess að það geti orðið þá er mikilvægt að fylgjast með hvert markaðurinn er að fara og taka nýrri tækni og tækifærum með opnum hug. Annars ætlar örverpið mitt sér að verða atvinnumaður í fótbolta, ef hans draumur rætist þá verð ég kannski bara fótboltamamma í útlöndum eftir tíu ár. Hver veit!

# Eigendastefna ríkisins



**Baldur Thorlacius**
viðskiptastjóri hjá Nasdaq á Íslandi

Bent hefur verið á að það væri æskilegt að uppfæra eigendastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki áður en sú vegferð er hafin að selja hlut ríkisins í bönkunum. Telur undirritaður það hljóma skynsamlega, en veltir því fyrir sér hvort ástæða sé til þess að fylgja þeirri vinnu eftir með því að útbúa einnig skýra og gagnsæja eigendastefnu fyrir eignarhlut ríkisins í öðrum fyrirtækjum.

Það er óþarfi að finna upp hjólið í slíkri vinnu og ekki langt að sækja fordæmin. Norska ríkið hefur, sem dæmi, lagt mikið upp úr því að vera með skýra eigendastefnu og birtir reglulega mjög ítarlega skýrslu um stefnuna til þess að stuðla að gagnsæi og skapa traust um eignarhald ríkisins í fyrirtækjum. Sitt sýnist hverjum um sjálfa stefnuna, en að mati undirritaðs er erfitt að finna vankanta á útfærslunni og aðferðafræðinni.

Norska ríkið hefur ákveðnar rökssemdir og tilgreind markmið með eignarhlut sínum í fyrirtækjum og birtir þau fyrir hvert og eitt fyrirtæki í eignasafni sínu, sem og hversu stóran hlut það telur nauðsynlegt að eiga til þess að geta uppfyllt viðkomandi markmið.

Markmiðin eru flokkuð í fernt. Í fyrsta lagi getur ríkið verið með viðskiptaleg markmið (e. commercial objectives), þar sem eina markmiðið er að hámarka verðmæti eignarhlutar ríkisins. Ríkið er þá í reynd eins og hver annar fjárfestir, er reiðubúið til þess að selja hlut sinn ef fullnægjandi verð fæst fyrir hann en vinnur annars að því að stuðla að traustri uppbyggingu viðkomandi

> **Norska ríkið hefur ákveðnar röksemdir og tilgreind markmið með eignarhlut sínum í fyrirtækjum og birtir þau fyrir hvert og eitt fyrirtæki í eignasafni sínu.**

fyrirtækis í samstarfi við aðra fjárfesta. Dæmi um slíkt fyrirtæki er SAS-flugfélagið, sem norska ríkið er hluthafi í.

Í öðru lagi eru tilgreind viðskiptaleg markmið og markmið um að halda höfuðstöðvum fyrirtækis í Noregi (e. commercial objectives and objective of maintaining head office in Norway). Eins og nafnið gefur til kynna er þar hugmyndin að hámarka verðmæti eignarhluta ríkisins, auk þess að stuðla að því að höfuðstöðvar viðkomandi fyrirtækja haldist í Noregi. Er almennt talið nægja að norska ríkið eigi þriðjung í fyrirtækjum til þess að hægt sé að ná því markmiði. Dæmi um slík fyrirtæki eru DNB-bankinn, Norsk Hydro, Statoil og Telenor.

Í þriðja lagi eru tilgreind viðskiptaleg markmið og önnur sértilgreind markmið (e. commercial objectives and other specifically defined objectives). Þar má, sem dæmi, nefna Posten Norge, þar sem um er að ræða viðskiptalegt eignarhald auk þess sem eignaraðild ríkisins er réttlætt með vísan til nauðsynjar þess að tryggja póstþjónustu um land allt. Þá er eignaraðild ríkisins í Statkraft rökstudd með því að stuðla eigi að arðbærri og ábyrgri nýtingu auðlinda í Noregi og byggja upp þekkingu sem hægt er að flytja út með arðbærum hætti.

Í fjórða og síðasta lagi eru tilgreind markmið vegna sértækrar stefnu stjórnvalda í tilteknum atvinnugreinum (e. sectoral policy objectives). Í þeim tilfellum eru ekki viðskiptalegar ástæður fyrir eignaraðildinni og engin krafa gerð um arðsemi, heldur einungis að viðkomandi fyrirtæki séu rekin með skilvirkum hætti og að þau sinni tilgreindum hlutverkum sínum. Á það til að mynda við um eign ríkisins á fyrirtækjum sem sinna heilbrigðisþjónustu.

Í stuttu máli er alltaf tilgreint og rökstutt hvers vegna ríkið á hlut í viðkomandi fyrirtæki, eignarhald ekki notað til þess að ná markmiðum sem hægt væri að ná með lagasetningu, sértækum markmiðum með eignarhaldi í einhverjum tilfellum náð án þess að ríkið haldi 100% hlut og viðurkennt að aðkoma annarra fjárfesta geti í mörgum tilfellum hjálpað til við að bæta reksturinn og auka verðmæti eignarhlutarins.

Þetta þarf ekki að vera flókið en vinnan við útfærslu heildstæðrar eigendastefnu, sem og niðurstaðan, gætu reynst mjög gagnlegar og hjálpað til við að skapa traust um eignarhald eða sölu ríkisins í fyrirtækjum.

# Skotsilfur

## Kaup kaups



Kapallinn um kaup Guðmundar Kristjánssonar á HB Granda var ef til vill ögn lengri en flestir töldu. Til að fjármagna kaupin varð Brim meðal annars að selja minnihluta í Vinnslustöðinni snurðulaust. FISK-Seafood, undir stjórn vinar hans **Þórólfs Gíslasonar,** kom til bjargar. Þegar Guðmundur seldi HB Granda eignir sínar reis Gildi upp á afturlappirnar. Aftur kom FISK-Seafood til bjargar og keypti hlut lífeyrissjóðsins, meðal annars í skiptum fyrir bréf í Högum sem útgerðin varð að selja innan tíðar. Guðmundur launaði greiðviknina því þremur vikum síðar seldu Skagfirðingar í HB Granda til hans með 1,3 milljarða hagnaði.

## Eigendavandi



Sumir álíta að það skipti ekki sköpum í rekstri hverjir eiga fyrirtæki og hverjir veljast til stjórnendastarfa. Það er rangt. Leiðarljós eigenda er dýrmætt og skynsamir stjórnendur eru ekki á hverju strái. **Benedikt Gíslason**, bankastjóri Arion, bendir á í miðopnuviðtali við Markaðinn að þegar slitabú áttu bankana hafi þau ekki viljað að þeir greiddu út arð. Það hefði gert krónuvanda þeirra enn meiri. Segja má að stjórnendur bankanna hafi sætt lagi, vaðið stórhuga áfram og stækkað efnahagsreikninginn með óarðbærum hætti. Bankarnir og viðskiptavinir þeirra eru enn að súpa seyðið af eigendavanda.

## Aftur í slaginn



**Tryggvi Björn Davíðsson**, fyrrverandi framkvæmdastjóri Markaða hjá Íslandsbanka, og Haukur Skúlason, fyrrverandi fjármálastjóri hjá Móbergi, hafa hleypt af stokkunum sex manna fjártæknifyrirtækinu Indó. Á meðal fjárfesta er Eldhrímnir sem er í eigu Ingimundar Sveinssonar arkitekts og fjölskyldu. Þau uppskáru ríkulega á að fjárfesta í Siggi's skyr. Tryggvi og Haukur unnu saman hjá Íslandsbanka.

# Jack Ma kveður Alibaba með hvelli




Alibaba, verðmætasta fyrirtækið í Kína sem skráð er á hlutabréfamarkað, varð tvítugt í gær. Hinn litríki stofnandi fyrirtækisins, Jack Ma, sagði við það tilefni af sér sem starfandi stjórnarformaður fyrirtækisins. Sá sem tekur við af honum, Daniel Zhang, er öllu hefðbundnari stjórnandi. Hlutabréfaverð Alibaba hefur hækkað um níu prósent frá því tilkynnt var um lyklaskiptin í fyrirtækinu fyrr á árinu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fjárfest í hagvexti framtíðar



**Sigurður Hannesson**
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Fjárlagafrumvarpið hefur nú verið kynnt og kennir þar ýmissa grasa. Margt er þar jákvætt en annað sem betur mætti fara eins og gengur. Eftir langt hagvaxtarskeið hefur hagkerfið kólnað og þá reynir á hagstjórn. Í þeirri stöðu er ánægjulegt að sjá ríkið fjárfesta í hagvexti framtíðar á næsta ári með áherslu á menntun, nýsköpun og samgönguinnviði. Ríkisfjármálin verða í jafnvægi þó líklega hefði verið rétt að reka ríkissjóð með halla og fjárfesta enn frekar í hagvexti framtíðar.

Verðmætasköpun hagkerfisins er drifin áfram af sjálfbærri nýtingu auðlinda, mikilli nýsköpun, vel menntuðu og hæfileikaríku vinnuafli, traustum innviðum sem uppfylla þarfir samfélagsins og skilvirku, hagkvæmu og stöðugu starfsumhverfi. Það hlýtur að vera markmið allra að efnahagsleg velmegun íbúa hér á landi sé mikil, að Ísland sé eftirsótt land til búsetu og atvinnurekstrar og að landið sé vel tengt við umheiminn í efnahagslegu og samfélagslegu tilliti. Til þess þarf öflugt atvinnulíf og fjárfestingu ríkis í menntun, nýsköpun og innviðum.

**Sókn í menntamálum**

Íslensk iðnfyrirtæki skapa um fjórðung landsframleiðslunnar og 30% gjaldeyristekna þjóðarbúsins. Mannauður iðnfyrirtækja er ein af forsendum þessarar verðmætasköpunar en í íslenskum iðnaði starfa um 40 þúsund manns sem er um eitt af hverjum fimm störfum í hagkerfinu. Í ljósi þessa eru umbætur í menntamálum brýnar. Áhersla menntamálaráðherra á starfsnám er því kærkomin enda sárvantar iðnmenntað fólk á íslenskan vinnumarkað. Framlög til framhaldsskólastigsins eru aukin og verða um 36 milljarðar með áherslu á starfsnám. Háskólar fá aukið fjármagn og verður að vona að þeir forgangsraði þeim fjármunum til kennslu og rannsókna í raunvísindum, tæknigreinum, verkfræði og stærðfræði.

**Mikil aukning í nýsköpun**

Samtök iðnaðarins vilja að umgjörð og hvatar til nýsköpunar séu með því besta sem þekkist í heiminum. Samtökin vilja að framboð af sérfræðingum í hátækni- og hálaunastörf mæti eftirspurn og íslensk fyrirtæki sjái hag sínum best borgið með því að stunda rannsóknir og þróun hér á landi, enda séu aðstæður og skattalegir hvatar með því sem best gerist. Það er því fagnaðarefni að í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár séu framlög til nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina aukin um 11% á milli ára. Það er hlutfallslega mesta raunaukningin í útgjöldum allra málefnasviða á milli ára.

> **Ríkisstjórn sem hefur mikilvægi innviða að leiðarljósi er líkleg til að tryggja samkeppnishæft atvinnulíf og góð efnahagsleg lífskjör.**

**Betri samgönguinnviðir**

Of litlu hefur verið varið til samgönguinnviða á síðastliðnum árum og er svo komið að þörfin fyrir nýfjárfestingar og viðhald hefur verið metin á 280 milljarða króna. Ánægjulegt er að sjá áform ríkisstjórnarinnar í þessum efnum í nýframkomnu frumvarpi til fjárlaga þar sem er rætt um að fjárframlag til málaflokksins verði aukið úr 100 milljörðum í 120 milljarða á árabilinu 2020-2024. Framlög ríkisins til málaflokksins á þessu tímabili mæta því einungis 43% af þörf.

Traustir og öflugir samgönguinnviðir leggja grunn að verðmætasköpun í samfélaginu. Lykilútflutningsgreinar eins og iðnaður, sjávarútvegur og ferðaþjónusta reiða sig á innviði landsins til að afla þjóðarbúinu tekna. Hagkvæmir, skilvirkir og áreiðanlegir innviðir sem þjóna þörfum atvinnulífs og heimila skila sér í aukinni samkeppnishæfni þjóðarbúsins, aukinni velmegun og betri lífsgæðum fyrir íbúa. Arðsemi innviðafjárfestinga fyrir samfélagið getur verið mjög mikil ef rétt er á haldið. Ríkisstjórn sem hefur mikilvægi innviða að leiðarljósi er líkleg til að tryggja samkeppnishæft atvinnulíf og góð efnahagsleg lífskjör.

Með auknum fjárframlögum til þessara þriggja mikilvægu málaflokka, innviða, menntunar og nýsköpunar, eru byggðar sterkari stoðir fyrir verðmætasköpun og fjárfest í hagvexti framtíðarinnar.

# Haltu fast í veskið

**SKOÐUN**



Þorsteinn Friðrik Halldórsson

Fjölmiðlar eru ekki merkilegri en hvert annað fyrirtæki sem þarf að glíma við þær áskoranir sem tækniframfarir hafa haft í för með sér. Annað má lesa úr fjölmiðlafrumvarpinu sem sett hefur verið á dagskrá.

Í grunninn snýst frumvarpið um að fjölmiðlar landsins verði bótaþegar með því að fá 25 prósent af launakostnaði við rekstur ritstjórnar endurgreiddan úr ríkissjóði. Eins og við mátti búast var tillögunum illa tekið af Sjálfstæðismönnum til að byrja með og því hefur menntamálaráðherra stefnt að því að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði.

Útlit er fyrir að stofnuninni verði að mestu bætt tapið en samkvæmt nýjum fjárlögum hækka framlög til RÚV um 190 milljónir og útvarpsgjaldið hækkar um 2,5 prósent. Þannig er sótt að skattgreiðendum úr tveimur áttum. Annars vegar með því að niðurgreiða einkarekna fjölmiðla, og hins vegar með því að bæta Ríkisútvarpinu tekjutapið.

Kjarninn er sá miðill sem virðist hafa haft hvað mestan áhuga á frumvarpinu. Í leiðurum sínum hefur ritstjórinn málað dökka mynd af rekstrarumhverfi fjölmiðla og stillt málinu þannig upp að framtíð íslenskrar fjölmiðlunar sé undir. Þess má geta að Kjarninn og aðrir miðlar af sömu stærð njóta hlutfallslega meiri ávinnings af frumvarpinu enda er sett hámark á niðurgreiðslurnar. En er rekstrarumhverfið jafn slæmt og ritstjórinn lýsir?

Myllusetur, útgáfufélag Viðskiptablaðsins, skilaði hagnaði samfellt á árunum 2010 til 2017. Stundin hagnaðist um 10 milljónir króna á síðasta ári og jókst hagnaðurinn um 4 milljónir á milli ára. Bæði Stundin og Viðskiptablaðið byggja rekstur sinn á áskriftaliðkani og hafa gert það með farsælum hætti. Báðir miðlarnir eru dæmi um að hægt sé að reka metnaðarfullan fjölmiðil á Íslandi.

Það er ekki og á ekki að vera sjálfsagður réttur að halda fyrirtæki sínu í rekstri. Ávinningurinn af frjálsri samkeppni felst einmitt í því að góðar viðskiptahugmyndir skila hagnaði og slæmar skila tapi. Þetta er ein af undirstöðum efnahagslegra framfara.

En sumir una ekki niðurstöðu markaðslögmálanna. Þegar þeir bregða sér í hlutverk dómsdagsspámanna í því skyni að fá niðurgreiðslur frá hinu opinbera þá skaltu halda fast í veskið.

# Til leigu

## Glæsilegt hús sem hentar ýmiss konar starfsemi

BÚUM BETUR

BYGG

www.bygg.is



# Lambhagavegur 33

Til leigu glæsilegt 4ra hæða skrifstofu- og verslunarhúsnæði að Lambhagavegi 33 í Reykjavík.
Um er að ræða samtals 4.287 fm auk 1.013 fm bílageymslu. Alls stæði fyrir 190 bíla, úti og inni.

Bygging hússins er senn að hefjast og áætlað er að húsið fari í leigu eftir ca. tvö ár.

Upplýsingar gefa Gunnar í síma 693 7310 (gunnar@bygg.is) og Gylfi í síma 693 7300 (gylfi@bygg.is)














**Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir á 35 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.**

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 11. september 2019

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
frettabladid.is
Instagram fréttablaðsins
@frettabladid


## Samdráttur hjá Iceland Travel


Björn Víglundsson framkvæmdastjóri

Tekjur Iceland Travel, dótturfélags Icelandair og einnar stærstu ferðaskrifstofu landsins, drógust saman um tæp 16 prósent á milli ára samkvæmt nýbirtum ársreikningi.

Tekjur félagsins námu 88 milljónum evra, jafnvirði 12,2 milljarða króna, á síðasta ári samanborið við tæplega 105 milljónir evra á árinu 2017. Að sama skapi drógust rekstrargjöld saman um rúm 16 prósent. Iceland Travel hagnaðist um 1,3 milljónir evra, jafnvirði 180 milljóna króna, á síðasta ári samanborið við 335 þúsund evrur á árinu 2017.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 111 milljóna króna arður til eigandans, Icelandair. Þá er gert ráð fyrir að söluferli á Iceland Travel hefjist í haust.

Björn Víglundsson var nýlega ráðinn framkvæmdastjóri Iceland Travel en hann kom í stað Harðar Gunnarssonar sem hafði leitt félagið í tæpan áratug. – þfh

**06.09.2019**

**Ég held að fólk sakni þess að fara á Keflavíkurflugvöll til þess að stíga upp í fjólubláa flugvél og fljúga eitthvert.**



Michele Roosevelt Edwards, athafnakona

## Stjórnarmaðurinn

### Putti í stífluna

**Afdráttarlausar** yfirlýsingar menntamálaráðherra um að vilja Ríkisútvarpið út af auglýsingamarkaði hafa vakið nokkra athygli. Sem eðlilegt er hefur ráðherrann þó þann varnagla á að vilja vanda til verka og tryggja að þær auglýsingatekjur sem RÚV verður af renni ekki beinustu leið til alþjóðlegra risa á borð við Google og Facebook.

**Ráðherrann** er ekki einn um að hafa áhyggjur af ægivaldi tæknirisanna. Evrópska samkeppniseftirlitið sektaði Google sem kunnugt er um 9 milljarða Bandaríkjadala fyrir að hamla samkeppni. Sama fyrirtæki sætir nú rannsóknum í Bandaríkjunum og er gefið að sök að vera í einokunarstöðu á auglýsingamarkaði. Rannsakendur segja að Google nýti yfirburðaaðstöðu sína meðal annars til þess að stjórna flæði upplýsinga og frétta á netinu. Google og Facebook eru samanlagt með um 60% markaðshlutdeild í auglýsingasölu á netinu vestanhafs.

**Auðvitað** er það alvarlegt ef einn aðili misnotar aðstöðu sína og síar út upplýsingar sem ekki eru þóknanlegar. Ekki síður alvarleg er hins vegar sú staðreynd að Google og Facebook hafa aftengt hið hefðbundna tekjumódel fjölmiðla. Tekjumódel internetrisanna byggist ekki síst á því að vísa í fréttir um málefni líðandi stundar. Fjölmiðillinn sem vann fréttina fær hins vegar ekkert greitt.

**Hefðbundnir** fjölmiðlar eru því að stórum hluta orðnir fríar efnisveitur fyrir internetrisana, og með því hefur skapast ákveðin tilvistarkreppa sem ekki hefur verið ráðið fram úr. Þessi vandi er enn greinilegri á smærri mörkuðum, eins og hér á landi.

**Sennilega** er það sanngjarnt að þeir sem búi til efnið fái greitt fyrir það. Þá skekkju hefur markaðnum ekki tekist að leiðrétta. Raunar á það ekki einungis við gagnvart fjölmiðlum, heldur einnig tónlistarmönnum til að mynda, sem hafa nánast ekkert upp úr streymisveitum eins og Spotify.

**Auðvitað** er það rétt að RÚV á ekkert erindi á auglýsingamarkað. Hins vegar er það líka rétt hjá ráðherra að binda þarf þannig um hnútana að tekjurnar flæði ekki rakleiðis úr landi. Slík aðgerð yrði aðeins til að veikja innlenda fjölmiðla enn frekar.







EIGNAMIÐLUN
GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090
BÁSBRYGGJA 19, 110 REYKJAVÍK




Einkar björt og vel skipulögð 147,4 fm fimm herbergja íbúð á 2.hæð í 2ja íbúða gangi á einum besta stað í Bryggjuhverfinu. Skjólsæll garður við húsið. Góðar svalir. Rúmgóð og vel skipulögð íbúð á miðhæð með 4 svefnherbergjum.
**Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is**




STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984
535-1000

HÖFÐI FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is
Baldursgata 9 – 101 Reykjavík




**PERLA Í ÞINGHOLTUNUM – GLÆSILEG ÍBÚÐ MEÐ SÉRINNGANGI – GARÐUR.**
Einstök íbúð, skráð 84 fm sem búið er að endurnýja að mjög miklu leyti, stór stofa, endurnýjað eldhús og baðherbergi. Tvö svefnherbergi eru nú en auðvelt er að bæta því þriðja við. Afgirtur fallegur suður-vestur garður er fyrir framan húsið. Ekki missa af þessari, sjón er sögu ríkari!
**Ásett verð 51,9 millj.**

Allar nánari uppl. og skoðun veitir
**Jóhann Friðgeir, lgf. s: 896-3038**
**eða á johann@hofdi.is**


Jóhann Friðgeir Valdimarsson

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

### Aðalskipulagsmál

*Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:*

**1. Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, Hrafnaklettar L166387, Súluholti.**
Kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 þar sem um tveggja hektara frístundasvæði F44 verður breytt í landbúnaðarland. Um svæðið munu gilda ákvæði landbúnaðarlands, sbr. greinargerð aðalskipulags.

*Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingum:*

**2. Breyting á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, Selfosslína 2, Lækjartúnslína 2 og tengivirki í landi Lækjartúns 2**
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti þann 12. júní 2019 að auglýsa tillögu/uppdrátt og greinargerð, þ.m.t. umhverfisskýrslu, að breytingu á gildandi aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 vegna fyrirhugaðrar lagningar eystri hluta Selfosslínu 2 í jörð, meðfram Suðurlandsvegi nr. 1 og byggingar nýs tengivirkis í landi Lækjartúns 2. Lagning nýs jarðstrengs mun ná frá Lækjartúni 2, og austur að Hellu í Rangárþingi ytra.

**3. Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, Vatnsleysa land B, L188581.**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti þann 4. júlí 2019 að auglýsa tillögu/uppdrátt og greinargerð, að breytingu á gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 þar sem nú er skilgreind sem frístundalóð, verður breytt í landbúnaðarland og fyrirhugað er að stofna lögbýli. Lóðin er innan frístundasvæðis F67. Lóðin er rétt rúmir tveir hektarar að stærð en áætlað er að hún verði sameinuð aðliggjandi fjögurra hektara landbúnaðarspildu.

**4. Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, Bitra, þjónustumiðstöð.**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti þann 4. júlí 2019 að auglýsa tillögu/uppdrátt og greinargerð, að breytingu á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 þar sem breytingartillagan gerir ráð fyrir að byggingarmagn á lóðinni fyrir verslunar- og þjónustureit Bitru (VÞ8) verði aukið úr 5.000 m2 í 8.500 m2 og gististarfsemi verði heimiluð á lóðinni.

### Deiliskipulagsmál

*Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar skipulagslýsingar fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:*

**5. Nýtt deiliskipulag fyrir Nýadal á Sprengisandsleið, L165352, Ásahreppi.**
Kynnt er deiliskipulags- og matslýsing skálasvæðis í Nýadal á Sprengisandsleið, nánar tiltekið á Holtamannaafrétti. Skálasvæðið er innan Vatnajökulsþjóðgarðs við mynni Nýjadals sunnan Nýjadalsár. Þá er skálasvæðið innan þjóðlendu. Svæðið sem deiliskipulagstillagan nær yfir er um 3 hektarar að stærð og í um 800m hæð. Samkvæmt aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði. Helstu stefnumið deiliskipulagsins eru að staðfesta lóðarmörk og ákvarða byggingarreiti og leyfilegt byggingarmagn fyrir starfsmannahús, gistiskála og aðra þjónustu fyrir ferðamenn.

*Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynntar skipulagstillögur fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:*

**6. Deiliskipulag, Miklaholtshelli 2 L223302, Flóahreppi.**
Kynnt er deiliskipulagstillaga, greinargerð og uppdráttur, vegna endurskoðunar á gildandi deiliskipulagi fyrir Miklaholtshelli 2, en þar er ætlunin að stækka núverandi alifuglabú. Áætlað er að byggja tvö 1.500m2 hús fyrir lífræna eggjaframleiðslu. Í gildandi deiliskipulagi er heimild fyrir 18.000 varphænum á lóðinni en með áætlaðri viðbót yrði heimild fyrir allt að 49.000 fugla alls.

**7. Deiliskipulag fyrir Bjarkarlæk L224049, Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Kynnt er deiliskipulagstillaga, greinagerð/skipulagsuppdráttur, á nýju deiliskipulagi fyrir spilduna Bjarkarlæk. Deiliskipulagssvæðið tekur til alls lands Bjarkalækjar sem er um 9,5 ha að stærð. Gert er ráð fyrir tveimur byggingarreitum undir íbúðarhús, bílskúr og gestahús auk skemmu og hesthúss með aðkomu af Biskupstungnabraut um Bjarkarveg.

*Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:*

**8. Deiliskipulag Lækjartúni Ásahreppi. Tengivirki vegna jarðstrengs Svæðiskerfi raforku á Suðurlandi.**
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti þann 21.8.2019 að auglýsa tillögu, uppdrátt og greinargerð deiliskipulags, vegna tengivirkis í landi Lækjartúns í Ásahreppi. Fyrirhuguð er bygging fyrir tengivirki, norðan Suðurlandsvegar. Afmörkuð verður lóð fyrir tengivirkið Aðkoma að tengivirkinu verður af Suðurlandsvegi, austan Kálfholtsvegar ( nr. 288 ) og um nýjan aðkomuveg.

**9. Deiliskipulag Einiholt 3 L192608, Skógarholt. Bláskógabyggð. Lögbýli og skógræktarbýli.**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti þann 22.8.2019 að auglýsa tillögu, uppdrátt og greinargerð, fyrir Einiholt 3, í Bláskógabyggð, sem tekur til byggingar íbúðarhúss, skemmu og gestahúsa. Landeigandi hyggst byggja jörðina upp og hafa þar fasta búsetu. Aðkoma að jörðinni er af Einholtsvegi nr. 358 og um veg að Kaplaholti og Markholti og nýjan veg af honum.

**10. Deiliskipulagsbreyting Öndverðarnes, Grímsnes- og Grafningshreppi. Kambsbraut og Stangarbraut, breytt stærð húsa.**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti þann 21.8.2019 að auglýsa tillögu, uppdrátt/greinargerð, að breytingu á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar í Öndverðarnesi. Breytingin fellst í að færðir eru inn eldri skilmálar fyrir Kambsbraut og Stangarbraut, þar sem leyfð verður hámarksstærð húsa allt að 250 m2, eins og var í gildandi skilmálum deiliskipulags svæðisins frá árinu 2005. Breytingin nær einungis yfir Kambsbraut og Stangarbraut. Nýtingarhlutfallið 0.03 gildir fyrir aðrar lóðir á svæðinu.

**11. Deiliskipulagsbreyting Lyngborgir, Grímsnes- og Grafningshreppi. Breytt stærð aukahúsa.**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti þann 21.8.2019 að auglýsa tillögu, uppdrátt/greinargerð, að breytingu á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar í Lyngborgum. Breytingin fellst í að stærð aukahúsa (geymsla, svefnhús eða gróðurhús) í skilmálum deiliskipulags er breytt úr hámarksstærð 25 m2 í allt að 40 m2. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar frá 2006.

**12. Deiliskipulagsbreyting Bitra þjónustumiðstöð, Flóahreppi. Hótelstarfsemi, aukið byggingarmagn.**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti þann 1.10.2018, að auglýsa tillögu, uppdrátt/greinargerð, að breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Bitru Þjónustumiðstöð við Skeiðaafleggjara í Flóahreppi. Gildandi skipulag gerði ráð fyrir um 5000 m2 þjónustumiðstöð. Með breytingunni er áætlað að bæta við byggingarmagni allt að 3500 m2 og allt að 250 herbergjum í hótelgistirýmum.

Ofangreindar skipulagslýsingar/skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast lýsingar og tillögur á vefslóðinni http://www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: https://www.blaskogabyggd.is; https://www.gogg.is; https://www.fludir.is; https://skeidgnup.is; https://www.floahreppur.is; http://asahreppur.is/

**Skipulagslýsingar og tillögur nr. 1, 5, 6 og 7 eru í kynningu frá 11. september til 2. október 2019, en tillögur nr. 2, 3, 4 8, 9, 10, 11 og 12 eru í auglýsingu frá 11. september til 23. október 2019. Athugasemdir og ábendingar við tillögum nr. 1, 5, 6 og 7, þurfa að berast skipulagsfulltrúa eigi síðar en 2. október 2019, en fyrir tillögur nr. 2, 3, 4 8, 9, 10, 11 og 12 eigi síðar en 23. október 2019. Athugasemdir og ábendingar og skulu vera skriflegar.**

***Rúnar Guðmundsson***
***skipulagsfulltrúi***
***runar@utu.is***

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 11. SEPTEMBER 2019

### Viðburðir

**Hvað?** Menningarganga
**Hvenær?** 12.15-13.00
**Hvar?** Gerðarsafn og nágrenni
Jón Proppé listfræðingur gengur um nágrenni Menningarhúsanna í Kópavogi og dregur fram áhrifin sem framandi menningarheimar höfðu á listsköpun Gerðar Helgadóttur. Leiðsögnin er ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Fikt á tilraunaverkstæði
**Hvenær?** 15.00-17.00
**Hvar?** Gerðuberg, Breiðholti
Starfsmaður getur leitt fólk gegnum verkefni eins og að prenta í þrívídd, skera límmiða og forrita.

**Hvað?** Kínverskur bíódagur
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Veröld, hús Vigdísar
Boðið upp á kvikmynd byggða á hinu sígilda kínverska bókmenntaverki Thunderstorm. Enskur texti. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir!

**Hvað?** Töfrum slungin
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Grófinni, Ljósmyndasýning sem lýsir upplifun Söru G. Amo, ljósmyndara og kvikmyndagerðarkonu, af Íslandi. Blanda af list- og heimildaljósmyndun. Dúóið 3εb and I:wa (Jeb og Iwa) leikur blöndu af vestrænu rokki og hefðbundinni austurlenskri tónlist. Boðið upp á veitingar og snakk fyrir grænkera.

### Tónlist

**Hvað?** Öll píanóeinleiksverk John Speigth
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Peter Máté leikur sjö verk fyrir einleikspíanó eftir John Speight. Það nýjasta, samið 2018, verður frumflutt á tónleikunum.

**Hvað?** Minningartónleikar um Loft Gunnarsson
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Háskólabíó
Loftur hefði orðið fertugur í dag, hefði hann lifað. Fram koma: Pétur Ben, Ragnheiður Gröndal, Sycamore Tree, Elín Ey, Krummi, Teitur Magnússon, K.K. og GÓSS. Öll innkoma rennur í bættan aðbúnað utangarðsfólks.

### Orðsins list

**Hvað?** Skálholt á kaþólskri tíð og lútherskri
**Hvenær?** 12.05
**Hvar?** Þjóðminjasafnið, fundarsalur
Helgi Þorláksson, fyrrverandi prófessor, heldur fyrsta hádegisfyrirlestur haustsins á vegum Sagnfræðingafélags Íslands.

**Hvað?** Ljóðakaffi
**Hvenær?** 20.00-22.00
**Hvar?** Gerðuberg, Breiðholti
Skáldin Brynja Hjálmsdóttir, Brynjólfur Þorsteinsson, Eva Rún Snorradóttir, Haukur Ingvarsson og Ragnar Helgi Ólafsson taka þátt. Eftir hlé eru skáld meðal gesta hvött til að lesa upp. Gestir geta fengið sér kaffi og með því. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Ókeypis aðgangur.

MOSFELLSBÆR

Kynning á deiliskipulagslýsingu:

Frístundasvæði Miðdal Mosfellsbæ

Mosfellsbær auglýsir hér með til kynningar deiliskipulagslýsingu, skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

*Fyrir gerð deiliskipulags á 5 ha lóð, lnr. 213970 sem staðsett er milli Nesjavallarvegar og Selvatns. Megin viðfangsefni deiliskipulagsins er að skipta landinu upp í 5 lóðir, ákveða stærðir húsa, staðsetja vegi, byggingareiti og vindmillur sem sjá eiga svæðinu fyrir rafmagni. Í aðalskipulagi er lóðin á svæði sem skilgreint er fyrir frístundabyggð, 530-F.*

Í deiliskipulagslýsingum kemur lögum samkvæmt fram hvaða áherslur sveitastjórn hefur við skipulagsgerðina. Upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu, fyrirhugað skipulagsferli hvað varðar kynningu og samráð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Þeir sem vilja kynna sér málið nánar eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við skipulagsfulltrúa.

Deiliskipulagslýsingin liggur frammi í þjónustuveri Mosfellsbæjar á 2. hæð Þverholts 2, 270 Mosfellsbæ og hana má einnig finna á heimasíðu bæjarins á slóðinni: mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar

**Athugasemdum og ábendingum varðandi lýsinguna má skila til þjónustuvers Mosfellsbæjar eða til undirritaðs fyrir 2. október 2019.**

*11. september 2019*
*Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar*
*olafurm@mos.is*

Þverholt 2 I Mosfellsbær 270 I Sími 525 6700 I mos.is

Forsætisráðuneytið, í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið, Wellbeing Economy Governments og OECD kynna alþjóðlega ráðstefnu

**Að mæla árangur með hagvexti eða hamingju**
Uppbygging velsældarhagkerfa

Aðalbygging Háskóla Íslands
Mánudaginn 16. september kl. 8:30-12:00
Aðgangur er ókeypis og fer ráðstefnan fram á ensku

Ísland, Skotland og Nýja Sjáland gengu til samstarfs um mótun velsældarhagkerfa undir yfirskriftinni Wellbeing Economy Governments (WEGo) árið 2018. Samstarfið felur í sér mótun sameiginlegrar sýnar á hvernig ríki geta aukið vellíðan, jöfnuð og sjálfbæran vöxt. Á ráðstefnunni verður fjallað um þetta starf og um endurskoðun þessara ríkja á mælikvörðum á velgengni sem mun hafa áhrif á áherslur í allri opinberri stefnumótun.

Ráðstefnan leiðir saman alþjóðlega leiðtoga og sérfræðinga á sviði velsældarmála. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, mun meðal annars kynna tillögur nefndar að velsældarmælikvörðum fyrir Ísland sem verða lýsandi fyrir hagsæld og lífsgæði á Íslandi.

**Dagskrá**

| | |
|---|---|
| | Kaffi og te í boði frá kl. 8:00 |
| 8:30-10:00 | **Katrín Jakobsdóttir**, forsætisráðherra |
| | **Bjarni Benediktsson**, fjármála- og efnahagsráðherra |
| | **Derek Mackay**, fjármála- og efnahagsráðherra Skotlands |
| | **Angel Gurría**, framkvæmdastjóri OECD |
| | **Kristín Vala Ragnarsdóttir**, prófessor við Háskóla Íslands |
| 10:00-10:30 | Kaffihlé |
| 10:30-11:50 | **Pallborðsumræður** með frummælendum |
| | **Dr. Gary Gillespie** efnahagsráðgjafi skosku heimastjórnarinnar stýrir pallborðsumræðum |
| | **Fundarstjóri er Bryndís Hlöðversdóttir** ríkissáttasemjari |

Hagvöxtur og þjóðarframleiðsla hafa um skeið verið hinir hefðbundnu mælikvarðar á árangur hagkerfa. Í því samhengi hefur hins vegar láðst að líta til annarra þátta sem mynda öflug og sjálfbær samfélög. Ósjálfbær nýting auðlinda, aukinn ójöfnuður og framleiðslu- og neysluhættir sem ýta undir loftslagsbreytingar valda óstöðugleika til framtíðar og ógna öllu lífríki jarðar.

Stjórnarráð Íslands Forsætisráðuneytið
Stjórnarráð Íslands Fjármála- og efnahagsráðuneytið
OECD
WEGo Wellbeing Economy Governments

Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið

HLAÐVARPIÐ á frettabladid.is
hlustaðu þegar þér hentar


Lifum lengur


Hismið


Helgin

FRETTABLADID.IS
Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook og Instagram

# nettó

# KYNNTU ÞÉR ÖLL FRÁBÆRU TILBOÐIN Í HEILSUBÆKLINGI NETTÓ

Fylgstu með og nálgastu upplýsingar á netto.is og Facebook síðu Nettó varðandi kynningar í verslunum á heilsudögum.

**128 SÍÐUR AF FRÓÐLEIK OG TILBOÐUM!**




# OFURTILBOÐ - GILDIR ÞENNAN EINA DAG!

## Fimmtudagur 12. sept.

*Tilboð dagsins*




**Fulfil**
Saltkaramella eða hnetusmjör

**33% AFSLÁTTUR**

**199 KR/STK**
**ÁÐUR:** 299 KR/STK



**50% AFSLÁTTUR**

**Spínat** (150g)

## Föstudagur 13. sept.

*Tilboð dagsins*

**43% AFSLÁTTUR**




**Whole Earth Engiferöl**
330 ml

**119 KR/STK**
**ÁÐUR:** 209 KR/STK



**50% AFSLÁTTUR**

**Sætar kartöflur** (kg)

## Laugardagur 14. sept.

*Tilboð dagsins*

**46% AFSLÁTTUR**




**Now Góðgerlar**
25 billion, 50 töflur

**1.399 KR/PK**
**ÁÐUR:** 2.619 KR/PK

**Now D-Vítamín**
120 softgels töflur

**799 KR/PK**
**ÁÐUR:** 1.679 KR/PK




**52% AFSLÁTTUR**



**50% AFSLÁTTUR**

**Grænkál** (150g)



# ALLT Á HEILSUDÖGUM Í VEFVERSLUNINNI

ÖLL TILBOÐ Á HEILSUDÖGUM MÁ FINNA Á NETTO.IS

# VERIÐ VELKOMIN Á HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGA
## 12. - 22. SEPTEMBER

### Änglamark snyrtivörur - Engin aukaefni




- ✔ Engin astma- og ofnæmisvaldandi efni
- ✔ Engin litar- eða lyktarefni
- ✔ Framleitt úr völdum innihaldsefnum
- ✔ Svansvottaðar vörur

### Änglamark matvörur - Lífrænt vottuð




### Allar vörur frá Now á 25% afslætti




### Allar vörur frá Atkins á 25% afslætti




### Allar vörur frá Nick´s á 25% afslætti




### Nano pönnukökur á 25% afslætti




### Allar vörur frá Himneskri Hollustu á 25% afslætti




### Allar vörur frá Sistema á 20% afslætti




**Tilboðin gilda 12. - 22. september 2019**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Lágmúli • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

## Á allra vörum í vikunni á RÚV




Söfnun fyrir átakið Eitt líf, þar sem unnið er að forvarna- og fræðslustarfi gegn vímuefnanotkun barna og ungmenna.

**Endalaust útvarp**
10.-13. september

Dagskrárgerðarfólk RÚV núll sendir út sleitulaust í þrjá sólarhringa 10.-13. september og fær fjölda góðra gesta í hljóðver. Bein útsending í streymi RÚV núll á ruv.is og í sjónvarpi á RÚV 2.

**Vaknaðu!**
Fimmtudag kl. 20

Umræðuþáttur í beinni útsendingu á RÚV um fíkniefnaneyslu ungmenna á Íslandi í umsjón Sigmars Guðmundssonar og Snærósar Sindradóttur.

**Á allra vörum**
Föstudag kl. 13-18

Dagskrárgerðarfólk Rásar 2 leggur átakinu lið og stendur fyrir söfnunarþætti í beinni útsendingu á föstudag.

NÚLL RÚV RÁS 2

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## RÚV SJÓNVARP

**10.50 HM í körfubolta** Bein útsending frá leik Bandaríkjanna og Frakklands í 8-liða úrslitum á HM karla í körfubolta.
**12.50 HM í körfubolta** Bein útsending frá leik Ástralíu og Tékklands í 8-liða úrslitum á HM karla í körfubolta.
**14.50 Með okkar augum**
**15.20 Óvæntur arfur** Sænskir þættir þar sem þáttarstjórnendurnir Kattis Ahlström og Niklas Källner leita uppi fólk sem á rétt á arfi en veit ekki af því. e.
**16.20 Baráttan við aukakílóin** Breskir þættir um megrun, mataræði og þyngdartap þar sem þátttakendur prófa nokkra vinsæla megrunarkúra. e.
**17.15 Matarmenning – Kál** Fróðlegir danskir þættir þar sem þáttastjórnendur rannsaka matinn sem við borðum dags daglega. e.
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Tímon & Púmba** Vinirnir Tímon og Púmba sem fyrst sáust í Konungi ljónanna ferðast um heiminn og bralla ýmislegt misgáfulegt.
**18.18 Sígildar teiknimyndir Sígildar teiknimyndir úr safni Disney-samsteypunnar.**
**18.25 Lílo og Stitch** Þættirnir fjalla um Stitch, litla bláa geimveru sem er afrakstur genarannsókna, og Lilo, unga stelpu frá Hawaii sem vingast við Stitch þegar hann er gerður útlægur frá reikistjörnu sinni.
**18.50 Krakkafréttir** Fréttaþáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Umsjón: Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Sævar Helgi Bragason.
**18.54 Víkinglottó**
**19.00 Fréttir**
**19.20 Íþróttir**
**19.25 Veður**
**19.30 Stefnuræða forsætisráðherra** Bein útsending frá Alþingi þar sem Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra flytur stefnuræðu sína og fram fara umræður um hana.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Þrælaslóðir** Heimildarþáttaröð í fjórum hlutum sem rekur sögu þrælaviðskipta í heiminum, allt frá sjöundu til nítjándu aldar, og leitast við að svara því hvers vegna Afríka varð skjálftamiðja þessara viðskipta. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.15 Haltu mér, slepptu mér** Sjötta þáttaröð af þessum rómantísku gamanþáttum um pör sem tengjast innbyrðis í Manchester á Bretlandi. Þáttaröðin gerist rúmum áratug eftir lok síðustu þáttaraðar og nú eru pörin komin á miðjan aldur og glíma við ný vandamál. Leikarar: Leikarar: James Nesbitt, John Thomson, Fay Ripley, Robert Bathurst og Hermione Norris.
**00.00 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**09.00** Presidents Cup 2017
**10.50** Presidents Cup 2017 - Official Film
**11.40** Golfing World 2019
**12.30** PGA Special: Coming Home
**13.15** LPGA Tour 2019
**18.10** Solheim Cup 2017
**20.15** Golfing World 2019
**21.05** Cambia Portland Classic
**23.10** Golfing World 2019

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Dr. Phil
**08.41** The Tonight Show
**09.23** The Late Late Show
**10.03** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.25** The King of Queens
**12.47** How I Met Your Mother
**13.09** Dr. Phil
**13.50** Fam
**14.11** The Orville
**14.57** 90210
**16.00** Malcolm in the Middle
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** The King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** American Housewife
**20.10** George Clarke's Old House, New Home
**21.00** Chicago Med
**21.50** The Fix
**22.35** Charmed
**23.20** The Tonight Show
**00.05** The Late Late Show
**00.50** NCIS
**01.35** The Passage
**02.30** In the Dark
**03.15** The Code
**04.00** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins
**06.50** Morgunvaktin
**07.00** Fréttir
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.00** Fréttir
**09.05** Segðu mér
**09.45** Morgunleikfimi
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Á reki með KK
**11.00** Fréttir
**11.03** Mannlegi þátturinn
**12.00** Fréttir
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**12.55** Samfélagið
**14.00** Fréttir
**14.03** Tónlist frá A til Ö
**15.00** Fréttir
**15.03** Samtal
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**17.03** Lestin
**18.00** Spegillinn
**18.30** Stormsker
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**20.35** Mannlegi þátturinn
**21.35** Kvöldsagan: Svipir dagsins og nótt
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Samfélagið
**23.00** Lestin
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.00** The Circle
**12.50** Broken Flowers
**14.35** Charlie and the Chocolate Factory
**16.30** The Circle
**18.20** Broken Flowers
**20.05** Charlie and the Chocolate Factory
**22.00** The Fate of the Furious
**00.15** Between Two Worlds
**01.55** Swiss Army Man
**03.35** The Fate of the Furious

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Friends
**07.45** Gilmore Girls
**08.25** Ellen
**09.10** Bold and the Beautiful
**09.30** Mom
**09.50** The Last Man on Earth
**10.15** Fresh Off The Boat
**10.35** Einfalt með Evu
**11.00** God Friended Me
**11.45** Bomban
**12.35** Nágrannar
**13.00** Hvar er best að búa
**13.45** I Own Australia's Best Home
**14.35** The Great British Bake Off
**15.35** Arrested Developement
**16.00** Born Different
**16.30** Stelpurnar
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Veður
**19.25** Víkingalottó
**19.30** First Dates
**20.20 Ísskápastríð** Þriðja þáttaröðin af Ísskápastríði en í þáttunum fá Eva Laufey og Gummi Ben til sín þjóðþekkta einstaklinga sem keppa í matargerð. Um er að ræða létta og skemmtilega þætti, sem snúast ekki bara um eldamennsku heldur einnig skemmtilegar umræður, grín og glens. Keppendur velja sér ísskáp sem ýmist inniheldur hráefni fyrir forrétt, aðalrétt og eftirrétt sem þau eiga matreiða á fyrirfram ákveðnum tíma. Dómarar þáttanna eru Siggi Hall og Hrefna Sætran.
**21.00** Veronica Mars
**21.45** Wentworth
**22.35** You're the Worst
**23.10** Burðardýr
**23.45** Alex
**00.35** Animal Kingdom
**01.25** Warrior
**02.10** Pretty Little Liars: The Perfectionists
**02.50** Pretty Little Liars: The Perfectionists
**03.35** Pretty Little Liars: The Perfectionists
**04.20** Pretty Little Liars: The Perfectionists

## STÖÐ 3

**19.10** Mom
**19.35** The Big Bang Theory
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Two and a Half Men
**21.15** Roswell, New Mexico
**22.00** Westworld
**23.00** iZombie
**23.45** Réttur
**00.30** Mom
**00.55** The Big Bang Theory
**01.15** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

**07.20** Georgía - Danmörk
**09.00** England - Kósóvó
**10.40** Albanía - Ísland
**12.20** Undankeppni EM - Mörkin
**12.45** Manstu
**13.35** ÍBV - Stjarnan
**15.05** England - Kósóvó
**16.45** Albanía - Ísland
**18.25** Undankeppni EM 2020 - Markaþáttur
**19.15** FH - Selfoss
**21.15** Seinni bylgjan
**22.45** Jacksonville Jaguars - Kansas City Chiefs
**01.05** Dallas Cowboys - New York Giants

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# SÖLUSÝNING 11. SEPT

## Frá 16:00 - 17:00

Glæsilegar og vandaðar íbúðir í hjarta Reykjavíkur
Fjölbreyttar stærðir íbúða frá 75 – 232 m²
Allar innréttingar og tæki sérvaldar af innanhúsarkitekt
Frábær staðsetning í nálægð við menningu, sögu, verslun og þjónustu með iðandi mannlíf allt í kring
Stór bílastæðakjallari er undir Hafnartorgi
**Sýningaríbúð verður í Geirsgötu 4, íbúð 407**

Frítt að leggja í bílakjallara Hafnartorgs á milli 16:00 og 19:00 á sýningardegi



HAFNARTORG
REYKJAVÍK

HAFNARTORG.IS



**Pan Thorarensen skipuleggjandi hátíðarinnar en nafnið Pan kemur úr grísku goðafræðinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hátíð drifin áfram af áhuga og ástríðu

**Pan Thorarensen** stendur að raftónlistarhátíðinni Extreme Chill Festival nú í vikunni en hann kom henni á laggirnar ásamt fjölskyldu sinni og vinum fyrir tæpum áratug.

Pan Thorarensen hefur fyrir utan frjótt samstarf við föður sinn Óskar Thorarensen í hljómsveit Þorkels Atlasonar, Stereo Hypnosis, framleitt og gefið út plötur undir ýmsum merkjum. Hann hefur einnig fengist við tónlist í stuttmynda- og heimildarmyndagerð og gefið út fjöldann allan af tónlistarverkum. Síðastliðinn áratugur hefur svo heilmikið farið í ferðalög að sögn Pan en hann hefur spilað á fjölda tónlistarhátíða í Evrópu, Kanada, Bandaríkjunum og jafnvel Íran.

„Hátíðin og starfið í kringum hana hefur leitt af sér fjölda útgáfa, tónleika, ferðalaga erlendis og samstarfs við erlenda sem innlenda tónlistarmenn að ótöldum ógleymanlegum uppsetningum á hátíðum erlendis og innanlands,“ segir Pan.

Upphaf hátíðarinnar má rekja til ársins 2009 þegar Pan var staddur á Hellissandi ásamt föður sínum Óskari við upptökur á plötu Stereo Hypnosis, Hypnogogia. „Við fjölskyldan vorum þá á göngu þegar við rákumst á fallega félagsheimilið Röst og kviknaði þá sú hugmynd að halda útgáfutónleikana okkar þar þá um haustið. Andrúmsloftið og umhverfið var svo stórfenglegt, sérlega með ambient tónlistinni, að við ákváðum að gera meira úr þessu og ári seinna var fyrsta hátíðin haldin undir jökli.

**Rafræn Reykjavík**

Extreme Chill er raftónlistarhátíð í grunninn en síðustu ár höfum við verið að fara meira út í experimental tónlist, klassíska, ambient og alveg út í tilraunakenndan djass, sem opnar náttúrlega fleiri dyr fyrir okkur og hlustandann.“

**ÞESSI TÓNLIST SEM VIÐ LEGGJUM ÁHERSLU Á PASSAR EINHVERRA HLUTA VEGNA ILLA INN Í ÞÆR HÁTÍÐIR OG ÞÁ FLOKKA SEM FÓLK ÞEKKIR OG FLOKKAR TÓNLIST Í. TÓNLIST ÞARF EKKI ENDILEGA AÐ VERA SPILUÐ Á HLJÓÐFÆRI TIL AÐ VERA TÓNLIST.**

Markmið hátíðarinnar er að kynna íslenska og erlenda raftónlistarmenn og tengja saman ólík listform, hljóðheim raftónlistarinnar og lifandi myndheim, ásamt því að vekja athygli á rafrænni Reykjavík, raftónlistarhöfuðborg Íslands.

Pan segir hópinn sem sækir hátíðina vera breiðan; allur aldur og öll kyn. „Við höfum séð unga krakka sem hafa áhuga á raftónlist koma á hátíðina og svo allt upp í eldra fólk. Aldurinn færist líka ofar þegar tíminn líður og fólkið sem var 25 ára þegar fyrsta hátíðin var haldin er núna 35 ára og er enn þá að koma. Það er alltaf eitthvað nýtt að sjá og heyra enda um að ræða tónlistarstefnu í stöðugri þróun svo fólk kemur aftur og aftur.“

Aðalnúmer hátíðarinnar í ár er bandið Tangerine Dream sem er stærsta rafsveit allra tíma og hefur verið að frá árinu 1967. „Við erum að sjá nýja hópa kaupa miða, fólk sem hlustaði á þá á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. En einnig ungt fólk sem er vel að sér í tónlistarsögunni og veit að hér er á ferð band sem hefur haft mikil áhrif í tónlistarheiminum í gegnum tíðina og er enn að hafa áhrif.“

**Nafnið passar áru hátíðarinnar**

Pan segir vöntun hafa verið á andstæðunni við þær hátíðir sem voru fyrir þar sem áherslan var á popptónlist, indí, danstónlist, djass, blús, þungarokk og klassík. „Þessi tónlist sem við leggjum áherslu á passar einhverra hluta vegna illa inn í þær hátíðir og þá flokka sem fólk þekkir og flokkar tónlist í. Tónlist þarf ekki endilega að vera spiluð á hljóðfæri til að vera tónlist. Það að vinna hljóðheima og tónlist í tölvu hefur verið gert síðustu áratugi og verður gert áfram og það er nauðsynlegt að gera þessari tegund hátt undir höfði líka.

**ANDRÚMSLOFTIÐ OG UMHVERFIÐ VAR SVO STÓRFENGLEGT, SÉRLEGA MEÐ AMBIENT TÓNLISTINNI, AÐ VIÐ ÁKVÁÐUM AÐ GERA MEIRA ÚR ÞESSU OG ÁRI SEINNA VAR FYRSTA HÁTÍÐIN HALDIN UNDIR JÖKLI.**

Extreme Chill er svo gott nafn sem lýsir „árunni“ eða yfirbragðinu á hátíðinni ef svo má segja og allir skilja það, hvort sem um Íslendinga eða útlendinga er að ræða,“ útskýrir Pan en þó nokkuð af erlendum gestum sækir hátíðina ár hvert.

**Fókusinn ekki á gróða**

Hátíðin var haldin úti á landi fyrstu árin enda segir Pan það hafa passað rólegu yfirbragði hennar vel. „En með auknum áhuga erlendra og íslenskra gesta síðustu ár færðum við hátíðina til Reykjavíkur til að auðvelda fólki aðgengi að einstaka viðburðum. Hátíðin stendur yfir frá fimmtudegi til sunnudags á sjö mismunandi stöðum í borginni og engir tveir viðburðir eru á sama tíma.

Þetta er „non profit“ fjölskyldurekin hátíð þar sem fókusinn er ekki á gróða heldur að gera okkar besta í að koma ýmsum raftónlistarstefnum og tónlistarfólki á framfæri. Þessi hátíð er drifin áfram af einskærum áhuga og ástríðu.“

Miðasala er á midi.is og heimasíða Extreme Chill er extremechill.org. **bjork@frettabladid.is**


NÝTT BRAGÐ
BUFFALO
BORGARI
1.299 kr.
Original kjúklingaborgari með
buffalo sósu, káli og léttmæjónesi.
KFC
1.999 kr.
Buffalo borgari, 3 Hot Wings, franskar,
gos og Lindu appelsínusúkkulaði.
APPELSÍNU
SÚKKULAÐI MEÐ APPELSÍNUBRAGÐI


TACO BELL
GORDITA
Supreme
Gordita Supreme, Baja
eða Osta nachos
629 KR.
Tvær Gordita Supreme, Baja eða Osta nachos,
Fiesta kartöflur, gos og Lindu appelsínusúkkulaði.
1.799 KR.
TACOBELL.IS
HAFNARFIRÐI | GRAFARHOLTI



Ofvirki borgarfulltrúinn Aron Leví veður í málverkin og gefur skít í hvað öðrum finnst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Pólitískur listmálari gefur skít í aðfinnslur

**Aron Leví Beck** fann tónlistina óvænt í genunum. Greindist ungur með ADHD. Opnaði þrjár málverkasýningar í sumar og ætlar að bretta upp ermar sem nýr borgarfulltrúi Samfylkingarinnar.

Aron Leví Beck Rúnarsson stígur af varaborgarfulltrúabekknum í næsta mánuði og tekur sæti í borgarstjórn fyrir Samfylkinguna. Þótt hann sé trúr jafnaðarmennskunni er hann sem myndlistarmaður, byggingafræðingur, tónlistarmaður, formaður Félags ungra jafnaðarmanna í Reykjavík og kórsöngvari í Fóstbræðrum, síður en svo við eina fjölina felldur í lífi og leik.

„Þetta er þriðja sýningin í sumar og um leið sú þriðja frá upphafi,“ segir hann um Splash 3x10 sem hann var að opna í Gallerí O sem Regus á Íslandi hýsir í Ármúla 6.

„Ég bý í lítilli íbúð með kærustunni og strákunum okkar tveimur þannig að það er rosalega gott að vera með þetta hangandi til sýnis úti í bæ svo maður þurfi ekki að vera með þetta allt heima.“

## Margir penslar á lofti

Þrjár sýningar á stuttum myndlistarferli segja sitt um hversu ákafur Aron Leví er þegar sá gállinn er á honum. „Ég er búinn að vera í þriggja mánaða fæðingarorlofi og hef haft nægan tíma til að mála þannig að ég myndi segja að þróunin hjá mér hafi verið nokkuð hröð.

Þótt mánuðirnir séu ekki endilega margir þá eru fjölmargar klukkustundir á bak við þetta og allur frítími minn,“ segir myndlistarmaðurinn sem nýtur þess að nýjasti fjölskyldumeðlimurinn er sérstaklega vær og sefur vel.

Aron Leví útilokar ekki að ofvirknin og athyglisbresturinn hafi þarna einhver áhrif enda hafi hann alla tíð haft tilhneigingu til þess að sökkva sér á bólakaf í það sem grípur huga hans hverju sinni.

> MAÐUR ER ÞARNA TIL ÞESS AÐ GERA GAGN OG ÞETTA SNÝST EKKI UM MIG HELDUR AÐ GETA BRETT UPP ERMARNAR OG UNNIÐ AÐ ÞVÍ AÐ GERA HLUTINA BETRI EN ÞEIR ERU OG ÞAÐ ER EILÍFÐARVERKEFNI.

„ADHD hefur náttúrlega gríðarleg áhrif á líf fólks og það er alveg hægt að segja að það sé gaman að vera með ADHD en í stóra samhenginu er það ekki raunin og þetta snýst um að finna styrkleikana sína og halda áfram að þroskast og læra. Það hefur náttúrlega verið mikil vitundarvakning í samfélaginu undanfarin ár en að sama skapi þá eru enn þá gamlir fordómar víða en eru vonandi að deyja út.“

## Ákafur borgarmálari

Aron Leví náði kjöri sem varaborgarfulltrúi fyrir Samfylkinguna í fyrravor en tekur sæti sem borgarfulltrúi í október. „Ég er ótrúlega ánægður með það sem hefur verið að gerast í Reykjavík undanfarin misseri og það er bara frábært og skemmtilegt að fá að taka meiri og virkari þátt í því að bæta borgina.

Maður er þarna til þess að gera gagn og þetta snýst ekki um mig heldur að geta brett upp ermarnar og unnið að því að gera hlutina betri en þeir eru og það er eilífðarverkefni.“

## Hlustar á sjálfan sig

Þegar Aron Leví mundar penslana segist hann njóta þess að vera lærður málarameistari þótt olía á striga hafi ekki fangað hug hans fyrr en í seinni tíð. „En ég hef því þekkingu og gott vald á verkfærunum og efnunum þannig að það vefst ekkert fyrir mér að koma hugmyndum mínum á striga. Ég hef líka leyft mér að mála það sem ég vil og gef bara algeran skít í það þótt einhverjir lærðir myndlistarmenn ranghvolfi örugglega augunum yfir sýningunni.

Verkin eru bara einhvern veginn sköpun hvers tíma sem fer eftir því hvernig mér líður og hvað mig langar til að búa til. Maður veit aldrei hvaða viðbrögð verkin eru að vekja hjá fólki og þess vegna er mikilvægt að hlusta bara á sjálfan sig í þessu,“ segir Aron Leví og bendir á þann kost að hann þurfi ekki að draga fram lífið á myndlistinni.

## Tónlistin í genunum

Aroni Leví finnst langskemmtilegast að mála abstrakt myndir á stóran striga. „Það er kannski asnalegt að segja það en að vinna abstrakt myndir er pínu eins og að spila á píanó og reyna að hitta á réttu nóturnar til þess að verkið gangi upp.“

Þegar Aron Leví var átján ára kom í ljós að hann hafði verið rangfeðraður og að tónlistaráhuginn hafi í raun verið honum í blóð borinn þar sem í ljós kom að tónlistarmaðurinn Rúnar Þór Pétursson væri blóðfaðir hans.

„Það skýrði margt þegar þetta kom í ljós og ég eignast sex ný systkini sem spila öll á hljóðfæri og pabbi minn er náttúrlega frábær tónlistarmaður og bara frábær maður,“ segir Aron Leví sem sjálfur spilar á gítar, bassa og harmóníku auk þess að mála, syngja og brenna fyrir borgarmálum.

toti@frettabladid.is


OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA Láttu drauminn rætast

Fjörugt haust í fjórum búðum

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði




September tilboðin { KOMDU NÚNA }

NATURE'S REST heilsurúm m/Classic botni




Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

| Stærð í cm | Fullt verð með Classic botni | DORMA HAUSTTILBOÐ |
|---|---|---|
| 80x200 | 55.900 | 44.720 |
| 90x200 | 59.900 | 47.920 |
| 100x200 | 63.900 | 51.120 |
| 120x200 | 69.900 | 55.920 |
| 140x200 | 79.900 | 63.920 |
| 160x200 | 89.900 | 71.920 |
| 180x200 | 99.900 | 79.920 |

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar á $m^2$
- Góðar kantstyrkingar

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18.30
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA Láttu drauminn rætast



HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.




Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


Fjarðarkaup og Góa kynna með stolti
Jólagestir Björgvins
21. - 22. DESEMBER Í HÖRPU
MIÐASALA HEFST Á
Á MORGUN KL. 12!
PÓSLISTAFORSALA HEFST Í DAG KL. 10
AUÐUR · BIRGITTA HAUKDAL · FRIÐRIK ÓMAR · GDRN · GISSUR PÁLL · JÓN JÓNSSON
SVALA · ÞÓRA EINARSDÓTTIR · JÓLASTJARNAN 2019
STÓRSVEIT JÓLAGESTA UNDIR STJÓRN ÞÓRIS BALDURSSONAR · STRENGJASVEIT UNDIR STJÓRN GEIRÞRÚÐAR ÁSU GUÐJÓNSDÓTTUR · REYKJAVÍK GOSPEL COMPANY UNDIR STJÓRN ÓSKARS EINARSSONAR
KARLAKÓRINN ÞRESTIR UNDIR STJÓRN ÁRNA HEIÐARS KARLSSONAR · BARNAKÓR KÁRSNESSKÓLA UNDIR STJÓRN ÁLFHEIÐAR BJÖRGVINSDÓTTUR · DANSARAR ÚR DANSSKÓLA SIGURÐAR HÁKONARSONAR
HANDRIT BJÖRN G. BJÖRNSSON LEIKSTJÓRN GUNNAR HELGASON
Góa Stofnað 1968
FK FJARÐARKAUP
Miðasala fer fram á harpa.is/jolagestir og í síma 528 5050
Nánar um póstlistaforsöluna á senalive.is/jolagestir og jolagestir.is
sena LIVE!

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Davíðs Þorlákssonar




## Fordómar fordæmdir

Þjóðernisfélagshyggjumenn eru að reyna að ryðja sér til rúms á Íslandi. Þeir hafa opnað vef, mætt á fjölfarna staði og gengið í hús til að breiða út boðskap sinn um andúð gegn útlendingum. Þessir hópar hafa ekki verið áberandi hér á landi hingað til en það er áhyggjuefni ef þeir ná sömu fótfestu hér og í mörgum nágrannalöndum okkar. Innflytjendur auðga menningu okkar og örva efnahagslífið.

Það er mikilvægt að gera greinarmun á skoðunum og fordómum. Fordómar eru ekki skoðanir heldur lífssýn sem fólk þróar með sér til dæmis vegna vanþekkingar, ótta við hið óþekkta eða óánægju með hlutskipti sitt í lífinu. Það er því í sjálfu sér engin þörf á því að sýna fordómum sömu virðingu og fólki sem hefur bara aðrar skoðanir en maður sjálfur og fordómar þurfa því ekki endilega að njóta jafn ríkrar verndar á grundvelli skoðanafrelsis.

Sumir hafa keppst við að fordæma þetta fólk á samfélagsmiðlum með upphrópunum. Það er auðvitað alltaf freistandi að koma því á framfæri að maður sé betri en einhverjir aðrir. Ég efast hins vegar um að það sé mjög líklegt til árangurs. Fólk er ekki líklegt til að skipta um skoðun eða sýn á lífið við það að vera uppnefnt eða að öskrað sé á það.

Eins erfitt og það kann að vera þá er nauðsynlegt að hlusta á þetta fólk og ræða við það af yfirvegun og á jafningjagrundvelli. Fræðsla og aukin þekking á öðrum menningarheimum er lykillinn að því að berjast gegn fordómum.








